

UNA SÆRÚN JÓHANNSDÓTTIR
Taj Mahal stóð alveg undir væntingum
ferðir bílar heimili
allt í MIÐJU BLADSINS



VETRARLÍF
Hanakambar og tjullpils í brautinni
Sérblað um vetraríþróttir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europpris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. febrúar 2008 – 57. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Pólskur Cleese

John Cleese skiptir frá Kaupþingi yfir í pólskan banka.

FÓLK 26



Sjaldan fellur eplið...

Úlfar Þormóðsson telur bloggdom yfir syni sínum opna fyrir flóðgáttir.

FÓLK 34

Fagnar með fólkinu

Háskólinn á Bifröst er 90 ára.

TÍMAMÓT 22



Vilja nota sína velli

Nýliðar Þróttar og Fjölnis þurfa að laga margt á sínum heimavöllum fyrir Landsbankadeildina í sumar.

ÍÞRÓTTIR 30



VEÐRIÐ Í DAG



SNJÓKOMA Í KVÖLD Í dag verða vestan 8-13 m/s allra syðst og síðan austan til síðdegis, annars hægari. Skýjað með köflum suðaustan til, annars él. Fer að snjóa sunnan- og vestanlands í kvöld. Frost 0-8 stig.

VEDUR 4

STJÓRNUN OG STJÓRNANDINN

Næsta námskeið
3. mars

Skráning á www.idan.is



Íbúðalán bankanna í sögulegu lágmarki

Útlán bankanna vegna íbúðalána hafa aldrei verið færri, samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands. Mjög rólegt á fasteignamarkaði, segir forstjóri Íbúðalánasjóðs. Lítil eftirspurn eftir dýrum lánnum, segir Ásgeir Jónsson hjá Kaupþingi.

VIÐSKIPTI Íslenskir bankar veittu 122 sinnum lán til fasteignakaupa í janúar. Það eru næstum tvöfalt færri lán en í desember í fyrra en þá veittu bankarnir 221 lán til fasteignakaupa. Þetta sýna tölur um útlán bankanna sem Seðlabanki Íslands tók saman fyrir Fréttablaðið í gær.

Aldrei fyrr hafa jafn fá lán verið veitt í mánuði, frá því að bankarnir hófu að veita fasteignalán. Samtals var lánað fyrir rúmlega 850 milljónir króna í janúar samanborið við 1,7 milljarða í desember sem þá var það lægsta síðan bankarnir hófu að veita íbúðalán í ágúst 2004. Heildarlán vegna fasteignakaupa í janúar

í fyrra námu 2,6 milljörðum en að meðaltali hafa bankarnir lánað fyrir 9,7 milljarða á mánuði frá því þeir hófu lán til fasteignakaupa. Mest var lánað fyrir 33 milljarða á mánuði í október 2004, sem er tæplega fjórútiú sinnum meira en í janúar á þessu ári.

Heldur líflegra var hjá Íbúðalánasjóði í janúar en hjá bönkunum en útlán sjóðsins námu 4,5 milljörðum. Að sögn Guðmundar Bjarnasonar, forstjóra Íbúðalánasjóðs, finna menn þar á bæ mikið fyrir því að verulega hafi hægst á Fasteignamarkaðnum. „Það sem af er þessum mánuði hefur verið mjög rólegt hjá okkur. Greinilegt er að fasteignamarkaðurinn er

hægur nú um stundir. Það getur verið gott að kæla niður markaðinn ef þörf er á því en ef hann frýs geta skapast vandamál. Þá fellur verðið hratt og fólk getur lent í fjárhagskröggum,“ segir Guðmundur.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir minnkandi útlán til íbúðakaupa vera afleiðingu minni eftirspurnar vegna dýrra lána. „Það er lítil velta á fasteignamarkaði auk þess sem bankarnir hafa gefið þau skilaboð að þeir séu orðnir íhaldssamir á lán. Lánin eru líka dýr um þessar mundir og það dregur úr eftirspurninni.“

- mh / sjá síðu 6



INGIBJÖRG SÓLRÚN Utanríkisráðherra hitti framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í New York í gær.

Utanríkisráðherra í New York:

Líst vel á Ban Ki-moon

UTANRÍKISMÁL „Mér líst vel á Ban Ki-moon og hef fulla trú á því að hann láti verkin tala í þeim málum sem hann hefur gert að sínum, loftslagsbreytingum og ofbeldi gegn konum,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra að loknum fundi sínum með framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í gær.

Ingibjörg kvað merkilegt hve mikill samhljómur hefði verið í áherslum framkvæmdastjórans og hennar. Kom þeim vel saman og fundurinn, sem átti að vara í tuttugu mínútur, stóð yfir í fimmtíu mínútur. Meðal annarra umræðuefna var hlutur kvenna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og jarðvarmanýting Íslendinga. - kóp

Nýjungar í Háskóla Íslands:

Örvhentir og blindir ánægðir

FÓLK Örvhentir nemendur við Háskóla Íslands taka þeim breytingum sem hafa verið gerðar á nýjum kvikmyndasölum Háskólabíós fagnandi.

Nýjum sætum með borðum fyrir örvhenta hefur verið komið fyrir í hverri sætaröð og eiga þeir því auðveldara með en áður að glósa í fyrirlestur. „Að sjálfsögðu er þetta mikil búbot,“ segir Björg Magnúsdóttir, nýkjörinn formaður Stúdentaráðs. Auk þess hafa nýjar blindraletursmerkingar á byggingum Háskólans haft góð áhrif og þegar hafa tveir blindir einstaklingar skráð sig í skólann í kjölfar þeirra. - fb / sjá síðu 34



VERÐLAUN Anne Marie Reinholdtsen, majór hjá Hjálpræðishernum, tekur í hönd Ólafs Ragnars Grímssonar forseta við verðlaunaafhendinguna í gær. Með henni eru, frá vinstri, Aslaug Langgaard, Harold J. Reinholdtsen og Elsabet Daniélsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Forseti Íslands veitti Hjálpræðishernum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í gær:

Starfið snertir alla sem því kynnast

VERÐLAUN „Við eigum öll minningar um tengsl okkar við Hjálpræðisherinn,“ sagði forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, við afhendingu Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins í Þjóðmenningarhúsinu í gær. „Starf hans snertir alla sem því kynnast og er sannarlega ríkur þáttur í skilningi okkar Íslendinga á því hvað sé að vera hinn miskunnarsami Samverji og

sinna góðum verkum.“

Hjálpræðisherinn hlaut verðlaunin fyrir meira en hundrað ára starfsemi hérlendis í þágu þeirra sem minnst mega sín.

Í ræðu sinni rifjaði Ólafur Ragnar meðal annars upp kynni sín af starfsemi hersins sem ungur maður á Ísafirði, og heimsókn sína og Dorritar Moussaieff forsetafrúar til Hjálpræðishersins á aðfangadags-

kvöld fyrir nokkrum árum. Hann hrósaði einnig framtaki Fréttablaðsins með verðlaununum. Þó að fjölmiðlar flytji mikið af slæmum fregnum sé mikilvægt að gleyma ekki að taka eftir því góða sem gert sé í samfélaginu. „Þótt ekki séu mörg ár síðan þessari hugmynd var ýtt úr vör þá hefur hún á einhvern hátt snert strengi í brjóstum þjóðarinnar.“

- sfs / sjá síðu 12

Bláu húsin við Faxan og Stjórnungringlunni

TILBOÐ #3
Pizzasneið, salat og gosglas á 650 kr.

sbarro

Stjórnutorgi Kringlunni • Bláu húsunum Faxafeni • www.sbarro.is

Rannsóknir sýna að **mjólk** er rík af vítamínum og steinefnum og einn næringarríkasti drykkur sem völ er á.

ms.is

MIÐASALAN ER HAFIN!

www.listahatid.is & www.midi.is



Amiina í frábærum félagsskap Amiina, Kippi og vinir í Undralandi

Amiina í góðum félagsskap Kippa Kanínusar, Orra Páls Dýrasonar, Kjartans Sveinssonar, Samúels J. Samúelssonar og margra annarra framúrskarandi tónlistarmanna.

Hafnarhúsportið 15. & 16. maí | Miðaverð: 3.000



Roger Hiorns / Object - manipulated growth © 2007 Serpentine Gallery, Ljósmynd: Alastair Fyfe.

MYNDLIST 2008

Umfangsmesta myndlistarhátíð sem haldin hefur verið opnar á yfir 20 sýningarstöðum dagana 15. -18. maí. Aðgangur ókeypis. Sjá myndlistardagskrá á www.listahatid.is



Ein skærasta stjarna söngheimsins!

Einsöngstónleikar Denyce Graves mezzsópran

Denyce Graves kom fram á minningartónleikum um þá sem létu lífið í hryðjuverkaárásunum 11. september og sjónvarpað var um allan heim. Hún er nú menningarsendiherra Bandaríkjanna. Háskólabíó 1. júní | Miðaverð: 6.800 / 6.200



Ferð án fyrirheits – tónleikar tileinkaðir Steini Steinarr

Í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá fæðingu Steins Steinarrs flytja Jón Ólafsson og fleiri þjóðþekktir tónlistarmenn þekktustu löggin við ljóð hans í bland við ný lög eftir þá Jón og Sigurð Bjólu við ljóð skáldsins. Íslenska óperan: 29. & 30. maí | Miðaverð: 3.900



Stórmeistari djassins

Wayne Shorter kvartetttinn

„WAYNE SHORTER ER EINN FÁRRA SEM SKRIFAÐI TÓNLIST FYRIR MILES [DAVIS] SEM HANN VILDI EKKI BREYTA.“ HERBIE HANCOCK Háskólabíó 24. maí | Miðaverð: 6.200 / 5.700



Litið um öxl á ferli eins virtasta tónskálds Íslands

Afmælistónleikar tileinkaðir Porkeli Sigurbjörnssyni. Sigurbjörn Bernharðsson, fíðla og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó. Íslenska óperan 4. júní | Miðaverð: 3.000 Laugarborg, Hrafnagili 5. júní. Miðasala í Laugarborg.



Dillandi gumbé

Super Mama Djombo frá Gíneu-Bissá

Ein vinsælasta hljómsveit Afríku kynnir tónlist sína á Listahátíð. Nasa 30. & 31. maí | Miðaverð: 2.500



Eyjastökk / Inselhopping

Samvinnuverkefni Egils Sæbjörnssonar og slagverkskvartettsins Percusemble Berlín. Ný verk eftir Atla Heimi Sveinsson ofl. Hafnarhúsportið 19. maí | Miðaverð: 2.500



Smaragðsdýpið – barnasýning

Ferðast um undirdjúpin með tónlist, brúðuleik og sjónlist. Í samstarfi við Skólatónleika á Íslandi. Miðasala auglýst síðar.

Dagbók Önnu Frank - í flutningi Þóru Einarsdóttur

Einsöngsópera eftir Grigori Frid í flutningi Þóru Einarsdóttur sem hlotið hefur frábæra dóma. Íslenska óperan 25. maí | Miðasala á www.opera.is

Ambra – heimsfrumsýning á Listahátíð!

Íslenski dansflokkurinn og Carte Blanche Bergen. Tveir af helstu dansflokkum Norðurlanda sameinast í stórverkefninu Ambra. Samvinnuverkefni dansflokka tveggja og Listahátíðar í Reykjavík og Listahátíðarinnar í Bergen. Miðasala á www.id.is | Borgarleikhúsið 23., 24. & 25. maí



Bang Gang, Keren Ann, Lady & Bird og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Þarf nokkuð að segja meira!
Í Háskólabíó 5. júní | Miðasala á www.sinfonia.is

Miðasalan er hafin!

Miðasalan fer fram á www.listahatid.is og í síma 552 8588 alla virka daga frá kl. 10-14. Miðasala á viðburði Listahátíðar fer einnig fram á www.midi.is

www.listahatid.is

Á www.listahatid.is færðu nánari upplýsingar um alla viðburði Listahátíðar 2008, þar með talið þær fjölmörgu myndlistarsýningar sem opna á hátíðinni 15.-18. maí. Þar er einnig hægt að skoða myndbrot og fjölda ljósmynda.



GENGIÐ 26.02.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP SALA |
|---------------------------------|----------------------|
| Bandaríkjadalur | 65,82 66,14 |
| Sterlingspund | 129,76 130,4 |
| Evra | 97,84 98,38 |
| Dönsk króna | 13,119 13,195 |
| Norsk króna | 12,409 12,483 |
| Sænsk króna | 10,536 10,598 |
| Japanskt jen | 0,6096 0,6132 |
| SDR | 104,61 105,23 |
| GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR | |
| 128,6169 | |
| HEIMILD: Seðlabanki Íslands | |

Fékk þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi og var svipt ökuleyfi í eitt ár:

Kona dæmd í þvagleggsmáli



DÓMSMÁL Kona á fertugsaldri hefur verið dæmd í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi og svipt ökuleyfi í eitt ár í þvagleggsmálinu svokallaða. Hún var fundin sek um að hafa ekið undir áhrifum áfengis og að hafa hótað lögreglumönnum auk þess að hrækja framan í einn þeirra.

Atvikið átti sér stað í mars á síðasta ári þegar lögregluþjónar komu að konunni undir stýri eftir að hún hafði ekið út af veginum við Þingborg. Vegna gruns um áfengisdrykkju var konan flutt á lögreglustöðina á Selfossi. Þar var meðal annars tekið úr henni þvag-sýni með þvaglegg án hennar

Í DÓMSMÁL Konan ásamt verjanda sínum, Jóni Egilssyni, við aðalmeðferð málsins í Héraðsdómi Suðurlands fyrr í þessum mánuði.

samþykkis. Reyndist töluvert magn af alkóhóli í blóði konunnar. Fyrir dómi sagðist konan hafa

drukkið tvö rauðvínsglós tveimur tímum áður en hún settist undir stýri. Síðan hafi vegfarandi gefið henni áfengi að drekka eftir að hún ók út af. Annað muni hún ekki af vettvangi slyssins.

Aðspurð neitaði konan að hafa haft í hótunum við lögreglumenn og að hafa hrækt framan í einn þeirra, en mundi að öðru leyti ekki eftir atvikunum. Hún var sakfelld fyrir þá liði ákærunnar út frá vitnisburði lögreglu- og sjúkráflutningamanna.

Konan var auk þess látin greiða 160 þúsund króna sekt til ríkissjóds og allan sakarkostnað, um 350 þúsund krónur.

Sultartangastöð:
Framleiðir á ný
ORKUMÁL Sultartangastöð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í Árnessýslu er farin að framleiða rafmagn á ný eftir tveggja mánaða stopp. Í lok síðasta árs biluðu báðir spennar stöðvarinnar með skömmu millibili en gert var við annan þeirra skömmu fyrir helgi og er stöðin farin að framleiða rafmagn á hálfum afköstum.

Að sögn Þorsteins Hilmarssonar, upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar, urðu almennir notendur ekki varir við bilunina því nánast full afhending á ótryggðu rafmagni og afgangorku var meðan spennarnir voru í lama-sessi. Hinn spennirnir verður líklegast kominn í lag í apríl.

- jse

Steingrímur J. Sigfússon Dulinn tilgangur með skrifum

EFNAHAGSMÁL Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, segir greinar skrif Illuga og Bjarna til marks um að þeir meti ástandið alvarlegt.

„Þá er spurning hvort það sé dulinn tilgangur greinarinnar að yta við sinni forystu; flokks og ríkisstjórnar. Ég er svo sammála því að grípa þurfi til aðgerða.“ Steingrímur vill endurskoða verðbólgu markmið bankans. „Ég hef bent á að ríkisstjórnin getur beitt sér fyrir því að endurskoða samkomulag sitt við bankann. Það þarf ekki lagabreytingu til og ég tel visst svigrúm fyrir Seðlabankann, ef hann svo kys, til að meta stöðuna sjálfstætt og breyta sínum markmiðum.“

- shá

Guðni Ágústsson: Aðstæður kalla á þjóðarsátt

EFNAHAGSMÁL Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, segir mikla erfiðleika blasa við þjóðinni og til greina komi að breyta áherslum Seðlabankans tímabundið.

„Við höfum bent á þetta og rætt um mikilvægi þess að ríkisstjórnin, Seðlabankinn, fjármálafyrirtæki og atvinnulíf mótí þjóðarsátt og vinni saman við þessar erfiðu aðstæður. Ég tek þó ekki undir það að bankarnir fái Íbúðarlánasjóð sem hráefni. Ég minni á að efnahagsstefnan er ríkisstjórnarinnar og Seðlabankinn hefur tiltölulega fábrotin tæki.“

- shá

Telur hættulegt að hverfa frá verðbólgu markmiði

Aðalhafraeðingur Seðlabankans undrast skilaboð um að hverfa eigi frá verðbólgu markmiði í ljósi vaxandi verðbólgu. Tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins telja áhættu af verðbólgu minni en af fjármálakreppu.

EFNAHAGSMÁL Arnór Sighvatsson, aðalhafraeðingur Seðlabankans, segir að skilaboð Illuga Gunnarssonar og Bjarna Benediktssonar, þingmanna Sjálfstæðisflokksins, í grein í Morgunblaðinu í gær skjóti skökku við. „Þá ekki síst í ljósi upplýsinga um vaxandi verðbólgu, að senda þá út skilaboð um að Seðlabankinn hverfi frá verðbólgu markmiðinu. Þetta eru mjög hættulegar hugmyndir.“

Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, varpa fram þeirri spurningu í gær hvort í ljósi þeirrar áhættu sem steðjar að fjármálakerfinu í landinu sé ekki nauðsynlegt að ræða hvort Seðlabankinn eigi að bregðast við og breyta áherslum sínum. Bankinn viki tímabundið frá verðbólgu markmiði sínu því mjög brýnt sé að stýrivextir lækki. Þingmennirnir vara við fjármálakreppu þegar bankarnir þurfa að endurfjármagna sig á komandi misserum. Þeir telja að við núverandi aðstæður sé betra að taka áhættuna af verðbólgu en af kreppu í fjármálakerfinu. Núverandi löggjöf veitir að þeirra mati svigrúm til aðgerða sem taka meira tillit til slíks stöðugleika, þótt það sé á kostnað verðbólgu og viðleitni bankans til að nálgast lögbundið verðbólgu markmið.

Illugi Gunnarsson segir að þeir Bjarni hafi ekki tölu í huga þegar rætt er um lækkun stýrivaxta enda taki þeir ekki afstöðu til þess hvort stýrivextir eigi að lækka. „Það sem við erum að segja er að áhersla bankans á fyrst og fremst að vera á fjármálastöðugleikann. Ég er þeirrar skoðunar að því fyrir sem



SEÐLABANKI ÍSLANDS Aðalhafraeðingur Seðlabankans segir hugmyndir um að hverfa frá verðbólgu markmiði hættulegar á þessum tímamarki.



ARNÓR SIGHVATSSON



VILHJÁLMMUR EGILSSON

við komumst í að lækka vexti því betra, því ekkert hagkerfi getur búið við þennan stórfellda vaxtamun til lengdar.“

Arnór segir að verið sé að ræða um fjármögnunavanda banka kerfisins. „Hann leysist ekki með fimm punkta lækkun eða eins prósentis lækkun. Það þarf miklu meira til ef leysa á þann vanda með vaxtalækkun.“ Arnór telur að lækka þurfi stýrivexti úr 13,75 prósentum niður í allt að sjö prósent.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir jákvætt að fá umræðu um það hvernig Seðlabankinn getur komið inn í að lækka vexti. „Vaxtastefna Seðlabankans er í sjálfheldu. Þetta er orðið þannig

að vextir bankans eru okkur stórkostlegur fjötur um fót. Vaxtahækkarnir hafa ekki unnið gegn verðbólgu og vaxtalækkarnir munu held ég ekki magna hana neitt heldur. Gengið sveiflast þrátt fyrir vaxtahækkarnir.“ Vilhjálmur segir að um trúverðugleikavanda sé að ræða hjá Seðlabankanum. „Þegar vel gengur þá talar bankinn um þenslu og verðbólgu þess vegna. Þegar illa gengur talar bankinn um gengisfellingu, launaskrið og verðbólgu af þeim ástæðum. Það er sama hvernig gengur í efnahagslífinu. Bankinn sér aldrei ástæðu til að lækka vexti.“

svavar@frettabladid.is

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson
Veðurfræðingur

FROST ÚT MÁNUÐINN
Við höfum verið í frostakafla síðustu daga og ekki horfur á að breytist um sinn. Frostið verður almennt á bilinu 0-9 stig næstu daga, kaldast til landsins nyrðra en mildast syðst. Þar gæti raunar orðið frostlaust yfir hádaginn einkum úti við ströndina.

Á MORGUN
3-8 m/s en 10-15 m/s við suðurströndina

FÖSTUDAGUR
5-15 m/s, hvasast við SA- ströndina

HEIMURINN

| | |
|-----------------|-----|
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Billund | 6° |
| Ósló | 4° |
| Stokkhólmur | 4° |
| Gautaborg | 6° |
| London | 12° |
| Paris | 11° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Berlín | 10° |
| Alicante | 21° |
| Mallorca | 17° |
| Basel | 12° |
| Eindhoven | 10° |
| Las Palmas | 21° |
| New York | 4° |
| Orlando | 16° |
| San Francisco | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Er mataræðið óreglulegt?

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!

Skýndibitafæði, sætindi, óreglulegar máltíðir – allt þetta dregur úr innri styrk, veldur þróttleysi, kemur meltingunni úr lagi og stuðlar að vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ vinnur gegn þessum áhrifum og flýttir fyrir því að jafnvægni náist á ný. Dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.



Iceland Express
er fimm ára í dag!

5.000
flugsæti
á 6.995 kr.*

Sala hefst á
hádegi í dag!

» Iceland Express er fimm ára í dag og af því tilefni bjóðum við
5.000 flugsæti til fimm áfangastaða okkar á aðeins 6.995 kr.*

Sala hefst kl. 12.00 í dag og lýkur kl. 17.00 á morgun.

Sölutímabil: Frá hádegi í dag til kl. 17.00 á morgun, 28. febrúar

Ferðatímabil: 1. mars -15. maí

Áfangastaðir: Kaupmannahöfn, London, Berlín, Barcelona og
Alicante



Ísland í dag verður með
Iceland Express í Køben í kvöld.
Fylgstu með á Stöð 2!

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar
á hvern áfangastað. Athugið að flugvallaskattur getur verið mismunandi á milli áfangastaða.

Iceland Express 
með ánægju

FYRIR LAND OG ÞJÓÐ



Verð frá
5.190.000 kr.
SJÁLFSKIPTUR

170 HESTÖFL – DREGUR 3.300 KG – STÖÐUGLEIKASTÝRING
SPÓLVÖRN – ÞAKBOGAR – SUPER SELECT® 4X4 DRIFBÚNAÐUR
SJÓ SÆTA – DÖKKAR RÚÐUR – 100% LÆSING AÐ AFTAN

PAJERO SAMEINAR KRAFTINN OG ÞÆGINDIN

Íslenskir vegir gera kröfur um fullkomið fjórhjóladrif með 100% læsingu að aftan og stöðugleikastýringu. Íslenskir ökumenn gera kröfur um 3.300 kílóa dráttargetu og óviðjafnanleg þægindi fyrir allt að sjö manns, magnað 860w Rockford hljómkarfi, 18" álfelgur og dökkar rúður. Þá spillir bakkmyndavél ekki fyrir. Komdu og finndu hvernig Pajero stendur undir þessum kröfum lands og þjóðar.





- 1 Hvaða bankastjóri lækkaði laun sín um helming?
- 2 Hvað heitir dávaldur söngv- arans Friðriks Ómars?
- 3 Hvort sýnir könnun Fréttablaðsins að 55 prósent séu með eða á móti aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Bjarni Benediktsson: Njótum kostanna í EES

STJÓRN MÁL „Mér sýnist að stuðningur við aðildarumsókn hjá Evrópusambandinu sveiflist svolítið eftir ástandi í efnahagslífinu,“ segir Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, um niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins en þar mælist stuðningur við aðildarumsókn 55 prósent.

Stuðningur við aðildarumsókn mældist nú um 40 prósent meðal sjálfstæðismanna sem er 12 prósentustigum meira en í könnuninni í september. Aðspurður hvort forystan þyrfti að endurskoða þá stefnu segir Bjarni: „Við sjálfstæðismenn höfum aldrei útilokað að við gætum einhvern tímann séð hagsmunum okkar betur borgið innan ESB en í dag teljum við að við njótum alla helstu kostanna í EES.“

- jse

Efnahagsþrengingar auka stuðning við aðild að ESB

Stjórn málamenn og verkalyðsleiðtogar eru sammála um að þrengingar í efnahagslífinu auki á stuðning við aðild að ESB. Skoðanakönnun Fréttablaðsins sýnir að um 55 prósent eru hlynnt því að Ísland sækji um.

STJÓRN MÁL „Í fyrsta lagi hefur þróunin síðustu misserin í þessum viðhorfsmælingum heldur verið í þá átt að sífellt fleiri hafa stutt það að látið verði reyna á aðildarumsókn,“ segir Björgvin E. Sigurðsson viðskiptaráðherra um skoðanakönnun Fréttablaðsins, en samkvæmt henni eru 55 prósent landsmanna hlynnt því að sækja um aðild að ESB.

„En svo hefur ólgan á erlendum fjármálamörkuðum og óróinn í efnahagslífinu hér undirstrikað fyrir mörgum mikilvægi þess að skoða þessi mál í alvöru. Ég held að það endurspeglar í þessari könnun að bæði almenningur og atvinnurekendur telja að spurningin um þetta sé aðkallandi.“

Slæmt að sækja um og sjá til

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, lítur málið öðrum augum. „Ég tel þetta meðal annars sýna það að nokkuð eimi eftir enn af þeim málflokkum að Ísland ætti að sækja um til að prófa og sjá hvað okkur býðst. En þetta tel ég vera mikinn misskilning því í meginatriðum liggur það alveg fyrir hvað fylgir aðild að Evrópusambandinu og það hefur margoft komið fram að samningssvigrúmið er ósköp lítið,“ segir hann.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, tekur í sama streng. „Það er ekkert bjart fram undan,“ segir hann. „Við fórum í gegnum niðurskurð í þorski, ekkert ætlar að verða úr loðnuvertíðinni, bankakerfið er í hálfgerðum lamasessi og menn fá ekki lán nema á einhverjum ofurvöxtum og svo erum við að horfa upp á verulegan samdrátt á byggingamarkaði. Það vill brenna við þegar þrengir að, eins og nú, að menn vilji stökkva á næstu patentlausn enda er umræðan á slíku stigi hér á landi.“ Hann segir enn fremur að Frjálslyndi flokkurinn sé á móti aðild á meðan fiskveiðistjórnunarkerfið er



BJÖRGVIN E. SIGURÐSSON



GYLFI ARNBJÖRNSSON

vanda sem við stöndum frammi fyrir,“ segir hann.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir það ekki koma á óvart að fólk sé jákvæðara gagnvart ESB nú. „Í ljósi þess óróleika sem verið hefur í efnahagsmálum og svo þeirrar umræðu um Evrópusambandið og evruvæðingu sem hefur verið mun jákvæðari nú en oft áður þá kemur þetta ekki á óvart.“

jse@frettabladid.is

X VIÐ EVRÓPUSAMBANDIÐ Svo virðist sem Íslendingar séu í auknum mæli jákvæðir fyrir því að setja X við Evrópusambandið. Þetta X er hins vegar komið frá þotum sem svifu yfir höfuðstöðvum sambandsins í Brussel.

óbreytt. „Eins og það er núna myndi aðild þýða að erlendir útgerðarmenn gætu keypt auðlindina af okkur og við sættum okkur ekki við það.“

Umræðan orðin jákvæðari

„Ég tel að umræðan um þrengingar í okkar mikilvæga hagkerfi hafi mikil áhrif á afstöðu fólks,“ segir Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Hann segir enn fremur að afstaða samtakanna gagnvart upptöku evrunnar og aðild að ESB sé óbreytt. „Þetta er til umfjöllunar hjá okkar aðildarfélögum og við sem heildarsamtök höfum ekki neina heildarafstöðu en það er þó mikilvægt að fólk átti sig á að hvorugt leysir þann bráðavanda sem við stöndum frammi fyrir,“ segir hann.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir það ekki koma á óvart að fólk sé jákvæðara gagnvart ESB nú. „Í ljósi þess óróleika sem verið hefur í efnahagsmálum og svo þeirrar umræðu um Evrópusambandið og evruvæðingu sem hefur verið mun jákvæðari nú en oft áður þá kemur þetta ekki á óvart.“



AÐALFUNDUR EXISTA HF. 28. FEBRÚAR 2008



Aðalfundur Exista hf. verður haldinn fimmtudaginn 28. febrúar 2008 á Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2 og hefst fundurinn kl. 17:00

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2007.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2007 ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar vegna ársins 2007.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðunarfélags.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
7. Tillaga stjórnar um að samþykkja starfskjarastefnu Exista hf.
8. Tillaga um að samþykkja heimild stjórnar til þess að breyta og gefa út hlutafé í evrum.
9. Tillögur til breytinga á samþykktum Exista hf.:
 - a. Breyting á 2. mgr. 4. gr. um heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins um allt að 7.000.000.000 kr. að nafnverði eða samsvarandi fjárhæð í evrum með útgáfu nýrra hluta.
 - b. Breyting á 1. mgr. 7. gr. um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis. Enn fremur er hægt að nálgast fundargögn á vefsíðu félagsins www.exista.com.

Aðalfundur Exista mun fara fram á ensku. Boðið verður upp á túlkun á íslensku.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 16:00 á fundarstað að Hilton Reykjavík Nordica.

Slysskot á æfingu: Dani lét lífið í Afganistan

AFGANISTAN Danskur hermaður lést vegna vóðaskots í Afganistan um síðustu helgi. Slysið varð við Bastion-búðirnar í Helmand-héraði í suðurhluta landsins.

Slysið varð þegar hermenn í búðunum voru að taka sig til fyrir æfingu í hæðunum við búðirnar.

Hermaðurinn, sem var 21 árs, komst strax undir læknishendur en ekki tókst að bjarga lífi hans.

EKKI er vitað með vissu að svo stöddu hvað gerðist en rannsókn hófst tafarlaust á því hvernig slysið bar að.

- þo



BANDAMENN Serbneski forsætisráðherra Vojislav Kostunica, t.h., heilsar gestinum frá Moskvu í Belgrad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Medvedev í Belgrad:

Samið um efnahagssamstarf

SERBÍA, AP Dmítrí Medvedev, varaforsætisráðherra Rússlands sem fastlega er gert ráð fyrir að verði kjörinn eftirmaður Vladi-mírs Pútín forseta, undirritaði í Belgrad á mánudag samninga um lagningu gasleiðslu fyrir rússneskt jarðgas um Serbíu til Vestur-Evrópu. Samningarnir þykja endurspeglar nánari tengsl Rússlands og Serbíu, en Rússar standa heilshugar að baki Serbum í höfnun þeirra á sjálfstæði Kosovo.

Medvedev lét hafa eftir sér að gasleiðslusamningarnir og tengdir samningar myndu „mynda grunninn að orkustöðugleika í allri Evrópu í framtíðinni“.

- aa

VETRAR FJÖR

Frábært verð á vetrarvönum bílum í febrúar.
Verið velkomin á Vetrarfjör í B&L!



Tekið er á móti gestum og gangandi með heitu kakói og kleinum í sýningarsal okkar að Grjóthálsi. Óvæntir glaðningar fyrir gesti Vetrarfjors – frábær verð hjá B&L og umboðsmönnum um allt land.



SantaFe
Sjálfskiptur, 2.7L.

Vetrartilboð: **3.980.000**

Verð áður: 4.080.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.),
dráttarbeisli (verðmæti 85 þ.)
og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
320.000 kr.



Land Rover Freelander

Sjálfskiptur, leður, 2.2L., 160 hö.

Vetrarfjörsverð: **4.670.000**

Verð áður: 4.770.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.), dráttarbeisli
(verðmæti 110 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
345.000 kr.



Tuscon

Beinskiptur, 2.0L.

Vetrarfjörsverð: **2.850.000**

Verð áður: 2.930.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 70 þ.), dráttarbeisli
(verðmæti 85 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
285.000 kr.



Síðustu **Arctic-Cat**
sleðarnir á sérstöku
Vetrarfjörstilboði
- fyrstir koma, fyrstir fá



BMW X5

Sjálfskiptur, 3,0L., 272 hö.

Vetrarfjörsverð: **7.780.000**

Verð áður: 8.020.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 160 þ.), dráttarbeisli
(verðmæti 140 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
590.000 kr.



Renault Megane Sport Tourer

Beinskiptur, 1,6L., 115 hö.

Vetrarfjörsverð: **2.290.000**

Verð áður: 2.400.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 40 þ.)
og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
200.000 kr.



Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 - 110 Rvk - Sími: 575 1200 - www.bl.is

Opíð: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.

Umboðsaðilar: Bílas, Þjóðbraut 1, Sími: 431 2622 - Bílasala Akureyrar, Freyjunesj 2. Sími: 461 2533

B&L Selfoss, Hrísmýri 2a., Sími: 575 1460 - Bílasala Keflavíkur, Bolafæti 1, Sími: 421 4444

Bilaverkstæðið Áki, Sæmundargötu 3 - 550 Sauðárkrúkur - Sími: 453 5141



EINSTAKT TÆKIFÆRI

BJÓÐUM TAKMARKAÐ MAGN AF SUBARU FORESTER MEÐ GLÆSILEGUM AUKAPAKKA

Subaru Forester



2.690.000 kr. beinskiptur
2.790.000 kr. sjálfskiptur

353.000 kr.
aukahlutapakki innifalinn:

Upphækkun, áfölgur, vetrar/
heilsársdekk og dráttarbeisli.



Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808



INGVAR HELGASON



RISAOLÍUSKIP Ekki er talið útlit fyrir að olíuflutningar við landið aukist mikið, þvert á spár undanfarinna ára. MYND/LHG

Olíuflutningar við Íslandsstrendur:

Minni flutningar en gert var ráð fyrir

UMHVERFISMÁL Mun minni er flutt af olíu um íslenska lögsögu en spár gengu út frá fyrir nokkrum árum. Um er að ræða flutninga frá Norðvesturlögu Rússlands til Vesturheims, en leið flutninga milli þessara heimshluta liggur óhjákvæmilega um efnahagslögsögu Íslands. Skipin sem flytja olíu við íslenskar strendur eru einnig minni en Norðmenn og Rússar ætluðu.

Frá Norðmönnum liggja fyrir upplýsingar um farm þeirra skipa sem fluttu olíuafurðir úr Barentshafi á síðasta ári. Um 70 prósent af farmi þessara skipa er þekktur og allt að 39 prósent af flutningnum er skráð hráolía, um 7 prósent millipung olía, um 17 prósent gasolía og afgangurinn ýmsar aðrar olíuafurðir.

Einkarekin rússnesk olíufélag hafa fullan hug á að skipa út meiri olíu á norðursvæðinu og eru að vinna að því á nokkrum stöðum. Það er hinsvegar fyrirtæki í ríkiseign, Transneft, sem hefur einkaleyfi á rekstri dreifilagna fyrir olíu og það virðist lítilt eða

OLÍUFLUTNINGAR RÚSSA 2005 - 2007

Árið 2005 278 skip fluttu 9,6 milljónir tonna af olíuafurðum út úr Barentshafi. Megnið af þessum afurðum fór til Evrópuhafna.

Árið 2006 206 skip fluttu 10,6 milljónir tonna af olíuafurðum sömu leið. 36 þessara skipa fóru vestur um haf til Bandaríkjanna og Kanada.

Árið 2007 212 skip fluttu 9,6 milljónir tonna. 43 skip munu hafa farið vestur um haf til Bandaríkjanna og Kanada.

enginn áhugi hjá rússneska ríkinu fyrir lagningu dreifilagna til norðursvæðanna eins og Indiga eða Murmansksvæðisins.

Að mati Siglingastofnunar er varla útlit fyrir mikla eða skyndilega aukningu í útskipun á olíu frá Barentshafi nema stefnubreyting verði hjá stjórnvöldum í Rússlandi.

- shá

capacent

CAPACENT KYNNIR NÆSTU NÁMSKEIÐ

GRUNNNÁMSKEIÐ Í STEFNUMÓTUN

Námsbraut fyrir stjórnendur sem hafa ekki menntun eða reynslu af stefnumótun en vilja þekkja ferlið og geta nýtt sér markvisst vinnulag við einföld stefnumótunarverkefni.

Námið hefst 13. mars 2008 og skiptist í eftirfarandi hluta:

- Hver er núverandi staða fyrirtækis
- Ákvörðun stefnu
- Hrinda stefnu í framkvæmd

SALA OG SÖLUHÆFNI

Markvisst námskeið sem kennir áhrifarríkar aðferðir sem byggja á viðurkenndum rannsóknum. Þátttakendur svara alþjóðlegum spurningalista frá SHL og fá mat á styrkleikum sínum og veikleikum í sölustörfum.

Námið hefst 28. mars 2008 og skiptist í eftirfarandi hluta:

- Meta sölutækifæri og setja markmið
- Takast á við efasemdir og loka sölu
- Skapa og viðhalda viðskiptavild

Skráning og nánari upplýsingar hjá Capacent, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

www.capacent.is

NÁMIÐ
SEM ÞÚ NOTAR
Í VINNUNNI

FJÓLA MARÍA ÁGÚSTSDÓTTIR, RÁÐGJAFI HJÁ CAPACENT RÁÐGJÖF

Bætt samskipti Bandaríkjanna og Norður-Kóreu:

Sögulegir tónleikar

NORÐUR-KÓREA, AP Sögulegir tónleikar fóru fram í gær þegar Fílharmóníusveit New Yorkborgar lék í Norður-Kóreu, ríki sem hefur talið Bandaríkin helsta óvin sinn. George W. Bush Bandaríkjaforseti kallaði N-Kóreu eitt af „öxulveldum hins illa“ fyrir sex árum.

Tónleikarnir eiga að vera til marks um bætt samskipti ríkjanna sem deila þó enn vegna kjarnorkuáætlunar N-Kóreu.

Þetta er í fyrsta skipti sem menningarviðburður á vegum Bandaríkjamanna af þessari stærðargráðu er haldinn í N-Kóreu og aldrei fyrr hefur jafn



KLAPPAD Í PYONGYANG Tónleikarnir hófust á flutningi þjóðsöngva N-Kóreu og Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

stór sendinefnd frá Bandaríkjunum komið til landsins. - sdg



SKATTASKJÓL Banki í Vaduz með Liechtenstein-kastala í baksýn. FRÉTTABLAÐID/AP

Bankaupplýsingar úr skattaskjólínu Liechtenstein:

Skandinavarnar vilja sjá bankagögnin

ÞÝSKALAND Í Þýskalandi hefur nú verið flett ofan af skattsvikum mikils fjölda auðmanna á grundvelli upplýsinga um bankareikninga og skúffufyrirtæki í Liechtenstein, sem þýska leyniþjónustan BND keypti af manni sem safnaði þeim með ólöglegum hætti. Nú hafa þýsk stjórnvöld boðið skatt-yfirvöldum annarra ríkja aðgang að gögnumum og hafa meðal annars yfirvöld í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð lýst áhuga á að þiggja það boð.

Þýska fréttavikuritið *Der Spiegel* greindi frá því um helgina að Heinrich Kieber, fyrrverandi

starfsmaður LGT-bankans í Liechtenstein, hefði í ágúst 2006 séð BND fyrir gagnasafni með 4.527 færslum með upplýsingum um skúffufyrirtæki og stofnanir sem skráðar væru í bönkum í Liechtenstein. Um 1.400 þeirra kváðu vera í eigu Þjóðverja. Kieber seldi upplýsingarnar einnig til fleiri landa, þar á meðal Bretlands, Frakklands, Kanada og Ástralíu.

Nokkrir þekktir menn hafa þegar þurft að segja af sér vegna skattsvikarannsóknarinnar, þar á meðal forstjóri þýska póstsins, Deutsche Post. - aa

Uppbygging á Vestfjörðum: Framtíðarlandið með kynningu

SAMFÉLAGSMÁL Framtíðarlandið stendur fyrir fundi í Norræna húsinu í kvöld þar sem kynntar verða hugmyndir um atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum sem voru til umræðu á vetrarþinginu „Vestfirðir á teikniborðinu“ sem haldið var á Ísafirði í nóvember síðastliðnum.

„Við höfum verið gagnrýnd fyrir það að halda þennan kynningarfund í Reykjavík,“ segir Ólafur Sveinn Jóhannesson, aðalskipuleggjandi vetrarþingsins. „En sýslumaður á Patreksfirði, bæjarstjóri Vesturbyggðar og bæjarstjóri Tálknafjarðar voru öll sammála um að það ætti að halda fundinn í Reykjavík einfaldlega vegna þess að það er svo oft ófært á milli svæða fyrir vestan.“ - jse

Starfsmenn á þjónustuverkstæði

Starfsmenn óskast á þjónustuverkstæði MEST ehf.

Störfín fela í sér viðhald á vinnuvélum, byggingakrönum, rafstöðvum og öðrum tækjum sem MEST er þjónustuaðili fyrir. Æskilegt að umsækjendur hafi annað hvort iðn- eða vélstjóramenntun.

Fyrirspurnum svarar Árni Már deildastjóri þjónustuværs í síma 825 0722 eða á netfangið arnimr@mest.is.



Stundum þarf maður hjálp til að halda áfram

Áfallahjálpi hjá TM

Þeir sem eru vel tryggðir fá efnisleg verðmæti sín bætt, en eftir stundur oft tilfinningatjón sem ekki verður metið til fjár. Það er vel þekkt staðreynd að áföll eða slys geta haft í för með sér áfallastreitu og leitt til langvarandi áfallaröskunar ef ekki er gripið í taumana.

TM gengur nú skrefinu lengra í þjónustu sinni og er eina tryggingafélagið á Íslandi sem býður tjónpolendum upp á áfallahjálpi í sínum tryggingaskilmálum. Áfallahjálpin er veitt af sálfræðingi og er innifalin í Heimategyggingu TM. Þannig vinnum við saman úr áfallinu og stuðlum að því að það hafi ekki neikvæðar afleiðingar til lengri tíma fyrir viðskiptavinum okkar.

Áfallahjálpi TM

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is



Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á. Hringdu í síma 515 2000 eða farðu á www.tm.is og fáðu skýr svör.



BER SIG EFTIR BJÖRGGINNI Hvítrússneski leigubílstjórninn Leonio Kulakov er ekki sýklahræddur maður eins og sést berlega þegar hann leyfir presti að tína upp fæðu af tungu sinni í miðbæ Minsk, höfuðborgar Hvíta-Rússlands.

NORDICPHOTOS/AFP

Fyrstu sjónvarpskappræður oddvita beggia stjórn mála fylkinga á Spáni:

Telja Zapatero hafa haft betur

SPÁNN, AP Skoðanakannanir benti í gær til þess að Jose Luis Rodriguez Zapatero forsætisráðherra hefði staðið sig lítillega betur en áskorandi hans úr herþúðum íhaldsmanna, Mariano Rajoy, í sjónvarpskappræðum kvöldið áður. Þetta voru fyrstu slíku kappræðurnar sem keppinautarnir háðu í aðdraganda þingkosninganna 9. mars.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem gerð var fyrir dagblaðið El País sögðust 46 prósent aðspurðra telja Zapatero hafa haft betur en 42 prósent töldu Rajoy hafa gert það. Tólf prósent töldu að um jafntefli hefði verið

að ræða. Aðrar kannanir skiluðu mjög svipuðum niðurstöðum. Sósíalistar, sem Zapatero fer fyrir, hafa líka naumt forskot á íhaldsmenn í nýjustu könnunum á fylgi flokkanna.

Í kappræðunum áttu keppinautarnir heitar umræður um efnahagsmál, aðskilnaðarhyggju Baska og innflytjendamál. Þeir gripu oft hvor fram í fyrir öðrum og hitnaði stundum í hamsi.

Slíkar kappræður oddvita beggia stjórn mála fylkinga hafa ekki farið fram á Spáni síðan fyrir fimmtán árum. Áformað er að endurtaka leikinn 3. mars, sex dögum fyrir kosningar.

- aa



KEPPINAUTAR Zapatero og Rajoy takast í hendur að kappræðustjórnandanum Manuel Campo Vidal áhorfandi í sjónvarpsal í Madrid í fyrirkvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flýgur á vistvænu eldsneyti: Flaug frá London á hnetuolíu

TÆKNI Fyrsta farþegavélin sem notar vistvænt eldsneyti lenti í Amsterdam síðustu helgi. Vélin er að gerðinni Boeing 747 frá breska flugfélaginu Virgin og var flogið Heathrow-flugvælinum í Lundúnum.

Einn af fjórum hreyflum vélarinnar er knúinn með vistvænu eldsneyti og er að sögn talsmanna flugfélagsins unnið úr brasilískum babassuhnetum og kókóshnetum. Richard Branson, forstjóri Virgin, var eini farþegi ferðarinnar.

Talsmenn flugfélagsins segja ferðina tímamót í nýtingu á umhverfisvænu eldsneyti.

- rh

WACKER hágæðabrotvélar og víbratorar fyrir alvöruiðnaðarmenn



TBWA/REYKJAVÍK \ SIA - 9060298

Aseta ehf.
Tunguhálsi 19
110 Reykjavík
Sími 533 1600
aseta@aseta.is

ASETA



VERÐLAUNIN VEITT Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sagði starf Hjalpræðishersins vera ríkan þátt í skilningi Íslendinga á því hvað sé að vera hinn miskunnarsami Samverji. Í bakgrunni eru þeir sem tilnefndir voru til Samfélagsverðlaunanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hermenn kærleikans verðlaunaðir

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru veitt í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Þau komu í hlut Hjalpræðishersins fyrir meira en hundrað ára kærleiksknúið starf hérlendis í þágu þeirra sem minnst mega sín.

SAMFÉLAGSMÁL Hjalpræðisherinn hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í gær. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Auk verðlaunagrips hlutu samtökin eina milljón króna í verðlaunafé.

„Hjá Hjalpræðishernum er engum úthýst,“ sagði Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarráttgjafi Fréttablaðsins og formaður dómnefndarinnar. „Hann hefur starf að hér á landi í meira en hundrað ár. Kærleikur knýr starfseminna áfram og hefur starf hersins iðulega beinst að þeim sem minnst mega sín í samfélaginu.“

Auk Hjalpræðishersins voru Saman-hópurinn, ABC-hjálparstarf, Lögfræðiaðstoð Orators og BAS-hópurinn tilnefnd til Samfélagsverðlaunanna. Verðlaunin eru veitt félagsamtökum sem hafa unnið framúrskarandi manúðaræða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Verðlaun voru veitt í fjórum öðrum flokkum í gær: Hvunn dags-hetjan, Frá kynslóð til kynslóðar, Til atlögu gegn fordómum og heiðursverðlaun.

Hvunn dags-hetjan var valin Ragna Marinósóttir, sem hefur nýtt reynslu sína af umönnun fatlaðra sona sinna til hagsbóta öðrum foreldrum fatlaðra barna. Í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar hlutu hjónin Þorsteinn Bjarni Einarsson

„Kærleikur knýr starfseminna áfram og hefur starf hersins iðulega beinst að þeim sem minnst mega sín í samfélaginu.“

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR
AÐSTOÐARRÁTTJÓRI FRÉTTABLAÐSINS

og Sigríður Steingrimsdóttir verðlaunin, en þau tóku börn í skammtímavist á heimili sínu í átján ár.

Í verðlaunaflokknum Til atlögu gegn fordómum var tónlistarmaðurinn Hörður Torfason verðlaunaður. „Það framlag hans að ganga á sínum tíma fram fyrir skjöldu sem samkynhneigður markaði djúp spor á Íslandi, spor sem aldrei mun fenna í,“ sagði Steinunn við afhendinguna.

Að lokum hlaut Guðrún Halldórsdóttir, fyrrverandi skólástjóri Námsflokka Reykjavíkur, heiðursverðlaun. Þau eru veitt einstaklingi sem hefur helgað líf sitt því verkefni að bæta samfélagið. Guðrún var heiðruð fyrir framlag sitt til menntunar ungmenna og fullorðinna sem hafa staðið höllum fæti í skólakerfinu.

Í dómnefnd voru, auk Steinunnar, Reynir Ingibjartsson, formaður Aðstandendafélags aldraðra, Gísli Martein Baldursson borgarfulltrúi, Hildur Petersen, stjórnarformaður SPRON, og Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri á Dalvík.

salvar@frettabladid.is

RV Unique

RV Unique örtrefjaræstikerfið
- hagkvæmt, vistvænt og mannvænt



Bodil Fur,
sölumaður hjá
RV Unique í Danmörku

Nánari upplýsingar
veita sölumenn og
ráðgjafar RV

UniFlex II H Fiber ræstivagn

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



RV/UNIQUE 020802



16.900

Scott DVD ferðaspilari
DPX1720



59.900

Daewoo 19"
LCDm/DVD
DSL19M1WC

FERMINGAR



17.900

Scott iPod
Dockstation

39.900



Medigate
práðlaus flakkari ásamt
320GB hörðum diskum.



LG DiVX spilari
DVX298HB

12.900

Remington
hárbílastari
D2009



5.900

5.900



Remington skeggsnyrtir
MB910

8.900

MP-Man
MP3 spilari
MPCS1572G



24.900

LG Heimabíó



RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvegur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

3G dreifikerfi Símans

3G dreifikerfi Símans mun ná til stærra svæðis en GSM kerfið.



GSM dreifikerfi Símans

Uppsetningu lýkur sumarið 2008.





ENNEMM / SÍA

Stærsta dreifikerfið stækkar

Í sumar lýkur Síminn uppsetningu langdræga GSM dreifikerfisins um allt land. Samhliða því hefst uppbygging langdrægra 3G senda sem valda mun byltingu í farsímaþjónustu við Íslendinga. Sjómenn, björgunarsveitir og ferðafólk kemst þá í þráðlaust, háhraða netsamband nánast hvar sem er á landinu, auk þess að ná símasambandi á mun stærra svæði en nú er mögulegt.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn** 



Sími



Netið



Sjónvarp



HALDA UPPÍ ÞJÓÐINNI Rússneskt barn gerði þessa teikningu þar sem sjá má Vladimir Pútín forseta í júðóbúningi og arftaka hans, Dimitrí Medvedev, í glímubúningi. Þeir halda uppi þremur rússneskum konum, sem bera borða með áletrunum „menntun“, „efnahagur“ og „menning“.

Bæjarstjórnin fellir tillögu minnihlutans um lækkun fasteignaskatts:

Lækka ekki gjöld í Hveragerði

SVEITARSTJÓRNIR Tillaga um lækkun fasteignaskatts var felld í bæjarstjórn Hveragerðis á mánudag.

Minnihluti A-lista í bæjarstjórn taldi sanngjarnt að lækka fasteignaskattinn um tæp 20 prósent í ljósi þess að fasteignamat á íbúðarhúsnæði í Hveragerði hækkaði um 12 prósent um áramótin.

„Benda má á að ekki þarf að gera ráð fyrir breytingu í fjárhagsáætlun 2008 vegna þessarar tillögu þar sem ekki var gert ráð fyrir neinni hækkun á fasteignamati í Hveragerði í áætluninni,“ sagði í tillögu minnihlutans.

Fulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks sögðu ekki rétt að breyta

forsendum fjárhagsáætlunar með lækkun álagðra fasteignagjalda.

„Tillögur í þessa veru eiga að koma fram við fjárhagsáætlunargerð hvers árs en slíkt gerðist ekki núna þrátt fyrir að öllum mætti vera ljóst að fasteignamat myndi hækka á milli ára hér í Hveragerði eins og undanfarin ár,“ sögðu sjálfstæðismenn sem kváðust sérstaklega ekki myndu samþykka lækkunina þegar jafnmiklar framkvæmdir væru fram undan eins og raunin sé í Hveragerði.

Bæjarfulltrúar A-listans svöðu með ítrekun á því að tekjuforsendur myndu ekki breytast þar



HVERAGERÐI Fasteignamat hækkaði um tólf prósent um áramót og minnihlutinn vill lækka fasteignaskatt um tæpan fimmtung.

sem ekki hefði verið gert ráð fyrir hækkun fasteignamats í fjárhagsáætlun.

Umdeilt kjör Nígeríuforseta:

Hafna kröfu um ógildingu

NÍGERÍA, AP Nígerískur dómstóll hafnaði í gær beiðni stjórnarandstöðunnar um að ógilda úrslit umdeilda forsetakosninga í apríl í fyrra sem lyktaði með sigri forsetans Umaru Yar'Adua.

Í úrskurðinum segir meðal annars að kæruaðila hafi skort sannanir.

Alþjóðlegar kosningaeftirlitsstofnanir lýstu kosningarnar alvarlega gallaðar á sínum tíma. Hins vegar setti dómstóllinn þær kröfur að ákærandi bæði sannaði að kosningasvindl hefði átt sér stað og að umfangið hefði verið það mikið að það hefði haft áhrif á úrslit.

Árni Mathiesen:

Boðin kennsla í dómarskipan

STJÓRN MÁL Stefán Bogi Sveinsson, varaformaður Ungra framsóknarmanna, hefur sent Árna Mathiesen



STEFÁN BOGI SVEINSSON

bréf þar sem hann er hvattur til að mæta í málstofu sem Lagadeild Háskóla Íslands stendur fyrir og fjallar um hvernig beri að skipa dómara.

„Ég fékk póst þar sem málstofan var auglýst og varð fljótlega hugsað til manns sem mætti ekki láta þetta framhjá sér fara enda erum við framsóknarmenn miklir áhugamenn um bættu stjórn-sýslu.“ Hann sagðist hafa frétt að Árni yrði í Vestmannaeyjum og gæti því ekki mætt en Stefán segist boðinn og búinn að taka glósur fyrir hann.

Telja geðdeyfðarlyf aðeins virka á hluta sjúklinga:

Vafi leikur á virkni geðdeyfðarlyfja

BRETLAND Ný kynslóð geðdeyfðarlyfja hefur lítill áhrif á flesta sjúklinga samkvæmt nýlegri rannsókn sem gerð var við Háskólann í Hull í Bretlandi og fréttavefur BBC greinir frá. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til að lyfin gögnguðust aðeins litlum hluta þeirra sem glíma við alvarlegustu gerð þunglyndis.

Framleiðendur tveggja algengustu geðdeyfðarlyfjanna, Prozac og Seroxat, renja niðurstöður rannsóknarinnar. Talsmaður lyfjafyrirtækisins GlaxoSmithKline sem framleiðir Seroxat sagði að í rannsókninni hefði aðeins verið skoðaður „lítill hluti þeirra gagna sem til eru.“

Í skýrslu rannsakenda er tekið fram að margir sjúklingar trúu því

að lyfin virki en að um lyfleysu-áhrif geti verið að ræða. Fólk líði betur einfaldlega vegna þess að það er að taka lyf sem það haldi að hjálpi þeim.

„Við höfum farið að reida okkur í of miklum mæli á geðdeyfðarlyf þegar aðrir kostir eru í stöðunni,“ sagði Dr Andrew McCulloch, yfirmaður hjá Geðheilsustofnuninni í Bretlandi og nefnir hann talmeðferðir sem dæmi. Dr. Richard Tiner, yfirmaður hjá Samtökum breskra lyfjaframleiðenda, sagði ljóst að það væru „umtalsverð lyfleysuáhrif“ í geðdeyfðarlyfjum við meðhöndlun vægra til miðlungseinkenna en bætti því við að ekkert lyf gæti fengið skráningu án þess að sýnt væri að það væri betra en lyfleysa.

„Dómsdagshvelfingin“ tekin í notkun

Alþjóðlega fræhvelvingin á Svalbarða er grafin djúpt inn í fjallshlíð á norsku eyjuni Spitzbergen. Þar verður erfðaeftirgöngu gætt fyrir hugsanlegum hamföllum í framtíðinni. Hvelfingin á að þola kjarnorkustríð, loftsteinaregn og loftslagsbreytingar.



NORREGUR Sífirerinn mun viðhalda frýstingu ef kælikerfi bilar.

ALPJÓÐLEGA FRÆHVELVINGIN Á SVALBARÐA

Kostnaður: 600 milljónir



Inngangur: Upplýstur með listaverki sem breytist í samræmi við norðurheimskautsdagsbirtuna.

Hvelfingin staðsett um 130 metra yfir núverandi sjávarmáli. Ekki mun flæða inn í hana þó að jöklar Grænlands bráðni.

Fræ geymd við 18 gráðu frost, gætu varðveist í þúsundir ára.

Heimildir: Global Crop Diversity Trust, Statsbygg. Mynd: Associated Press. © GRAPHIC NEWS

Aðalfundur SPRON hf.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á árinu 2007
2. Lagður fram til staðfestingar endurskoðaður ársreikningur félagsins árið 2007
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á árinu 2007
4. Tillaga til breytinga á samþykktum félagsins¹⁾
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðanda
8. Ákvörðun um þóknun stjórnar fyrir næsta kjörtímabil
9. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum fyrir hönd félagsins
10. Önnur mál

Aðalfundur SPRON hf. verður haldinn í Borgarleikhúsinu við Listabraut í Reykjavík í dag, miðvikudaginn 27. febrúar kl. 17.00.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstaði í fundarbyrjun.

Dagskrá fundarins ásamt tillögum liggja frammi til sýnis í Ármúla 13a í Reykjavík og eins má nálgast þær á heimasíðu SPRON, www.spron.is.

Stjórn SPRON hf.
Reykjavík, 26. febrúar 2007

¹⁾ Gerð tillaga um að aðalfundur samþykki orðalagsbreytingu á 13. gr. samþykpta félagsins þess efnis að 5% takmörkun atkvæðisréttar taki bæði til beinna og óbeinna yfirráða atkvæðisréttar.

Gaddfreðinn Edensgarður

Alþjóðlega frægeymslan á Svalbarða var tekin í notkun í gær. Þar verður hægt að geyma 4,5 milljónir fræsýna til varðveislu fyrir komandi kynslóðir. Hvelfingin kostaði Norðmenn 600 milljónir króna.

NORREGUR, AP „Þetta er frosinn Edensgarður,“ sagði Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, þegar hann kom inn í „dómsdagshvelfinguna“ á Svalbarða í gær.

Hvelfingin var formlega tekin í notkun í gær. Þar verða geymd fræ allra þekktra jurtagunda veraldar til þess að erfðaeftirgöngu þeirra glatist ekki hvað sem á gengur í þróun jarðar næstu aldirnar.

„Alþjóðlega fræhvelvingin á Svalbarða er váttrygging okkar,“ sagði Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, sem hélt til Svalbarða í gær ásamt tugum gesta sem tóku þátt í opunaráhrifunni.

„Þetta er Nóaark sem tryggir líffræðilega fjölbreytni handa kynslóðum framtíðar,“ sagði Stoltenberg í ávarpi sínu.

Gestirnir báru 75 fyrstu fræboxin eftir rauðum dregli í gegnum göngin sem liggja inn að frægeymslunum sjálfum. Í geymslunum verður hægt að geyma 4,5 milljónir fræsýna þar sem þau verða um þúsundir ára óhult bæði fyrir náttúruhamföllum og eyðileggingu af mannavöldum.

Norðmenn eiga fræhvelvinguna, sem hefur verið eitt ár í smíðum á Svalbarða. Norðmenn hafa varið

sem svarar um 600 milljónum íslenskra króna í þetta verkefni, en veita öðrum ríkjum heimild til að geyma þar fræ að vild og taka jafnframt út úr geymslunni eftir þörfum.

Söfnun fræsýna í geymsluna verður hins vegar á konnu samtakanna Global Crop Diversity Trust, sem stofnuð eru af Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlega rannsóknarhópnun Biodiversity International.

Fræin verða geymd í silfurhúðum hylkjum og verða allt að 500 frækorn í hverju sýni. Hylkjunum er raðað á hillur í þremur geymslum, sem hver um sig er 10 sinnum 27 metrar að flatarmáli.

Magnus Bredeli-Tveiten, sem stjórnaði byggingu hvelfingarinnar, segir að hún eigi að þola jafnt jarðskjálfta sem kjarnorkuárásir. Hvelfingin stóðst í það minnsta með ágætum fyrsta prófið þegar jarðskjálfti sem mældist 6,2 stig varð þar í síðustu viku.

Til eru frægeymslur víða um heim, en þær eru þó engan veginn jafn öruggar og þessi nýja geymsla á Svalbarða. Til dæmis eyðilögðust frægeymslur í Írak og Afganistan vegna stríðsátaka þar.

gudsteinn@frettabladid.is

TÖLVUNÁM á vorönn 2008



Computer and office courses
for beginners and advanced users

VIÐSKIPTAGREINAR

Bókhald I

Sérlega hagnýtt grunnnám í hand og tölvufærðu bókhald þar sem tekið er fyrir allt sem byrjendur í færslu bókhalds þurfa að kunna skil á til að geta unnið á skrifstofum við færslu bókhalds. Þátttakendur þurfa að hafa grunnþekkingu í tölvum og Excel.

Lengd 110 std. Verð: 94.000,-

Morgunnámskeið: Hefst 3. mars og lýkur 25. apríl. Tvö sæti laus

Kvöld og helgarnámskeið: Hefst 3. mars og lýkur 26. apríl. Uppselt

Kvöld og helgarnámskeið: Hefst 29. mars og lýkur 16. maí. Nokkur sæti laus

Bókhald II

Stutt og hagnýtt framhaldsnámskeið. Hentar þeim sem lokið hafa bókhaldsgrunni eða hafa bókhaldsreynslu. Fjárhagsbókhald – upprifjun og frh. VSK uppgjör og leiðréttingaskýrslur, launabókhald, launamiðar, launaframtal og skil til skatts. Afstemmingar og skil á bókhaldi til endurskoðenda ásamt lestri ársreikninga.

Lengd 32 std. Verð: 36.000,- Morgun og kvöldnámskeið hefjast 27. mars.

Navision fjárhagsbókhald.

Nám ætlað þeim sem hafa bókhaldsgrunni og vilja læra um færslu alls fjárhagsbókhalds í þessu útbreidda forriti.

Lengd 42 std. Verð: 49.000,-

Morgunnámskeið: Hefst 9. apríl og lýkur 25. apríl. Nokkur sæti laus

Kvöld og helgarnámskeið: Hefst 9. mars og lýkur 26. apríl. Uppselt

Kvöld og helgarnámskeið: 29. mars og lýkur 16. maí. Nokkur sæti laus

Tollskýrslugerð

Sérlega hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna og um meðferð allra helstu innflutningskjala ásamt reglum sem gilda um innflutning. Morgun og kvöldnámskeið hefjast 28. apríl.

Lengd 21 std. Verð: 28.000,-

ALMENN TÖLVUNÁMSKEIÐ

Tölvunám byrjenda

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að verða sjálfbjarga við almenna tölvunotkun. Kennir er þriðjudaga og fimmtudaga og er hægt að velja um morgun eða kvöldnámskeið.

Næsta námskeið hefst 4. mars og lýkur 3. apríl (páskafri 14. til 25. mars)

Lengd 42 std. Verð: 32.900,- (Ath endurgr stéttarfélag)

Almennt tölvunám.

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem eru komnir af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

Helstu kennslugreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, Outlook tölvupóstur og dagbók og Office 2007 kynning.

Kennt er mánudaga og miðvikudag og er hægt að velja um morgun eða kvöldnámskeið. Næsta námskeið hefst 5. mars og lýkur 16. apríl (páskafri 18. til 26. mars)

Lengd 63 std. Verð: 44.900,- (Ath endurgr stéttarfélag)

OFFICE 2007

Kynningar og aðlögunarnámskeið fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

VEFUR - GRAFÍK - MYNDVINNSLA

Grafísk hönnun.

Vinsælt og hagnýtt námskeið fyrir skapandi fólk. Photoshop CS3 – Illustrator CS3 – InDesign CS3 og PDF vinnsla. Hefst 3. apríl tvö sæti laus.

Vefsíðugerð I

Grunnnámskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndnotkun á heimasíðunni. Tekin eru fyrir tvö mest notuðu forritin, Dreamweaver og Photoshop.

Lengd 47 std. Verð: 49.000,- (Ath. endurgr. stéttarfélag)

Kvöldnámskeið hefst 26. mars og lýkur 23. apríl.

Vefsíðugerð II

Námskeið fyrir þá sem halda úti vefsíðu eða hafa grunn í vefsmíði og vilja bæta kunnáttu sína við gerð faglegra vefsvæða og verði sjálfbjarga við gerð flóknari vefsíðna. Dreamweaver, HTML og JavaScript. Lengd 31 std Verð: 32.000,-

(Ath. endurgr. stéttarfélag) Næsta kvöldnámskeið hefst 9. apríl.

Photoshop grunnur

Farið í helstu grunnþætti forritsins, áhöld, tæki og valmyndir svo þátttakendur öðlist skilning á myndvinnslu í tölvum og geti orðið sjálfbjarga við helstu aðgerðir forritsins sem almennir notendur þurfa að kunna skil á.

Lengd 21 std. Verð: 24.000,- Næsta námskeið hefst 26. mars og lýkur 7. apríl.

Stafrænar myndavélar

Stutt og hnitmiðað námskeið fyrir byrjendur. Farið yfir stillingar myndavéla, flytja myndir í tölvu og allt utanumhald og skipulag myndasafns í tölvu. Einfaldar lagfæringar mynda í Picasa forritinu, myndir sendar í tölvupósti, brenndar á CD, heimaþrentun/framköllun ofl. Lengd 14 std. Verð: 15.000,

Næstu þriggja kvöldna námskeið hefjast 6. og 26. mars.

SÉRFRÆÐINÁM

MCP XP

Hefst 15. apríl.

MCSA

Hefst 15. apríl.

Exchange Server 2003

Hefst 6. mars (2 sæti laus).

MCDST

Hefst 15. apríl.

Microsoft
CERTIFIED
Systems Administrator

ÖNNUR NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

Eldri borgarar grunnur

Hefst 31. mars.

Eldri borgarar frh

Hefst 1. apríl.

Dreamweaver

Hefst 9. mars.

Excel grunnur

Hefst 31. mars.

Excel framhald

Hefst 7. apríl.

VAKTAVINNUFÓLK ATHUGIÐ:

*Flest námskeið skólans
geta hentað ykkur
sérstaklega vel þar sem
möguleiki er að skipta
milli morgun- og
kvöldtíma eftir vöktum
án þess að missa úr.*



TÖLVUSKÓLINN
ÞEKKING

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

EKKI FYRIR ALLA
Stæði sem eru sérmerkt fótluðum eru eingöngu fyrir fatlaða og til þess að mega leggja í þau verður að vera með stæðiskort í bílnum sem sett eru í framrúðuna.

BÍLAR 2



GÓÐ TIL AÐ GANGA Á
Teppi á tröppum dempa hjóð milli hæða og draga úr bergmáli auk þess sem er hlýtt og notalegt fyrir berar tásur að ganga á þeim, sérstaklega ef þau eru svoltið loðin og mjúk.

HEIMILI 5



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ



Unu finnst að flestir ættu að heimsækja Indland einhverntíma á lífsleiðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Brjálaðir apar á þakinu

Una Særún Jóhannsdóttir laganemi fór ásamt kærasta sínum í ógleymanlega ferð til Indlands.

Una ákvað að ferðast til Indlands ásamt kærasta sínum yfir jól og áramót. Þessi ferð var ógleymanleg og þau upplifðu margt sem ekki er hægt að upplifa í hinum vestræna heimi. „Við höfum alltaf haft mikinn áhuga á Indlandi og okkur langaði að upplifa landið og þjóðina ásamt því að borða ekta indverskan mat. Ferðin tók fjórar vikur sem er ekki nægur tími til að skoða allt en við stefnum á að fara aftur síðar,“ segir Una.

Mikill tími fór í skipulagningu hjá Unu og kærasta hennar enda Indland stórt land og mikið af forvitnilegum stöðum til að heimsækja. Það var ákveðið að skipta tímanum til helminga, fyrstu tvær vikurnar í Norður-Indlandi og þær seinni tvær sunnar. „Við notuðum lestarsamgöngur og þá á oftast á nóttunni en flugum lengri vegalendir.“

Ferðalagið hófst í Norður-Indlandi og það í borginni Nýju-Delí þar sem Una var í nokkra daga en svo var haldið til hinnar heilögu borgar Varanasi sem er ein af elstu borgum Indlands. „Varanasi er mjög

trúarlegur staður. Hindúum þykir staðurinn afar ákjósanlegur til að deyja á. Mikið er lagt upp úr því að ösku hinna látnu séu dreifð í hið helga fljót Ganges. Við gistum á hóteli við fljótið og við hlið þess var líkbrennsla og því var fnykur af starfsemi hennar í loftinu,“ útskýrir Una og heldur áfram: „Það er skondið að segja frá því að afar erfitt var að ná að festa svefn vegna fólksins úti á götu sem var að kyrja og biðja bænir með tilheyrandi látum og lét klingja í böllum. Í þokkabót voru svo brjálaðir apar uppi á þaki sem voru ekkert á leiðinni að fara sofa eins og við,“ lýsir Una sem mun seint gleyma þessum stað.

Eins og flestir sem fara Indlands gátu þau ekki sleppt því að sjá Taj Mahal-höllina. „Það merkilegasta við Taj Mahal er að hún er jafn flott og hún lítur út fyrir að vera á myndum. Oft þegar maður hefur séð fræga og vinsæla staði á myndum verður maður fyrir vonbrigðum þegar komið er á staðinn en þarna átti það ekki við. Taj Mahal stóð algjörlega undir væntingum í alla staði,“ segir Una að lokum og bætir við að flestir ættu að heimsækja Indland á lífsleiðinni.

mikael@frettabladid.is

Parftu betri bíl?

Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga



LYSING.IS // 540 1500

Breiðhöfða



517 0000



Ford F150 Crew Lariat, 2007, 24þ.km. Verð 3.990.000.- Tilboð 3.500.000.-



Ford F150 Crew Lariat 2/04, 51þ.km. 35", loftpúðar, camper festingar. Verð 2.800.000.-



Ford F350 Crew King Ranch, 2006, 40þ.km. 35" Verð 4.290.000.- Tilboð 3.700.000.-



MMC Pajero Instyle, Nýr bíll, Diesel, bakkmyndavél. Verð 6.390.000.- Tilboð 5.900.000.-



MMC Pajero Intense, Nýr bíll, dísel, 7 manna. Verð 5.550.000.- Tilboð 100% lán 5.168.000.-



Toyota Land Cruiser 90, 33", 5/99, 190.þkm. sjálfskiptur. Verð 1.590.000.- Tilboð 1.400.000.-



SsangYoung Kyron 2,7 dísel, 7 manna, 12/07, 2þ.km. sjálfskiptur, leður. Tilboð 3.990.000.-



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Bremsuhlutir í alla jeppa og pickupa

Diskar
Klossar
Dælur
Borðar

Ísetningarþjónusta

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Bílastæðakort fatlaðra

Lögreglustjóri gefur út stæðiskort sem heimila notkun á bílastæði fyrir fatlaða.

Umsókn um stæðiskort þarf að fylgja læknisvottorð og þær upplýsingar fengust hjá Heiðu Gestsdóttur lögfræðingi að ákvörðun um veitingu þess væri byggð á umsögn læknis. Skilyrði fyrir útgáfu kortsins er að umsækjandi hafi sérstaka þörf á ívilnun til að leggja ökutæki í sérmerkt stæði hvort heldur sem ökumaður eða farþegi, geti ekki gengið eða eigi mjög erfitt með að hreyfa sig.

Kortin eru gefin út í tiltekinn tíma, að hámarki fimm ár en ekki skemur en tvö ár, þó er hægt er að gefa út tímabundin kort í skemmri tíma ef þörf er á. Þegar ökutæki er lagt í stæði skal kortinu komið fyrir innan við framrúðu þannig að framhlið þess sjáist vel að utan og er lögreglumanni heimilt að leggja hald á stæðiskort leiki grunur á misnotkun. Lögreglustjóri getur afturkallað kortið sé það misnotað.

Synjun á umsókn um stæðiskort er hægt að skjóta til úrskurðarnefndar sem skipuð er einum fulltrúa tilnefndum af ríkislögreglustjóra, fulltrúa tilnefndum af



Til þess að mega leggja í stæði merkt fötludum þarf að vera með sérstakt stæðiskort í bílnum.

Sjálfstjórnun landssambandi fatlaðra og fulltrúa tilnefndum af landlækni.

Sjá reglugerð um útgáfu og notkun stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, nr. 369/2000 www.reglugerð.is

Viðurlög við að leggja í stæði merkt fötludum án þess að hafa stæðiskort er líkt og fyrir almennt stöðubrot eða 2.500 krónur.

Hægt er að fá sérmerkt stæði fyrir utan einkaheimili og er þá sótt um til Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og skal skila inn læknisvottorði. Nefnd metur umsóknina út frá læknisvottorði og getur veitt leyfi fyrir merktu stæði til allt að fimm ára. Umsækjandinn greiðir sjálfur fyrir skilti en Reykjavíkurborg sér um uppsetningu þess við heimili umsækjanda.

heida@frettabladid.is

Áberandi glæsilegur

7 manna sjálfskiptur dísil sportjeppi...

- MEIRI BÚNAÐUR
- MEIRI KRAFTUR
- MEIRA RÝMI

- 18" Álfelgur
- Aksturstölv
- Bakskynjari
- ARP - Veltivörn
- Tölvustýrð spólvörn
- TOD - Sjálfvirk drifstýring
- LRS - Heldur hæð við hleðslu
- DCS - Eykur öryggi niður brekkur
- Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ESP - Stöðugleikastýring (aftenganleg)
- Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri



Hyundai bíll ársins

FÓLKSÞÍLLINN I30 FRÁ HYUNDAI HEFUR VERIÐ VALINN ÞÍLL ÁRSINS Í ÁSTRALÍU. HANN VAR NYVERIÐ FRUMSÝNDUR OG ER HONUM ÆTLAÐ AÐ KEPPA VIÐ TOYOTA COROLLA OG VOLKSWAGEN GOLF.

Bíllinn hlaut 94 af 99 mögulegum stigum hjá dómnefndinni, sem samanstóð af reyndustu ritstjórum og blaðamönnum Ástralíu.

Alls voru 48 nýir bílar prófaðir. Voru þeir metnir út frá tíu ólíkum þáttum, þar á meðal hönnun, tækni, verðlagningu, aksturseginnleikum og því hversu miklum útblæstri stafaði frá þeim. Hyundai i30 var prófaður í díslútgáfu og varð hann einnig fyrir valinu sem umhverfisvænasti bíll ársins.

Frá því að i30 var kynntur í byrjun janúar á Íslandi hefur hann verið uppseldur. Að sögn Andrésar Jónssonar, upplýsingafulltrúa B&L, er nú aftur hægt að fá bíla afhenta samstundis. „Við fengum ágætis úrval af bílum með síðasta skipinu sem kom í Sundahöfn. Við höfum fundið fyrir vaxandi eftirspurn eftir fólksbílum sem eru bæði með sjálfskiptingu og dísilvél. Svo stýttist í að við fáum þessa bíla í station-útgáfu.“



BMW 1-línan er með lága bilanatíðni.

BMW bílar minnst

BMW 1-línan reyndist vera með fæstar bílanir og lenti því í fyrsta sæti í nýlegri rannsókn þar sem bilanatíðni meira en 15 milljóna notaðra bíla var könnuð. Þýskir bílar komu almennt vel út úr könnuninni.

Rannsóknin sýndi að 97,8 prósent BMW 1-línunnar var án allra bílana í atriðum eins og vél, bremsur, raflögnum, stjórnstækjum eða undirvagni. Skoda Octavia fylgdi fast á eftir með 97,7 prósent. Í heildina voru þýskir bílar efstir í 14 af 21 flokki þó að þeir séu að jafnaði keyrðir fleiri kílómetra en bílar framleiddir í öðrum löndum.

Einn helsti munurinn á þessari rannsókn og ýmsum öðrum sem gerðar hafa verið á

endingu og gæðum bíla er sá að miðað var við ekkinn kílómetrafjölda en ekki aldursbilsins.

Rannsóknarstofnunin Dekra GBMH telur aðferðina gefa nákvæmari mynd af gæðunum. Clemens Klinke, framkvæmdastjóri Dekra, segir að neytendur ættu jafnframt að hafa betra gagn af því að vita hvernig endingin og bilanatíðnin er miðað við akstur, þegar þeir velja á milli notaðra bíla.

Að minnsta kosti 1.000 bílar þurftu að vera af bílategundunum á götunni til að þær væru teknar til greina. Alls voru 150 tegundir bíla skoðaðar og var þeim skipt í flokka eftir því hvort þeir voru eknir 0 til 30.000 kílómetra, 30 til 60.000 kílómetra eða 60 til 90.000 kílómetra. Stærri bílum var skipt í flokka með 50.000 km millibili.

Bíla- og hjólalyftur



Vökvadrifnar á góðu verði

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

ÚTSALA HEILSÁRSDEKK

Ath! takmarkað magn



AMTEL
NordMaster

| Dekk | Stærð | Áður | Tilboð |
|-------------------|----------------|---------|---------|
| NordMaster ST | 13" 175/70R 13 | 5.990,- | 3.990,- |
| NordMaster ST-310 | 14" 185/65R 14 | 6.900,- | 4.900,- |
| NordMaster ST | 15" 195/65R 15 | 7.990,- | 5.990,- |
| NordMaster ST | 15" 205/65R15 | 8.600,- | 7.600,- |
| NordMaster ST | 15" 205/70R 15 | 8.900,- | 7.900,- |
| NordMaster ST-310 | 16" 205/55R 16 | 9.990,- | 8.900,- |

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf. bfo@bfo.is

NISSAN SUBARU HONDA
ISUZU OPEL

SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Meirapróf



ÖKU SKÓLINN Í MJÖDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 5. mars

Stilling
www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bildshöfði 12, 110 Reykjavík | Smíðjuvegur 68, 200 Kópavogur
Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður | Draupnigata 1, 600 Akureyri
Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

allt heilsa

Alla þriðjudaga og fimmtudaga



Langferðalagið undirbúið vel

GOTT ER AÐ KYNNA SÉR TILVON- ANDI ÁFANGASTAÐI VEL AÐUR EN LAGT ER AF STAÐ.

Ferðahandbækur eru mjög snið- ugar og gaman getur verið að lesa sér svölítið til um þau lönd sem stendur til að heimsækja áður en ferðalagið hefst. Þegar komið er á staðinn getur svo verið gott að nota bækurnar til þess að finna áhugaverða staði, veitingahús og hótél.



GISTING Í HÖRPUHÚSI
Kaupmannahöfn
<http://surprizetravel.is/gistingdk.html>
Nánari upplýsingar í síma 822-3890

Barcelona

28. eða 31. mars

frá kr. **21.690**



Allir elska vorið í Barcelona!

Heimsferðir bjóða einstök tilboð á allra síðustu sætum til Barcelona í mars. Í boði er frábært tilboð á þriggja náttu helgarferð 28. mars og á flugsætum 31. mars. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Borgin býður frábært mannlíf og óendanlega fjölbreytni í menningu, afþreyingu og úrvali fjölbreyttra veitingastaða og verslana. Gríptu þetta frábæra tækifæri – takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði!

Verð kr. **21.690**

Netverð á mann, flugsæti báðar leiðir með sköttum, 31. mars-3 apríl.

Verð kr. **44.990**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Catalonia Aragon *** í 3 nætur með morgunverði.

Verð kr. **52.990**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Catalonia Plaza **** í 3 nætur með morgunverði.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Áð í fállegri vík á leiðinni.

Nemendur búa um borð

Íslenska fjölskyldufyrirtækið Seaways rekur seglskútuleigu í Göçek í Suður-Tyrklandi. Það mun standa fyrir tveimur skútusiglinganámskeiðum í apríl fyrir þá sem hafa aflað sér bóklegra skipstjórnarréttinda.

„Á námskeiðunum fer fram verkleg kennsla fyrir allan þann fjölda af punga- prófskonum og -körlum sem hafa aflað sér réttinda undanfarin ár,“ segir Öundur Jóhannsson flugstjóri, einn eigandi fyrir- tækisins og stjórnandi námskeiðanna. Hvert námskeið stendur yfir í tíu daga og hefst það fyrra hinn sjöunda apríl og hið seinna hinn átjándi. Fyrra námskeiðið hefst í Göçek og lýkur í Antalya en hið seinna hefst í Antalya og lýkur í Göçek. „Farið verður í skemtri siglingar á Göçek-flóa auk lengri ferða og nætursiglinga. Áð verður og varpað akkerum í fállegum víkum en þátttakendur munu búa um borð á meðan á námskeiðinu stendur,“ segir Öundur.

Nemendur koma til með að fá þjálfun í stjórnun seglskipa, sem og annarri vinnu um borð að sögn Öundar. Sú vinna felur í sér skipsstjórn, notkun siglingatækja og beitingu skips, seglbúnaðar og vélar við ýmiskonar aðstæður. „Þarna gefst einstakt tækifæri til að sigla í fállegu umhverfi við frábærar aðstæður,“ segir Öundur, en að námskeiði loknu öðlast þátttakendur réttindi til að stjórna seglskipum. Þeir verða þó að hafa lokið bótlegru prófi.

Auk námskeiðanna mun Seaways vera með skútur í tveimur siglingakeppnum í ár. „Við munum taka þátt í 9th International Göçek Regatta og 6th International Autumn Regatta. Við verðum með nokkrar skútur í báðum keppnum og er fólk frjálst að hafa samband og skrá sig,“ segir Öundur. Nánari upplýsingar má finna á www.seaways-sailing.com vera@frettabladid.is



Öundur Jóhannsson kennir réttu seglskútuhandtökin.



Seaways var með skútur í 8th International Göçek Regatta siglinga- keppninni síðastliðið vor og mun einnig taka þátt í ár.

Afmælisfjör Express

Iceland Express er fimm ára í dag og býður af því tilefni fimm þúsund flugsæti á 6.995 krónur.

„Það er alltaf gaman í afmælis- veislum og við viljum gefa öllum kost á að taka þátt í þessari með okkur,“ segir Linda Sörensen, sölufulltrúi hjá Iceland Express, um þau fimm þúsund flugsæti sem þar eru til sölu á spottprís í dag og á morgun. Áfangastaðirnir eru fimm; Alicante, Barcelona,

Berlín, London og Kaupmannahöfn og verðið aðra leiðina er bara 6.995 með öllum sköttum og gjöldum. Ferðatímabilið er frá 1. mars til 15. maí þannig að nú þarf fólk að fara að skipuleggja vorfrí.

Salan hefst klukkan 12 á hádegi í dag stundvíslega og lýkur klukkan 17 á morgun, fimmtudag. Að sögn Lindu er mikill áhugi hjá þjóðinni á að nýta sér afmælis- boðið. „Fimm ára afmæli eru gjarnan dálítið lífleg og þetta verður engin undantekning,“ segir hún glaðlega.



Barcelona er einn af áfangastöðunum í afmælistilboði Iceland Express. Ekki dónalegt að spóka sig um á Römlunni í apríl.

- gun



Axminister-teppi úr 100% póliamid er slitsterkt og þríf á því auðveld. Hver lykka er ofin í stálþráð og raknar ekki upp, því þarf ekki að falda kanta. Fæst í Gólfnavali í Vatnagörðum.

Ekta Sisel-teppi úr náttúrulegum efnum eru vinsæl enda látlaus en ekki nógu slitsterk á stiga fjölbýlishúsa.

Slitsterkt, þunnt og snarpt efni sem er til í fjölmörgum litum í versluninni Steppi í Ármúla 32.

Svokölluð Terrazzo-teppi eru oft lögð á tröppur og einkum í dempuðum jarðarlitum. Þetta fæst í Kjaran í Síðumúla 12-14.

Teppi algeng á tröppur

Engar reglur gilda um gólfefni á innanhússtigum. Eikarþrep eru stílhrein, marmari enn meira grand, að ekki sé talað um gler. Teppalagðir stigar eru hlýlegir og stamir auk þess sem þeir bæta hljóðvistina.

Húsbyggjendur og íbúðaeigendur hafa úr ýmsum efnum að velja er þeir setja upp stiga eða leggja á þá gólfefni. Þar er það smekkurinn sem ræður. Eina öryggisreglan sem gildir um efni á tröppur er sú að flóttaleiðir ofan af hæðum séu ekki hálar. Er þar einkum átt við bruna-stiga utanhúss.

Ef stigar í heimahúsum eru steinteyptir eru þeir ýmist parket-,

flísa- eða teppalagðir. Stigaþrep úr gegnheilum harðviði eru líka vinsæl, marmari sígildur og glerþrep þykja flott. Teppalagðir stigar eru ótvírætt öruggastir því í þeim er hálfan minnst og teppi eru algengasta gólfefnið á göngum fjölbýlishúsa. Þar þykja lykkjuefni langbest því auðvelt er að þrifa þau, jafnvel með venjulegum ryksugum. Loðnari teppi sem búið er að klippa upp úr eru vissulega virðuleg að stíga á en ekki jafn þægileg þegar kemur að þrífum.

Teppalagðar tröppur dempa hjóð milli hæða og draga úr bergmáli, bæði á stigum fjölbýlishúsa og innan íbúða. Arkitektar sem eitt-hvað spá í hljóðvist húsa snúa sér því að þeim í auknum mæli.

gun@frettabladid.is



Sisel-teppin fara einkar vel á stigum innan íbúðar og eru hljóðeinangrandi.



Magnús Skúlason arkitekt.

Einfalt og glæsilegt

Magnús Skúlason arkitekt dreymir um að búa í 400 ára glæsivillu suður á Ítalíu.

„Draumahúsið mitt er til niðri á Ítalíu í borginni Vicenza. Það heitir Villa Capra „La Rotonda“ og er eftir endurreisnararkitekt að nafni Palladio,“ segir Magnús. „Þetta er hús sem er mjög einfalt að allri gerð, byggt á súlnaröðum í fjórar áttir og algerlega symmetrískt. Það er byggt á ferningi og hring sem er hið fullkomnasta form

sem ég get hugsað mér og mig hefur alltaf langað til að búa í þessu húsi á þessum stað á Ítalíu. Það er hringlaga þak ofan á húsinu og stórt miðrymi eða hol sem teygir sig alveg upp í hvolfþakið og umlykjandi gluggar og svo eru náttúrulega salir, svefnherbergi og stofur sem umlykja þetta rými á tveimur hæðum. Rýmið er öll mjög falleg og öll gólf klædd með marmara og veggir skreyttir. Húsið er afar glæsilegt í öllum hlutföllum og þetta er draumahúsið mitt.“

- rat

Valsað ál

fyrir þök og veggi
Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 16 litum

Ál er okkar mál

ÁLÞAK

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.althak.is

FERMINGARTILBOÐ

sjá www.svefn.is

Svefn & heilsa



Dalsbraut 1
Akureyri - Sími 461 1150

Listhúsinu Laugardal
Reykjavík - Sími: 581 2233

vetrarlíf

MÍÐVIKUDAGUR 27. FEBRÚAR 2008



Hanakambar og tjulpils

Keppendur í kvennaflokki í
snjókrossi brugðu á leik um
helgina.

BLS. 4



NORDICPHOTOS/GETTY



Úrvalið af Knorr súpum er
frábært. Veldu þína uppáhalds
eða prófaðu bara alveg nýja.
Bragðgóð máltíð á met tíma.



Hlýtt í vetur

Á köldum og dimmum vetri er nauðsynlegt að fá bæði
fallegan lit í tilveruna og yl í kroppinn og hjúfra sig inni
í hlýjunni yfir heitri súpum eða potttrétti frá Knorr. **Alltaf
einfalt, litríkt og gott með Knorr!**

PIRELLA GÖTTSCHE LOWE



Sportinu geta fylgt mikil líkamleg átök.



Fjórhjólamenn á Lyngdalsheiði.



Erik Carlssen, faðir Rögnvaldar, sem er 72 ára, gefur hressilega í.

Sport fyrir unga sem aldna

Rögnvaldur Eiríksson hefur mikið ferðast um á fjórhjóli nú í vetur en hann byrjaði í sportinu fyrir rúmu ári. Áður var hann í rallíkrossi. Rögnvaldur stundar sportið í félagi við syni sína, föður og aðra vélhjólááhugamenn.

„Faðir minn er 72 ára og strákarnir mínir byrjuðu á æfingabrautunum tíu ára svo þetta er fyrir fólk á öllum aldri,“ segir Rögnvaldur en hann situr í stjórn Slóðavina sem er nýstofnað félag áhugamanna um ferðamennsku og útivist á vélhjólum. „Markmið félagsins er meðal annars að auka þekkingu vélhjólafólks, almennings, fjölmíðla og stjórnvalda á notkun vélhjóla til ferðalaga og útivistar en það mun einnig

miðla upplýsingum um akstursleiðir, standa fyrir ferðum og fræðslufundum,“ segir Rögnvaldur.

Hann segist aðallega fara í styttri dagsferðir yfir vetrartímamann en hann notar hjólið þó meira á veturna en á sumrin. „Við förum gjarnan frá Bolöldusvæðinu, sem er æfingasvæði vélhjólamanna við Litlu kaffistofuna, og upp á Helligsheiði en þar liggja vegslóðar inn eftir öllu. Síðan er líka vinsælt að fara frá Þingvöllum, upp í Skjaldbreið og niður Lyngdalsheiðina,“ segir Rögnvaldur. Á sumrin segir hann menn fylgja vegum og slóðunum í hvívetna en á veturna er líka keyrt á snjónum. Fjórhjólín eru götuskráð og þau má líka keyra á almennum vegum.

Rögnvaldur segir best að hjóla í harðfenni. „Við látum lausan snjó þó ekki aftra

okkur og erum stundum með skaflana upp að mitti. Rögnvaldur tekur það fram að mikil áhersla sé lögð á það að keyra ekki á gróðursvæðum og að spæna ekkert upp.

Hann segir það reyna mikið á líkamann að þeysast um á hjólunum. „Maður hristist til og frá allan daginn og lendir í alls kyns ævintýrum. Ég er með drif á öllum hjólum en faðir minn bara með að aftan sem er miklu meira púl.“

Rögnvaldur segir það kosta sitt að koma sér upp búnaði til að geta stundað sportið að alvöru. Hjólin kosta frá 500.000 krónum og upp í tæpar tvær milljónir en síðan verða menn að verða sér úti um fullkominn hlífðarbúnað. „Það er nauðsynlegt að vera í sérstökum, skóm, hjólagalla og með góðan hjálm. Annað er alger óráðsía.“



Rögnvaldur Eiríksson, sem situr í stjórn Slóðavina, hefur stundað fjórhjólasportið í um eitt og hálf ár.

Ullur er guð skíðamanna

Skíðagöngufélagið Ullur er félagsskapur áhugafólks um skíðagönguáttir á höfuðborgarsvæðinu. Félagsmenn ganga mikið í Bláfjöllum þar sem öllum krökkum er boðið á æfingar á laugardögum.

Félagið var stofnað í júlí í fyrrasumar. Stofnfélagar voru um fimm tíu og fyrir valinu varð nafnið Ullur sem er guð skíðamanna samkvæmt Snorra-Eddu.

„Félagið var upphaflega stofnað í kringum fólk sem hefur stundað almenningsgöngur. Til dæmis Vasagönguna í Svíþjóð sem fer fram um þessar mundir. Það er lengsta almenningsganga í heimi og hefur verið farin síðan árið 1922. Gangan er 90 kílómetra löng og er farin á milli tveggja bæja sem nefnast Selen og Mora. Síðan eru í boði ýmsar vegalengdir sem henta allri fjölskyldunni. Það er heil vika sem fer í þennan viðburð og þó nokkrir félagsmenn frá okkur sem taka þátt árlega,“ segir Anna Kristín Sigurpálsdóttir, varaformaður félagsins. Í dag eru félagar rúmlega áttatíu, sem flestir ganga sér til ánægju og heilsuþótar. Fæstir eiga keppnisferil að baki en þó keppa nokkrir félagar endrum og eins.

„Markmiðið er að halda utan um skíðagönguáttir á höfuðborgarsvæðinu. Við tókum eftir hve stór hópur gengur í Bláfjöllum og þá vaknaði sú hugmynd að stofna félagið. Þennan hóp vantaði einhvers konar talsmann og nú beitum við okkur fyrir því hvernig spor er best að leggja, veitum upplýsingar og vinnum að því að koma upp aðstöðu,“ segir Anna Kristín sem hóf skíðagönguáttir fyrir tveimur árum.

Lítill hefð hefur verið fyrir skíðagönguáttir á Íslandi. Anna Kristín segir þó meiri hefð fyrir íþróttinni úti á landi



Anna Kristín Sigurpálsdóttir notar hvert tækifæri til að skella sér á gönguskíði í góðu veðri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

og nefnir Ísafjörð, Ólafsfjörð, Siglufjörð, Akureyri og Strandir þar sem fólk er duglegra að leggja spor. „Starfsmenn Bláfjalla hafa staðið sig gríðarlega vel upp á síðkastið. Þar hafa menn keppt við að hafa tilbúin spor frá klukkan 17 á virkum dögum og frá kl. 10 um helgar þegar veður leyfir,“ útskýrir Anna Kristín sem segir félagið í

miklu og góðu samstarfi við forsvarsmenn Bláfjalla. Hún segir skíðagönguna mikið fjölskyldusport þar sem flestir geta verið með. „Fjölskyldan getur gengið saman og mín reynsla er sú að krakkar eru mjög fljótir að ná tækninni,“ segir Anna Kristín og bætir við að alla laugardaga séu krakkaæfingar kl. 13 í Bláfjöllum, þegar veður leyfir, þar sem allir séu velkomnir. Þar er þjálfari sem tekur á móti krökkunum og til stendur að fara með hópinn á næstu Andrésar Andar-leika sem fram fara á Akureyri í apríl.

Einnig tekur Anna Kristín fram að fólk geti gengið annars staðar en uppi í Bláfjöllum. „Skógræktin hefur verið dugleg að leggja spor í Heiðmörk, þegar aðstæður leyfa. Einnig hefur golfvöllurinn í Garðabæ líka lagt spor fyrir okkur. Síðan er vel hægt að nota staði eins og Klambatún- ið og Laugardalinn þó ekki séu lögð spor þar,“ segir Anna Kristín og bendir á upplýsingar á heimasíðu félagsins.

Félagið stendur ekki fyrir reglulegum æfingum og til stendur að halda námskeið fyrir byrjendur. Þau verða auglýst á heimasíðu félagsins. Anna Kristín segir lítið um leigu á skíðagönguútbúnaði og lýsir hér með eftir búnaði. „Ef fólk á skíðagönguútbúnað, jafnvel bara stafi eða skó sem það vill losna við, má það endilega hafa samband við okkur. Síðan stendur til að koma upp lager í Bláfjöllum,“ segir Anna Kristín. Hún segir marga duglega við að ganga eftir vinnu og nú er unnið að því að koma upp aðstöðu. „Við erum að vinna að skipulagningu á svæðinu en einnig er markmiðið að eignast aðstöðu einhvern tíma. Þar gæti fólk fengið upplýsingar, leigt og smurt skíði og komist í kaffi,“ segir Anna Kristín. Allar nánari upplýsingar er að finna á skíðagöngufélag.blog.is.

rh@frettabladid.is

Kraftmikil vorðagskrá



8 vikna námskeið
hefst 3. mars

KONUR ÁTAK

Laugar, Spöng, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes
Frábær leið til að koma sér vel á veg til bættrar heilsu.

KARLAR ÁTAK

Laugar, Seltjarnarnes og **Nýtt** Mosfellsbæ
Frábær leið til að koma sér vel á veg til bættrar heilsu.

PEAK PILATES

- 1. og 2. stig
- Takmarkaður fjöldi
Laugar og **Nýtt** Seltjarnarnes

MÖMMUTÍMI

- Nýbakaðar mæður með börnin með

ROPE YOGA

- Takmarkaður fjöldi

JÓGA á meðgöngu

- Takmarkaður fjöldi

HERÞJÁLFUN

- Námskeið fyrir þá sem vilja meira en við hin

Aðgangur að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Seltjarnarneslaug,
tækjasölum og opnum tímum fylgir ofangreindum námskeiðum.

Skráning í Laugum í síma 553 0000, Spönginni í síma 553 5000,
Mosfellsbæ í síma 566 7888 og Seltjarnarnes í síma 517 0608

Nú er hægt að ganga frá skráningu á öll námskeiðin á heimasíðu
okkar www.worldclass.is

WorldClass
ICELAND

Laugar s. 553 0000 - Spöngin s.553 5000 - Í húsi Orkuveitunnar s.562 6200
Mosfellsbæ s. 566 7888 - Seltjarnarnes s. 517 0608
Hafnarfjörður s. 517 0607 - Kópavogur s. 517 0609

www.worldclass.is

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

HLEÐSLUTÆKI

SJÁLFVIRK
6v / 12v / 24v 0,8A - 25A



Snilldartæki sem mega vera í sambandi allt árið og geta hlaðið allar gerðir rafgeyma.

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is

Geymslu- og dekkjahillur

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman.
Skrúfufrítt og smellt saman.



kr.9.990.-
viðbótareining kr. 7.379.-

Ísöld ehf.
Nethyl 3-3a · 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 · Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS



Keppnin hófst með látum en hér sjást þær Halla Berglind Arnarsdóttir, Hulda Þorgilsdóttir, Vilborg Daniëlsdóttir, Berglind Ósk Guttormsdóttir, María Sigurrós Ingadóttir og Svala Vibeke Kristinsdóttir á fleygiferð.

MYND/JÓN H.R. JOHANNSSON

Hanakambar og tjullpils í brautinni

Kvenkyns keppendur í snjó-krossi beittu óvenjulegum aðferðum til að vekja á sér athygli í þriðju umferð Íslandsmóts í snjócrossi, sem fór fram á Lágheiði um helgina.

Fjöldi áhorfenda mætti til að fylgjast með þriðju umferð Íslandsmóts í snjócrossi sem fór fram á Lágheiði á milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar um helgina. Keppt var í meistaraflokki, sportflokki, unglingsflokki, 35 ára og eldri og kvennaflokki. Sérstaka athygli vakti klæðaburður keppenda í kvennaflokki, sem kepptu á mótinu í bleikum og grænum tjullpilsum með litríka hanakamba á hjálmunum.

Að sögn Vilborgar Daniëlsdóttur, eða Villu Dan eins og hún er kölluð, sem tók þátt í keppninni, var markmiðið með klæðnaðinum að koma kvennaflokknum á framfæri. Hún segir það hafa tekist en hún á sjálf heiðurinn af því að hafa saumað pilsin á aðeins einu kvöldi.

Vilborg, sem keppti á Arctic Cat sno pro 440 fyrir hönd Team Artic, hefur barist fyrir því að fjölga konum í snjócrossi, en ekki eru nema nokkur ár síðan þær fóru að keppa í íþróttinni á Íslandi. Að sögn Vilborgar hefur tíðkast að kynin kepptu saman í snjócrossi vegna lítillar þátttöku kvenna, en markmiðið með fjölgun kvenna var að stofna sérstakan kvennaflokk.

„Við byrjuðum nokkrar á að fara í Sleðaskóla Laxa á Grenivík.



Kynning á keppendum fór fram á Akureyri föstudagskvöldið 22. febrúar klukkan 19 fyrir framan fyrirtækið K2Icehobby, sem er til húsa að Dalsbraut 1.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLLI

Síðan fékk ég nokkrar stelpnanna til að fara út í það að keppa í vetur. Í fyrstu keppninni vorum við sjö í Bolöldu, svo vorum við sex í þeirri sem haldin var á Akureyri og jafn margar um helgina,“ segir Vilborg og bætir við að konurnar séu á aldrinum 23 til 33 ára, flestar með reynslu af motocrossi og sleðaferðum á fjöllum. Fæstar hafi hins vegar keyrt á braut áður en þær tóku þátt í umferðinni á Bolöldu.

Þrátt fyrir það segir Vilborg að konurnar hafi sýnt frábæra taktá á brautinni og keppnin hafi verið mjög hörð um helgina, þar sem Berglind Ósk Guttormsdóttir sigraði með 71 stig, en hún keppti á Polaris IQ 440 fyrir hönd Team Cobolt.

Aðspurð hvort nauðsynlegt hafi verið að stofna sérstakan kvennaflokk í snjócrossi, segir Vilborg að konurnar hafi verið sammála um það svo þær hefðu svigrúm til

að keyra eftir sinni getu. „Það er ákveðinn munur á okkur og körlunum. Það er meiri hraði á þeim, en keppnisandinn er hins vegar sá sami,“ segir Vilborg, sem varð fyrir því óláni um helgina að Berglind keyrði á sleðann hennar, sem fór ekki í gang eftir það. Vilborg varð því að láta sér nægja fimmta sætið.

Að sögn Vilborgar hefur konunum verið vel tekið og ekki síst af karlkyns keppendum. „Þeir eru rosalega hjálpsamir og snúast í kringum okkur,“ segir hún og hlær, en bætir við að stundum gleymist tilvist kvennanna í öllum hamanganginum sem verður í kringum keppnirnar. „Eins og þegar þeir kalla: Jæja, strákarnir, komið og þenjjið græjurnar,“ tekur hún sem dæmi. „Strákarnir eru bara enn að venjast þessu, en þetta er allt saman að þokast í rétta átt.“

-rve

Kústað og rennt á ísnum

Krulluþróttin er lítið þekkt íþrótt á Íslandi. Þó er hún ansi vinsæl í kaldari löndum heimsins og hefur verið stunduð á vetrarólympíuleikum til fjölda ára. Krullan, eða „curling“ eins og hún nefnist á frum málinu, er leikin á sléttum ís. Leikurinn felst í að 20 kílóa granítsteini er rennt eftir endilangri braut og látinn lenda sem næst miðju í höfn eða húsi. Leikmenn eru með sleipan botn undir öðrum skónum auk þess að nota sérstaka kústa. Bæði til að sópa svellið, hita það og styðja við steininn þegar honum er rennt.

Fjórir leikmenn eru í tveimur liðum. Liðsstjóri stendur í höfn og gefur kastaranum merki um hvar steinninn eigi að hafna. Þegar steininum er rennt er hann látinn snúast í átt sem liðsstjóri skipar fyrir. Steinninn snýst síðan á meðan hann rennur yfir leikvöllinn. Þaðan er nafnið „curling“ komið.

Í hvert sinn sem leikmaður rennur steini eru tveir aðrir tilbúnir með kústana. Við það að sópa svellið hitnar efsta lagið örliðið og steinninn rennur betur og beygir minna eftir því sem hann rennur hraðar.

Hvort lið hefur átta steina og hver leikmaður rennur tveimur steinum í hverri umferð. Í leikjum



Vetrariþróttir eru fjölmargar. Krulla er ein þeirra og er stunduð bæði á Akureyri og í Reykjavík.

á Íslandi er venjan að hver leikur sé sex umferðir eða þá að leikið er í tiltekinn tíma.

Stig eru talin eftir hverja lotu og það lið sem hefur fleiri stig samanlagt sigrar í leiknum. Krulla hefur verið spiluð á Akureyri frá 1996 og frá 2000 í Skautahöllinni á Akureyri. Þar eru sex krullubrautir og geta tólf lið spilað samtímis. Í Reykjavík eru krulluæfingar stundaðar í Skautahöllinni í Laugardal.

Heimildir og nánari upplýsingar: www.sasport.is

-rh

VDO Útsala



**Dekk + Felgur
Frábær
pakkatilboð**

30x9,5R15 kr. 100.000,-
31x10,5R15 kr. 105.000,-
32x11,5R15 kr. 110.000,-
33x12,5R15 kr. 125.000,-
35x12,5R15 kr. 130.000,-

265/75R16 kr. 120.000,-
285/75R16 kr. 145.000,-

285/70R17 kr. 140.000,-
33x12,5R17 kr. 190.000,-

Chaparral

15x8 - 6x139,7
Tilboð kr. 7.950,- stk
15x12 - 6x139,7
Tilboð kr. 14.451,- stk
16x10 - 8x170
Tilboð kr. 17.588,- stk

16x10 - 8x165,1
Tilboð kr. 17.588,- stk
16x10 - 6x139,7
Tilboð kr. 14.940,- stk



**50%
Afsláttur
af völdum
jeppafelgum**



Mótorhjólavörur
30% afsláttur



Vespa
Verð frá
129.900,-



GS Storm SUT á sértöku tilboði
39.990,-

RC Varahlutir 50% afsláttur
RC Aukahlutir 20% afsláttur

T-Maxx 48.990,-
Storm SUT 39.990,-
Storm XUT 55.990,-
Storm Buggy 49.990,-
Shadow 29.990,-



-25-70%

Mangels

Gott úrval af álfelgum
undir flesta bíla. 13 - 17"

Gúmmibátur
55.990,-

*án mótors



Lay-Z-Spa
62.990,-

Með hitara
og nuddi



Gildir til 29.2.08 eða meðan birgðir endast

VDO

Opið Mán - Fös: 8-18 - Lau: 10-14

Borgartún 36 - s: 588 9747 - verslun@vdo.is - www.vdo.is

Það eru ekki lengur bara langafar sem nota sixpensara heldur má nú sjá yngri herra menn með slíkt höfuðfat og bera það vel. Sixpensari úr ull og leðurhanskar frá Vinnufatabúðinni á Laugavegi á 3.900 krónur hvort.



Sparilegur brúnköflóttur trefill frá 4 Dot, Laugavegi. 1.989 krónur.



Rósamunstraðir ullarvettlingar kjörnir til snjókarlagerðar og falleg húfa í stíl með flípum fyrir eyrun kemur sér líka vel í úti-vistinni. Ullarvettlingar, 1.420 krónur, frá Hinu horninu, Laugavegi 100, og húfa í stíl, 1.860 krónur.



Það er alveg óhætt að nota þessa belgmiklu húfu þótt engar Bob Marley-plötur leynist í plötusafninu. Svörtu grifflurnar eru síðan þægilegar þegar þarf að nota fingurna í kuldanum. Húfa 1.499 krónur og svartar grifflur á 989 krónur frá 4 Dot.

Stórt og hlýtt ullarsjal sem má vefja þétt um sig og nota bæði spari og hvunn dags. Hitt hornið við Laugaveg 100, 3.290 krónur.



Hvar er húfan mín?

Nú andar köldu og þörf á að klæða sig vel.

Til að halda á sér hita er nauðsynlegt að hafa húfu á hausnum og hlýja vettlinga á höndum en þar verður mesta hitatapið frá líkamanum. Ullin er hlýjust til að klæða af sér kuldan og heldur manni heitum jafnvel þótt vettlingarnir blotni við snjóhúsagerð en við sparileg tilefni má finna sér fína þunna hanska og litrík og falleg höfuðföt.

Ef bregða á sér af bæ í kuldanum má setja upp sparilegri höfuðföt og í versluninni 4 Dot á Laugavegi er mikið úrval af húfum og vettlingum. Fallegir fóðraðir hanskar með blúndu á 989 krónur og rauð húfa með rós kostar 1.499 krónur.



VEGNA HAGSTÆÐRA INNKAUPA BJÓÐUM VIÐ 20% AFSLÁTT AF FJÖLÞJÁLFUM OG ÞREKHJÓLUM



www.markid.is

ÁÐUR KR. 45.900

TILBOÐ KR. 36.720



KETTLER VERSO 107

Segulviðnám með 12 kg kasthjól. 10 þyngdarstillingar. Æfingatölva með púlsmæli. Fyrir allt að 110 kg.

ÁÐUR KR. 31.200

TILBOÐ KR. 24.960



KETTLER PASIO 107

Segulviðnám með 10 þyngdarstillingum. Æfingatölva með púlsmæli. Fyrir allt að 110 kg.

ÁÐUR KR. 62.400

TILBOÐ KR. 49.920



KETTLER VERSO 307

Mótorstýrt segulviðnám með 14 kg kasthjól. Æfingatölva með 6 kerfum, þyngdarstillingu, púlsmæli og fleiru. Fyrir allt að 130 kg.

ÁÐUR KR. 45.900

TILBOÐ KR. 36.720



KETTLER PASIO 307

Mótorstýrt segulviðnám með 9 kg kasthjól. Æfingatölva með 6 kerfum, þyngdarstillingu, púlsmæli og fleiru. Fyrir allt að 130 kg.

Tyrkland

Framandi Fegurð! **VERÐDÆMI 65.972**

MasterCard VISA

Forum Residence - Marmaris



Nýtt og glæsilegt íbúðahótel með stórum og björtum íbúðum, vel staðsett við aðalgötuna í Marmaris. Ströndin er í göngufæri og stutt í verslanir og veitingastaði.

Verðdæmi: **65.972,-**

á mann m.v. 2 með 2 börn í 2 vikur, 25. ágúst.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 78.275

Grand Azur - Marmaris



Klassískt, virðulegt og vandað hótel í Marmaris. Stendur alveg við ströndina, í glæsilegum garði. Heilsulind er á hótelinu og tveir glæsilegir veitingastaðir. Falleg herbergi með loftkælingu.

Verðdæmi: **92.205,-**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna, 25. ágúst.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða simleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Töfralandið Tyrkland verður stöðugt vinsælli áfangastaður fyrir ævintýraþyrsta Íslendinga sem vilja hafa það náðugt á fallegum ströndum, leika sér í sjónum eða kynnast dulúðarfullri menningarsögu landsins. Marmaris er paradís Miðjarðarhafsins yfir sumartímann og smábærinn İçmeler hefur slegið í gegn með fegurð sinni og þjónustu við ferðamenn. Gist er á fyrsta flokks hótélum, loftið er hreint og stöðugur andvari frá sjónum kælir sólunnendur í hitanum. Komdu til Tyrklands og sjáðu sólina í nýju ljósi.

Ódýrustu sætin bókast fyrst!

UV
ÚRVAL-ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS

***Skoðið úrvalið
í skíðadeildinni
okkar í Glæsibæ***

***15% afsláttur
af skíðapökkum***

Ýmislegt

Til sölu lífeyrissjóðslán. Uppl. í s. 862 6618.

HEILSA

Heilsuvörur



Viltu missa 5-7 kíló? 9 daga hreinsigrógram frá Aloe Vera 14.690kr S. 6978928

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frian þrífupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vik. Þú getur það líka með Herbalife. Reyndu í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

LR Henningskúrin. Frábær árangur! Uppl. hjá Önnu í s. 699 7379 & 662 5599.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Whole body massage Telephone 862 0283.

HEIMILIÐ

Heimilið

Búslóð. Kommóða, skápur og rúm í barnaherbergið. Hár skenkur, sjónvarpsskápur, 6x borðstofustólar og borð. 2x boxrúm. S:822-85-45. Get sent myndir í tölvupósti

Ýmislegt

Til sölu Nýtt hjónarúm 153x2 með dýnu 2 náttborð, kommóða m. 7 skúffum m. aföstum spegli. Skenkur og spegill í stíl (Linan) Borðstofuborð stæ. 4 Stólar m. háu baki. Hvítt eldhúsborð og 4 stólar, sjónvarpsskápur, Bang Olufsen 21 „ sjónvarp. 3 og 2 sæta sófasett. S. 562 3770 & 696 1649.

Óska eftir að kaupa eða fá gefins garn eða lopa, mega vera afgangar. S. 856 4939.

Dýrahald

Hundagalleríið auglýsir
Smáhundur til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dals-mynni.is
Sími 566 8417 og www.dals-mynni.is



Til Sölu Amerískir Cocker Spaniel Hvolpar. Tegundin hendar mjög vel sem heimilshundur, kátir og miklar félagsverur. Uppl. gefur Karen í s. 661 9876 og á www.draumora.com

Please Pet Nutrition. Náttúrulegt nammi og bitafiskur fyrir hunda og ketti. Gefur árangur í þjálfun og leik. Fæst í Bónus. www.please.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Hestamennska



Leðurtöskur kr. 5.055. Tito.is—Súðarvogi 6—S:861-7388



Flísabreiða með belgól kr. 3.830 kr. Tito.is Súðarvogi 6. S. 861 7388.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Erum með flottar 3,4 og 5 herbergja íbúðir á góðu verði til leigu í Keflavík.

Kíkið á heimasíðu okkar: www.novos.is

sendið mail á novos@novos.is eða hafið samband á milli kí. 9-14 í síma 420-9515.

SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI TIL LEIGU

Til leigu mjög góð tveggja manna skrifstofuherbergi á þriðju hæð í lyftuhúsi við Krókháls í Reykjavík. Glæsilegt útsýni og snyrtilegt húsnæði. Aðgangur að fundarherbergi og eldhúsi. Í sameign er eldhúsi og WC.
Uppl. í síma 820-6022 & 897 8266

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Góð 4 herbergja íbúð í 101 til leigu. Upplýsingar í síma 695 1730.

Til leigu 4ra herb., 79 fm íbúð í vesturbæ Kópavogs. Leigist í 3 mán í einu. Trygging 3 mán og mánaðargr. fyrirfram. Verð kr. 130 þús pr mán, innif. hiti, rafm., hússj. Uppl. í s. 896 0753.

Snorrabraut! 65 fermetra íbúð til leigu á Snorrabraut frá 1.mars - 1.maí. Uppl. í s. 865 3414.

4 herb. 107 fm íbúð með bílskýli í Grafarvogi til leigu. V. 175 þús. á mán. Uppl. í s. 699 5552.

60 fermetra, 2herb íbúð í hafnarfirði til leigu. Leigist með húsgögnum. Leigist á 110þús á mán og 220þús trygging. S: 8635352

Góð 4 herbergja íbúð í 101 til leigu. Upplýsingar í síma 695 1730.

Til leigu 30fm studioíbúð í Fossvogi. Leigist aðeins reglusömu og rölegu fólki. Verð kr. 72 þús. Laus. S. 863 4515.

Nýppugetar og flottar 60 og 92 m2 íbúðir í þrjúblí efst í Laugarásnum til leigu. Sú minni er 2 herb íbúð en sú stærri er 3 herb með sér þvottahúsi/geymslu. Báðar vel skipulagðar, bjartar og rúmgóðar með nýju parketi og flísum o.fl. Hægt að leigja með eða án húsgagna. Án húsg. er leigan 130 fyrir minni og 150þús fyrir þá stærri. Frábær staðsetning Uppl. í síma 8205848 milli 11 og 19

Grafavogur, 4 bedroom apartment for rent, 160.000 kr per month info 824 4530

Meðleigjandi

Óska eftir meðleigjanda í gótt húsnæði á góðum stað. Uppl. í s. 857 7199.

Glæsileg 97,8 fm 3ja herb. íbúð í kj. í Hlíðunum. Leiga 130 þ. á mán. S. 585 9999.

3 herb íbúð m/ húsgögnum á svæði 113. Frá 24 mar - 9 jún. Hússjóður rafm. & hiti. V. 110 þ. á mán. + trygging og 1 mán. fyrirfram. Ábyrgt fólk. S. 561 4148.

Húsnæði óskast

Stúdió eða 2 herb. íbúð fyrir ung hjón óskast strax helst miðsvæðis S. 898 6055.

Sumarbústaðir



Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.

Atvinnuhúsnæði

Get haft til leigu 30-60 fm iðnaðarpláss. 20 mín. sunnan Hafnarfjarðar. Uppl. í s. 894 0431.

Geymsluhúsnæði



Gómar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.



Til leigu sér geymsluhlíb 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktad. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Bílskúr

Til leigu 14 ferm. skúr frá 1. mars, tilvalin sem geymsla uppl. í síma 8919950

Gisting

Rooms for long term rent in Reykjavík and Hafnarfjörður. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4530

ATVINNA

Atvinna í boði



Öryggisgæslan ehf.

Óskar eftir starfsfólki til næturstarfa frá 23:00 til 08:00 Vinna er í boði allar nætur, einnig um helgar eða aukavaktir í boði. Starfið felur í sér m.a. áfyllingu 30%, Þjónustu & Gæslu 70%. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og jákvætt hugarfar. Hreint Sakarvottorð er skilyrði. Lágmarks aldur umsækjanda er 20 ár.

Umsóknir eru á Skrifstofu Öryggisgæslunnar ehf. Auðbrekku 6, 200 Kópavogur. Opið er frá kl.10-16 virka daga. Einnig er hægt að hringja í Síma 856-5031

Ísbar/Booztbar, Kringlunni.

Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf. Dagvinna á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálf-dags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is

TIL SÖLU

Slipun og lökkun, ekkert ryk.
www.adalshipun.is

Upplýsingar í síma 8664759 & savarkawai@hotmail.com

TIL SÖLU

Viltu eiga markaðin hér á landi?
Til sölu eini fullkomnasti og flottasti brúngu klefin á landinu!! Engin getur toppað þennan. Með klefanum nærðu fullkomnum árangri, auk þess sem viðskiptavinur þinn fær það besta sem völ er á. Tekur þig aðeins 5 mínútur að heilspreyja allan líkamann.
Uppl. í s. 661 3700 & 4you2.is



Smurstöð

N1 óskar eftir áreiðanlegum og duglegum starfsmanni til starfa á smurstöð félagsins við Fells múla. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af smurþjónustu og bílavöðgerðum. Nánari upplýsingar veitir Sigmar Gíslason í síma 530 5710. Áhugasamir saki um á www.n1.is

Matráður

Laus er 100% staða matræðs í tímabundnar afleysingar í leikskólann Öldukot. Í Öldukoti eru 43 börn og 12 starfsmenn. Áhersla er lögð á hollt og fjörbreytt mataræði.
Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 551-4881 og 693-9817

Auglýsingasími
512 5050
- Mest lesið

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLÁÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLÁÐIÐ

— smáauglýsingar sem allir sjá

Leikskólakennarar/leiðbeinendur
 Laus er 100% staða leikskólakennara við leikskólann Óldukot. Óldukot er tveggja deilda leikskóli með 43 börnum frá 18 mánaða aldri. Áherslu er lögð á skapandi starf, holla lífshætti og gleði. Ef ekki fæst leikskólakennari til starfa verða ráðnir starfsmenn með aðra uppeldis-menntun eða leiðbeinendur. **Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 551-4881 og 693-9817**

Ertu 50+ og býrð yfir reynslu! Er að leita að samstarfólki í mjög áhugavert verkefni. Mjög góð þóknun nú og til framtíðar. uppl. 575-1525

Vélstjóra vantar!
 Vélstjóra vantar á dragnótábát upplýsingar í s. 894 7197 og 436 1194.

Starfsfólk óskast
 Fjöldi starfa í boði á vef HENDUR.is. Skoðaðu hvað er í boði. WWW.HENDUR.IS

Járnabindingar! Óskum eftir að ráða vana járnmenntun, íslenska sem erlenda. Mikil vinna í boði. S. 897 1995 & 866 1083.

Atvinna óskast

Vantar þig Smíði, múrara eða járnabindingamenn?
 Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannþjónusta s. 661 7000.

Vantar starfsfólk?

Skilvirkar og hagkvæmar ráðningar á netinu. WWW.HENDUR.IS

Starfsfólk frá Lettlandi: smíðir, verkamenn, meiraprófsbilstjórar, vélamenn o.fl. S. 8457158

TILKYNNINGAR

Einkamál

60 ára maður óskast eftir að kynast konu á aldrinum 50-65 ára. Svar sendist FBL merkt „vinur“

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki



TILKYNNINGAR

Stjörnu - kvennakvöld
 Kvennakvöld Fáks verður haldið 1. mars í félagsheimilinu. Húsið opnar kl. 19.00, borðhald hefst kl. 19.30. Miðasala verður í Fáksheimilinu sunnud. 23. feb. frá kl. 09-12 og miðvikud. 27. feb. kl. 18-20. Miðaverð kr. 6500,- (herramiði innifalinn). Einnig verða miðar seldir á ballið eftir kl. 24. **EKKI VERÐA SELDIR MIÐAR VIÐ INNGANGINN.**
 Kv. Stjórn kvennadeildar Fáks.

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
 www.gigt.is
Ertu með iktsýki/liðagigt eða hryggigt? Fræðslunámskeið að byrja!
 Í næstu viku byrja þrjú kvöld fræðslunámskeið.
 • Námskeið fyrir fólk með iktsýki/liðagigt byrjar 28. febrúar.
 • Námskeið fyrir fólk með hryggigt byrjar 27. febrúar.
 Upplýsingar og skráning á skrifstofu í s. 530 3600.

Frá Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík
 Kynningarfundur á ferðum sumarsins verður haldinn í Víkingasal Hótel Loftleída mánudaginn 3. mars nk. kl. 20:00.
Orlofsferðir sumarið 2008 :
 Hólar í Hjaltadal 16. - 20. júní
 Austurland 18. - 21. júní.
 Vesturland 23.- 27 júní.
 Danmörk 6. - 12. júní.
 Alparnir 15. - 22 júní.
 Skotland 26 júní. - 1. júlí.
 Í lögum um orlof húsmæðra segir svo:
 " Sérhver kona, sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf, á rétt á að sækja um orlof "
Stjórnin

TILKYNNINGAR



AUGLÝSING UM SKIPULAG - HAFNARFJARÐARBÆR

Tillaga að breyttu deiliskipulagi Selhraun norður, Selhella 1 í Hafnarfirði.

Skipulags- og byggingarráð, samþykkti á fundi sínum þann 19. febrúar 2008, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Selhraun norður, Selhella 1 í Hafnarfirði, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í að byggingareitur skiptist í 2 reiti, A og B. Heimilt verði að byggja eins til tveggja hæða verslunarhús á reit A og skrifstofubyggingu upp á 4 hæðir á reit B. Hámarksnytingarhlutfall eykst úr 0.20 í 0.33 þannig að hámarksbyggingarhlutfall má vera 7000m².

Deiliskipulagið verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 26. febrúar 2008 – 28. mars 2008. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is/skipulag_og_framkvaemdir/skipulag Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 11. apríl 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingarnar teljast samþykkir þeim.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
 WWW.HAFNARFJORDUR.IS

TILKYNNINGAR



Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Arnarbakki 1-3, Breiðholtsskóli

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Breiðholt I vegna lóðarinnar að Arnarbakka 1-3. Tillagan gerir ráð fyrir að skólahús verði stækkað um allt að 1400 m². Í stækkuninni felst að vesturlma er lengd og að byggt verði ofan á hana allt að 1300 m². Einnig er ráðgert að miðálma stækki um allt að 100 m². Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Lindargata 28-32 og Veghúsastígur 9 og 9A.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi á reitum 1.152.2 og 1.152.4 vegna lóða að Lindargötu 28-32 og Veghúsastíg 9 og 9A. Tillagan gerir ráð fyrir að lóðirnar Lindargata 28-32 og hluti af lóðunum við Veghúsastíg 9 og 9A verði sameinaðar. Byggingareitur, fyrir þrjú hægja hæða hús meðfram Lindargötu, er breikkaður úr tíu í tólf metra. Á innri lóðarluta er gert ráð fyrir auknum byggingareit fyrir fjögurra hæða byggingu með risi. Undir allri lóðinni er gert ráð fyrir bílageymslukjallara með 20-26 bílastæðum. Einnig verða heimilaðar smá útbbyggingar og svalir út fyrir byggingareit þar sem unnt er að koma þeim fyrir. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögunar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 27. febrúar 2007 til og með 11. apríl 2008. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögunar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögunar skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 11. apríl 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögunar.

Reykjavík, 27. febrúar 2008
 Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

TIL LEIGU

AS FASTEIGNASALA
 Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
 Sími 520 2600, Fax 520 2601
 Netfang as@as.is
 Heimasíða www.as.is
 Opið virka daga kl. 9-18

TIL LEIGU STEINHELLA - HAFNARFIRÐI

Erum með til leigu nokkrar einingar í nýju húsi á frábærum stað rétt við Reykjanesbrautina í Hafnarfirði. Húsinu er hægt að skipta upp í 330, 660, 990 eða 1.320 fm einingar. Lofthæð 8 metrar. **Gott útipláss. Mikið auglýsingagildi. Húsið er tilbúið til útleigu strax. Allar frekari uppl. á As fasteignasölu í síma 520 2600.**
 Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

FASTEIGNIR

MIDBORG
 Sími 533 4800

Laugavegur 182 • 4. hæð • 105 Rvík Fax 533 4811 • midborg@midborg.is
 Björn Þorri hdl., lögg. fastsali, Karl Georg hrl., lögg. fastsali.

Berjarimi – bílageymsla - verönd

84,1 fm. mjög góð 3ja herb. íbúð á 1. hæð með sér inngangi. Sér stæði í bílageymslu í kjallara. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, stofu, eldhús með borðkrók, sér þvottahús, baðherb. og tvö svefnherb. Eldhúsið er með kirsuberjainnréttingu og borðkrók. Hurðar, innréttingar og parket er úr kirsuberjavið. Baðherb. er flísalagt í hólfi og gólf, með ljósum flísum og baðkari. Góð verönd með skjólvegg í austur. **V. 24,9 m. 8800.**

Karl
Jónsson
SölufulltrúiÓlafur Geir
Jóhannesson
SölufulltrúiPálmi Þór
Ívarsson
SölufulltrúiSigríður
Sigmundsdóttir
GæðastjóriSigrún
Jónsdóttir
SölufulltrúiThelma Hrund
Andrésdóttir
SölufulltrúiRE/MAX
Skeifan

NÝTT OG GLÆSILEGT 14 ÍBÚÐA HÚS VIÐ BRÁKARBRAUT 4-8 Í BORGARNESI



Brákarbraut 4 – 4 íbúðir, **ein seld**

Brákarbraut 6 - 2 íbúðir

Brákarbraut 8 – 8 íbúðir

Fallega hannaðar og bjartar íbúðir á friðsælum stað sem henta jafnt fjölskyldufólki sem einstaklingum. Einnig frábærar fyrir félagasamtök.

2ja - 6 herbergja íbúðir á einni eða tveimur hæðum. Allar með sérinngangi.

Brákarbraut 4 er staðsett á frábærum stað miðsvæðis í Borgarnesi, þar sem stutt er í alla þjónustu. Grunnskólinn, íþróttavæðið og sundlaug er í nokkurra mínútu göngufjarlægð frá húsunum. Íbúðirnar skilast fullbúnar að utan og innan með gólfefnum og vönduðum innréttingum og tækjum, s.s. ísskáp og uppþvottavél. Húsin eru úr forsteyptum einingum frá Loftorku, en að hluta til eru þau klædd með harðvið frá Brasilíu og hvítu báru- og sléttu áli.

Hver kannast ekki við að eyða drjúgum hluta fríhelgarinnar í að skipuleggja sund eða búðarferð frá griðarstað fjölskyldunnar? Þess þarf ekki með hér þar sem allt er í göngufæri: sundlaug, menningarsetur, verslanir, heilsugæsla, veitingastaðir, bankar ofl.

Borgarnes er framtíðarsvæði á Vesturlandi, örstutt í háskólabyggðirnar á Bifröst og á Hvanneyri, einnig er starfandi framhaldsskóli á Borgarnesi.

Allar innimyndir eru úr 2ja herbergja íbúðum.

Allar nánari upplýsingar um Borgarnes er að finna á www.borgarnes.is – Sparisjóður Mýrasýslu í Borgarnesi (SPM) aðstoðar við fjármögnun



BYLGJAN Í FYRSTA SÆTI



BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Hlustendur Bylgjunnar eru í eftirsóttasta markhópnum og stærsta neysluhópnum. Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægasta markhópsins.

Samkvæmt könnun Capacent í aldurshópnum 12-54 ára í 7. viku 2008.

LÉTT
BYLGJAN
967

GULL
BYLGJAN
909

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Á að Bakka við Húsavík?

UMRÆÐAN

Stóriðja

Eigum við að vinna að búsetu í landinu öllu? Viljum við auka verðmætasköpun til að standa undir velferðarsamfélagi með sama myndarbrag og verið hefur undanfarnir ár?

Ef við svörum þessum spurningum játandi þá er kjörið tækifæri til athafna um þessar mundir. Þrátt fyrir mikinn barlóm og umræður um samdrátt og yfirvofandi kreppu í samfélaginu þessa dagana þá finnast enn sem betur fer einstaklingar og fyrirtæki í landinu sem horfa til lengri tíma en nokkurra mánaða. Þeim er sammerkt að vilja



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

nýta gögn og gæði þessa ágæta lands okkar til þess að stuðla að frekari framförum í samfélaginu.

Samvinna Eyfirðinga, Þingeyinga og forsvarmanna fyrirtækisins Alcoa um stóriðju að

Bakka við Húsavík beinist að þessu marki.

Eftir áratuga umræður og átök við stjórnvöld, innan héraðs og milli landshluta, tók bæjarstjórn Akureyrar af skarið árið 2004 og lýsti því yfir að hún gæti fallist á að Bakki við Húsavík yrði fyrsti

kostur til skoðunar varðandi stóriðju uppbyggingu í landshlutanum. Alcoa og iðnaðarráðuneytið komu þá að þessu borði og miðað er við að starfsemi hefjist á Bakka árið 2012.

Hvað mælir gegn því að Norðlendingar nýti landkosti fjórðungsins til þess að skapa sér og sínum betri búsetuskilyrði og bjartari framtíð? Hvað mælir gegn atvinnurekstri sem reistur er á grunni þeirra endurnýjanlegu auðlinda sem landið býr yfir?

Þeim sem vinna gegn þessum áherslum norðanmanna ber að hafa eftirfarandi í huga:

Á síðustu 10 árum hefur íbúum á svæðinu frá Húsavík til Raufarhafnar fækkað um 15%. Mest hefur

fækkað í aldurshópnum 40 ára og yngri eða um 25% og því fylgir að sjálfsögðu veruleg fækkun barna á grunnskólaaldri. Samdráttur í fiskvinnslu og landbúnaði hefur verið viðvarandi allan þennan áratug og ekkert, ekkert, ekkert bendir til annars en sú þróun haldi að óbreyttu áfram í Þingeyjarsýslum.

Ungur Húsvíkingur, Benedikt Þorri Sigurjónsson, hefur unnið kostnaðar – ábata greiningu fyrir sveitarsjóð Norðurlands þegar álver er risið á Húsavík. Niðurstöður hans leiða fram gríðarlega jákvæð áhrif þessa á efnahag bæjarfélagsins. Til viðbótar má svo nefna áhrif slíkrar uppbyggingar á launastig, eignamyndun og fólksfjölgun í byggðarlaginu.

Mótmæli við áformum um uppbyggingu nýrrar atvinnu á Norðausturlandi er atlagla að búsetu í landinu, í þessum landshluta sérstaklega, ef ekki eru um leið sett fram önnur haldbær ráð til að vinna gegn þværandi mætti byggðarinnar.

Við sem höfum kosið að lifa og starfa á þessum hluta landsins hljótum að eiga þann sjálfsagða rétt að nýta gögn og gæði Íslands, okkur til framfærslu og í þjóðarþágu.

Það á ekki að bakka í uppbyggingu álvers við Húsavík.

Höfundur er 1. þingmaður Norðausturkjördæmis.

Er þetta lausnin?

UMRÆÐAN

Kjaramál



HELGA ÁGÚSTS-DÓTTIR

Rósa Guðbjartsdóttir skrifaði í Fréttablaðið, laugardaginn 23. febrúar, grein um hvernig hækka ætti laun kennara. Þessi sama grein birtist í Fjarðarpóstinum fimmtudaginn 21. febrúar.

Það er gott mál að fólki finni að laun og kjör kennara verði að bæta verulega. En er þetta virkilega lausnin? Að binda kennara frá kl. 8-17 og hækka þannig launin. Það er ekki kauphækkun. Af hverju er lausnin á kjaramálum kennara alltaf að auka vinnuna eða binda okkur niður? Af hverju er ekki bara hægt að hækka launin, punktur? Með þessari aðgerð væri algjörlega verið að koma í veg fyrir að ungt fólk á barneignaraldri verði kennarar.

Meðan annars staðar í þjóðfélaginu er verið að auka sveigjanleika á vinnutíma, koma til móts við barnafólk og gera störfin fjölskylduvænni, þá á að binda vinnutíma kennara í ákveðinn ramma. Nú þegar er búið að lengja skólaárið og lengja skólatíma nemenda. Kennarar þurfa að sinna ákveðinni viðveruskyldu í skólanum sem þeir nota við undirbúning eða frágang. Oftar en ekki þurfa þó kennarar að taka verkefni með sér heim s.s. á álagstímum í kringum próf og fleira. En það hentar oft ungu fjölskyldufólki að geta sótt börnin sín á skikkanlegum tíma til dagmömmu og í leikskóla og klára síðan vinnuna seinna um kvöldið þegar börnin eru komin í ró.

Nei, ég held að ef þetta vinnutímaviðkvæði verður sett í kjarasamninga kennara, þá fyrst mun fólksflótti úr stéttinni aukast. Þess vegna er brýnt að samningsaðilar í komandi kjaraviðræðum grunnskólakennara hlusti eftir því hvað kennarar telja að þurfi að gera svo að hagur þeirra og starfsánægja batni.

Höfundur er kennari og fulltrúi í Félagi grunnskólakennara í Hafnarfirði.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlumum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



Frumgreinadeild

Gott upphaf opnar gáttir

Í frumgreinadeild Háskólans á Bifröst er boðið upp á eins árs námsbraut sem veitir sérhæfðan undirbúning fyrir háskólanám. Nemendur sem ekki hafa stúdentspróf en umtalsverða starfsreynslu fá góða þjálfun í grunnfögum sem opnar þeim leið til að afla sér háskólamenntunar. Sérstök áhersla er lögð á kennslu í viðskiptaensku, stærðfræði, bókhaldi og upplýsingatækni.

Boðið er upp á fjarnám í frumgreinadeild og þannig gefst þeim sem ekki hafa tök á að flytjast búferlum tækifæri til að ljúka þaðan námi. Kennslan fer fram í gegnum fjarnámsvef Háskólans á Bifröst þar sem allir fyrirlestrararnir eru aðgengilegir og geta nemendur nálgast þá hvar og hvenær sem er.

Allar nánari upplýsingar á www.bifrost.is

UMSÓKNAR-FRESTUR ER TIL 1. MAÍ 2008

WWW.BIFRÖST.IS

FOR- OG GRUNNÁM

- BS í viðskiptafræði
- BS í viðskiptalögfræði
- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)
- BS in business administration
- Undirbúningsnám í frumgreinadeild

MEISTARANÁM

- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum

SÍMENNTUN

- Máttur kvenna
- Diplómanám í verslunarstjórnun
- Rekstur smærri fyrirtækja

FJARNÁM

- Fjölbreyttir möguleikar, bæði á grunn- og meistarastigi, í gegnum öfluga menntaveitu þar sem fyrirlestrar eru alltaf aðgengilegir.

ENEMER / SIA / INDRIBER

FRUMGREINADEILD

VIÐSKIPTADEILD

LAGAÐEILD

FÉLAGSVÍSINDAÐEILD

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Óþarfar aðgerðir ráðherra

UMRÆÐAN

Gjaldtaka fjármálafyrirtækja

Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, ræðst nú til atlögu gegn gjaldtöku fjármálafyrirtækja og boðar aðgerðir í kjölfar skýrslu starfshóps um málið. Yfirlýsingar ráðherrans gefa til kynna að hér sé á ferðinni órétti hið mesta sem bitni á almenningi og koma verði laga-böndum yfir FIT kostnað, seðilgjöldin og uppgreiðslugjöldin. Svo er ekki.

Miklu skiptir að þeir sem kjósa að nýta sér margvíslega þjónustu fjármálafyrirtækis geri sér grein fyrir hvað verið er að semja um. Ábyrgð fjármálafyrirtækja er réttilega meiri í slíkum samningum vegna yfirburðastöðu þeirra gagnvart viðsemdum. Aðalatriði er að fólki sé frjálst að semja um sín viðskiptakjör. Kostnaður við viðskipti og vanefndir getur verið misjafn, allt eftir eðli og inn-taki þeirra réttinda og skyldna sem samið var um, og mikið óþarfaverk að ætla að banna mönnum að semja um þann kostnað sín á milli.

Í skýrslu starfshópsins er lagt til að settar verði reglur um yfirdráttarkostnað og uppgreiðslugjöld. Ef rýnt er í skýrsluna kemur í ljós að verið er að leggja til í megindrátum að festa í sett lög frá Alþingi það sem leiða hefur mátt út frá almennum reglum kröfuréttar í íslenskum rétti. Þó að þannig að bætt verði við íþyngjandi ákvæðum um bann við ákveðnum tegundum uppgreiðslugjalda. Óskiljanlegt er af hverju banna á fólki að semja um tiltekin lánaþing á íbúðarláninu sínu. Enn furðulegra verður málið eftir að vefritið Vefþjóðviljinn benti á að



TEITUR BJÖRN EINARSSON

uppgreiðslugjöld íbúðarlánasjóds eru töluvert hærri en stóru banka-anna þriggja og ráðherra hyggst ekki beita sér fyrir breytingu á þeim uppgreiðslugjöldum sem ríkið sjálft innheimtir. Hér má enn og aftur sjá þá til- hneigingu stjórnmalamanna að sjá ekki bjálkann í auga ríkisrekstrarins en einblína á flísina í auga frjáls markaðar.

Þá leggur starfshópurinn til að lögfest verði nýtt ákvæði í lögum um neytendalán sem kveði á um að fjármálafyrirtæki verði óheimilt að innheimta kostnað vegna óheimils yfirdráttar ef slík gjaldtaka á ekki stoð í samningi. Í raun væri með slíku ákvæði verið að festa í sessi og lögfesta á skýran hátt gildandi rétt um þetta atriði. Ef viðskiptavinur gerist sekur um að taka meiri peninga frá bankanum en það sem fyrir fram var búið að ákveða milli aðila að mætti taka er um samningsbrot að ræða og ekki óeðlilegt að bankinn geti krafist samningsaðilann um bætur vegna slíkra vanefnda. Ætla má að flestum sé þetta ljóst og vandséð að þörf sé á að auka umstang og kostnað fólks við að óska eftir yfirdrætti. Sumum finnst sá kostnaður vera alveg nægur fyrir.

Ráðherra hyggst jafnframt gefa út tilmæli um að bannað verði að bæta seðilgjöldum eða öðrum fylgikröfum við aðalkröfu sem greidd er á gjaldþaga, nema sérstaklega sé samið um annað. Ekki verður fjallað um stjórnskipunar- og stjórnsýslulega þýðingu þess að ráðherra gefi út tilmæli til einhverra um að banna eitthvað

heldur nefnt að skuldara í þessu tilviki beri að greiða ákveðna kröfu til kröfuhafa, og er krafan sú sem fram kemur að á seðli þeim er seðilgjöld tengjast. Um er að ræða viðskiptakostnað. Skiptar skoðanir eru um hvar þessi viðskiptakostnaður eigi að liggja en ekki er óeðlilegt að hann sé sýnilegur. Á það má benda að verið þessi kostnaður kröfuhafa við að fá greitt láttinn falla lögum samkvæmt á kröfuhafann sjálfan, mun sá viðskiptakostnaður koma m.a. fram í herra verði á þjónustunni eða þeirri vöru sem seld er.

Skýrsla starfshóps um heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku er vel unninn og þar er tekið á mörgum áhugaverðum atriðum. Eðlilegt er að umræða um þessi mál sé virk og almenningur og fyrirtæki meðvituð um mikilvægi þess að viðskiptahættir séu sanngjarnir og öllum til hagsbóta. En engin þörf er á að lögfesta ákvæði, þar af sum íþyngjandi ákvæði, um yfirdráttarkostnað og uppgreiðslugjald sem takmarka samningsfrelsi og valda óhagræði í viðskiptum þeirra sem hlut eiga að máli. Takmörkun á samningsfrelsi er til þess fallin að auka viðskiptakostnað, flækja kerfið og draga úr skilvirkni sem á endanum bitnar á neytendum sjálfum.

Betur færi á því að viðskiptaráðherra einbeitti sér að því að stuðla að afnámi raunverulegra viðskiptahindrana, svo sem afnámi stimpilgjalda, tolla og annarra úreltra og óþarfa gjalda sem hið opinbera innheimtir, í stað þess að reyna að setja fleiri hindranir á þar sem þeirra er alls ekki þörf.

Höfundur er varaformaður Sambands ungra sjálfstæðis- manna.

Góður valkostur

UMRÆÐAN

Meistaránám

Háskóli Íslands býður upp á fjölbreytt nám á öllum háskólastigum og skipta námsleiðir innan skólans hundruðum. Ein af þeim 10 námsleiðum sem í boði eru í meistaránámi við viðskipta- og hagfræðideild HÍ er M.Acc. nám, meistaránám í reikningsskilum og endurskoðun. Meistaránáminu lýkur með prófgráðunni Master of Accounting. Meðal helstu námskeiða í M.Acc námi eru m.a.: reikningsskil skv. alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum (IFRS), endurskoðun skv. alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA), fyrirtækja- og alþjóðlegur skattaréttur og stjórnsýsluendurskoðun. Einnig eru sértæk viðfangsefni kennd, t.d. samstæðureikningsskil, fjármála- og eiginfjárgæringar, virðismatstækni rekstrar og hlutabréfa sem og virðisrýrnunarpróf.

Meistaránámið hentar mjög vel þeim einstaklingum sem hafa hug á því að vinna við gerð reikningsskila og endurskoðun. Þeir sem stefna að löggildingu til endurskoðunar verða að hafa lokið háskólanámi á þessu sviði. Fjármál, reikningshald og reikningsskil stærri fyrirtækja krefjast nú þegar í dag mikillar sérþekkingar og ekki síst vegna aukinna umsvifa fjármála- og hlutabréfamarkaðar og innleiðingar

Fyrir hverja?

Meistaránámið hentar mjög vel þeim einstaklingum sem hafa hug á því að vinna við gerð reikningsskila og endurskoðun. Þeir sem stefna að löggildingu til endurskoðunar verða að hafa lokið háskólanámi á þessu sviði. Fjármál, reikningshald og reikningsskil stærri fyrirtækja krefjast nú þegar í dag mikillar sérþekkingar og ekki síst vegna aukinna umsvifa fjármála- og hlutabréfamarkaðar og innleiðingar

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísir eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna á Íslandi. Meistaránámið veitir mjög góða innsýn í alþjóðlegu reikningsskila- og endurskoðunarstaðlana.

Hverjar eru forkröfur?

Forkröfur í námið eru BS-próf í viðskiptafræði með tiltekinni áherslu á reikningshald, skattskil, lögfræði og fjármál. Þeir sem hafa BS-próf í viðskiptafræði án slíkrar sérhæfingar eða annað háskólapróf verða að sækja undirbúningsnámskeið á BS-stigi til að uppfylla þessar forkröfur. Meistaránámið, ásamt tilskilinni starfsreynslu, veitir rétt til þess að þreyta próf til löggildingar sem endurskoðandi.

Breytt fyrirkomulag

Háskóli Íslands hefur á stefnuskrá sinni að bjóða fjölbreyttar og sveigjanlegar námsleiðir til að mæta þörfum nútímans fyrir fjölbætta og haldgöða menntun. Í því skyni hefur kennslufyrirkomulagi í meistaránáminu í reikningsskilum og endurskoðun verið breytt. Breytingin mun gilda frá og með haustinu 2009. Kennt verður tvisvar í viku, mánudaga og fimmtudaga, kl. 16-20. Tvö námskeið verða kennd samhliða og próf tekin að þeim loknum, í áttundu viku náms. Hvert lesar verða fjórar slíkar einingar, alls 8 námskeið á lesári. Námið tekur tvö ár. Skráning í meistaránámið fer fram til og með 15. apríl á heimasíðu Viðskiptafræðideildar á www.vidskipti.hi.is.

Höfundur er markaðsstjóri viðskipta- og hagfræðideildar HÍ og stundakennari við HÍ.

LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla

Komdu núna í **Bíland B&L** og kynntu þér kostina



BMW 335i Coupe

Nýskr: 06/2007, 3000cc, 2 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 10.000.

Verð: 6.850.000



BMW M5

Nýskr: 8/2005, 5000cc, 507 hestöfl, 4 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 7.700

Verð: 9.780.000



L.R. RANGE ROVER Supercharged

Nýskr: 01/2006, 4200cc, 400 hestöfl, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 27.000.

Verð: 11.200.000



L.R. RANGE ROVER V8 diesel

Nýskr: 12/2006, 3600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 25.000.

Verð: 11.100.000

ALLIR INNFLUTTIR
OG ÞJÓNUSTAÐIR
AF UMBODI

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.
Bíland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.



bilaland.is
575 1230

BMW X3. Allir vegir færir.



BMW X3 DÍSEL

2,0d - 5 dyra - 6,5 ltr./100km
8,9 sek./0-100km - 177 hestöfl

kr. **4.720.000**

Nýjum BMW X3 eru allir vegir færir

Engir vegir eru eins – þetta vita hönnuðir nýs BMW X3. Því var lagt af stað með það að leiðarljósi að nýr BMW X3 skaraði framúr hvort sem væri á vegum eða vegleysum. Gerð var krafa um að hann stæði skrefi framur keppinautunum sínum í öryggi og búnaði og byggði yfir hinum kunnu BMW aksturseginnleikum á hvaða undirlagi sem væri. Mikil tækniþekking BMW einfaldaði verkefnið. Hið fullkomna xDrive fjórhjóladrifskerfi nemur minnstu breytingar á snúningshraða, stefnu og hröðun hvers hjóls fyrir sig og nær þannig að skipta vélarafninu milli hjóla á örskotsstundu. Ávinningurinn er augljós; fullkominn akstur við allar aðstæður. BMW X3 eyðir líka minna en keppinautarnir enda hefur BMW margoft verið verðlaunað fyrir vélaframleiðslu sína. BMW X3 eyðir frá aðeins 6,5 l/100 km, en skilar þó enn meira afli en áður. Veldu fullkomið aksturstæki frá stærsta lúxusbílaframleiðanda í heimi – veldu BMW X3.

The new BMW X3

www.bmw.com



Sheer
Driving Pleasure

ELIZABETH TAYLOR LEIKKONA
ER 76 ÁRA.

„Mér finnst allt
stressandi, nema leika í
bíómynd.“

Elizabeth Taylor er ein skær-
asta stjarna Hollywood fyrr
og síðar. Hún hefur kvænst
átta sinnum og hefur barist
óttulega gegn útbreiðslu al-
næmisveirunnar.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERDIST: 27.FEBRÚAR 1974

People kemur út í fyrsta sinn

Pennan dag árið 1974 kom tímaritið People út í fyrsta sinn í Bandaríkjunum. Ritið kemur út vikulega og fjallar um fræga fólk. Tæplega fjórar milljónir lesa blaðið vikulega og hefur það margt komist á topplista yfir vinsælustu tímarit í sínum flokki vestanhafs. Vefsíða tímaritsins hefur einnig milljónir lesenda og nýjustu tölur sýna 39,6 milljónir heimssóknir daglega. Þetta á sérstaklega við þegar vinsælir viðburðir eru yfrafstaðnir eins og Óskarsverðlaunahátíðin.

Stofnandi tímaritsins heitir Dick Durrell, en ritið var stofnað upp úr vinsælli síðu í Time Magazine, sem bar einmitt

nafnið People. Þetta var einskonar slúðursíða sem var svo vinsæl að hún varð að tímariti.



Fyrsta heftið fjallaði aðallega um leikkonuna Miu Farrow sem var þá í aðalhlutverki í stórmýndinni The Great Gatsby. Árið 1996 kom ritið einnig út á spænsku og árið 2006 kom út unglingaritið Teen People sem er slúðurrit sem á að höfða til unglinga. Ritið hefur mjög oft fengið á sig málssókn fyrir að rjúfa friðhelgi einkalífs stóru stjarnanna. Það hefur einnig borgað stórar fjárhæðir fyrir sögur og myndir af stórum viðburðum í lífi fræga fólksins á borð við nýfædd börn, skírn, brúðkaup og aðra stórvíðburði.

MERKISATBURÐIR

- 1927 Kolakrani er reistur í Reykjavíkurbíó. Hann var þá talinn með fullkomnu tækjum á Norðurlöndum.
- 1941 Togarinn Gullfoss frá Reykjavík ferst með allri áhöfn út af Snæfellsnesi.
- 1953 Barnaskólahúsið í Hnífsdal fýkur af grunni og splundrast.
- 1964 Ríkisstjórn Ítalíu biður um aðstoð til að varna því að Skakki turninn falli á hliðina.
- 1975 Hornstrandir norðan og vestan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu eru fríðlystar.
- 1999 Olusegun Obasanjo er kosinn forseti Nígeríu í fyrstu forsetakosningum í landinu frá árinu 1983.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST: NÍUTÍU ÁRA AFMÆLI

Fagnar með fólkinu í dag

„Upphaf Háskólans á Bifröst má rekja til Samvinnuskólans sem var stofnaður í Reykjavík árið 1918,“ segir Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst.

Þá var skólinn í núverandi húskynnum menntamálaráðuneytis en það var Jónas Jónsson frá Hríflu sem stofnaði skólann. „Samvinnuskólinn var framhaldsskóli sem meðal annars kenndi bókhald, rekstur og almenn verslunarfræði. Síðan var hægt að halda áfram námi og taka stúdentspróf,“ segir Ágúst. „Skólinn flutti á Bifröst árið 1955, breyttist síðan í Samvinnuháskólann, verður Viðskiptaháskólinn og síðan Háskólinn á Bifröst sem hann er enn í dag.“

Ágúst segir markmið skólans þó hin sömu í dag þrátt fyrir nafnbreytingar. „Við viljum vera fremst í þeim fræðum sem skólinn stendur fyrir. Við höfum skapað okkur ákveðna sérstöðu og þar nægir að nefna BS-gráðu í Hagfræði, heimspæki og stjórnmálafræði sem er einungis kennd hérlandis á Bifröst. Þetta nám er mjög vinsælt í enskumælandi löndum. Sérstaklega fyrir verðandi stjórnmálamenn og fólk sem hyggur á störf við fjölmöla. Þar má nefna Gordon Brown forsetisráðherra Breta sem útskrifaðist með þessa gráðu. Að vísu ekki frá Bifröst,“ segir Ágúst brosandí.

Í boði eru þrjár háskóladeildir, sjö meistaranámslínur og frumgreinadeild. Við skólann eru nú 1.100 nemendur.

Þegar skólinn flutti frá Reykjavík fékk hann góða gjöf og Ágúst segir skólann enn minnst þess með þakklæti. „Þegar skólinn flutti upp á Bifröst árið 1955 fékk hann að gjöf land. Það var það mikla ágætisfólk við Hreðavatn sem gaf þessa höfðinglegu gjöf og á þessu landi stendur skólinn enn,“ segir Ágúst.

Við Bifröst búa um sjö hundruð manns og Ágúst segir nemendur koma úr öllum áttum. „Hingað koma bæði einstaklingar og fjölskyldufólk. Bæði fólk sem er að hefja háskólanám í fyrsta sinn og aðrir sem eru að bæta við sig og byrja upp á nýtt. Við erum með góðan leikskóla rekinn af Hjallastefnunni þar sem áttatíu börn eru við nám. Auk þess sem um hundrað börn sækja skóla niður á Varmaland, bússett hér,“ segir Ágúst.

Hann segir að brottfall sé minnst úr námi frá Bifröst miðað við sambærilegt nám hérlandis og að 70 prósent útskriftarnema séu komin í stjórnunarstöður innan fimm ára að námi loknu. „Hér stundar fólk sitt nám og

AFMÆLI ALLT ÁRÍÐ
Ágúst Einarsson, rektor á Bifröst, leggur mikið upp úr því að fólk gleðist saman á þessum merku tímamótum skólans.



vinnur ekki með skóla. Síðan er góð reynd af fólki héðan í atvinnulífnum og það skilar sér í auknum möguleikum þeirra sem útskrifast héðan.“

Í tilefni afmælisins er unnið að heimildarmynd um Bifröst og er framkvæmdin í höndum Gísla Einarssonar Borgfirðings og sjónvarpsmanns. Myndin er að sögn Ágústis gjöf fimmtíu ára stúdenta frá Bifröst.

Fram undan eru fjölbreyttar ráðstefnur og málþing á afmælisárinu. Ágúst nefnir þar opið hús á sumardaginn fyrsta þar sem kynning verður

á námi, ráðstefna um tengslanet kvenna í lok maí og menningarhátíð í júlí. „Við viljum svo gjarnan að fólk gleðjist með okkur. Þess vegna reyni ég að sneiða hjá ræðuholdum og afmælisritum. Bifrestingar kunna að skemmta sér og það er mikið afmælissskap í öllum hér. Hins vegar ætlum við að bjóða öllum Borgfirðingum í afmælissskap og á tónleika í dag í tilefni dagsins,“ segir Ágúst sem hlakkr til að fagna með sínu fólki á þessum stóru tímamótum.

rh@frettabladid.is



Kæru ættingjar og vinir, innilegar þakkir fyrir kærleik og vinarþel sem þið sýnduð okkur við fráfall okkar ástkæru

**Pórlaugar Aðalbjargar
Jónsdóttur**
frá Möðrudal.

Sérstaklega viljum við þakka starfsfólki Sjúkrahúss Seyðisfjarðar fyrir hlýhug og fórnfúsa hjálp. Guð veri með ykkur.

Sigbjörn Sigurðsson

Jón Hliðdal, Soffía Sigríður, Jóhanna Birna, Margrét Kristín, Gunnar Þór, Þórhalla Dröfn, Sigurður Steinar, tengdabörn, ömmu- og langömmubörn og systkini.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Magnea Gísladóttir,
frá Ísafirði,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí hinn 19. febrúar, verður jarðsöngin frá Áskirkju föstudaginn 29. febrúar kl. 15.00.

Páll H. Sturlaugsson
Sigríður E. Sturlaugsdóttir
Guðrún I. Sturlaugsdóttir
ömmu- og langömmubörn.

Emma S. Rafnsdóttir
Ómar Ö. Þorbjörnsson
Karl Jensson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Jónsdóttir
Múlavegi 3, Seyðisfirði,

lést á Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar 24. febrúar sl. Útförin auglýst síðar.

Guðlaug Vigfúsdóttir
Grétar Vigfússon
Borghildur Vigfúsdóttir
Ólafur Vigfússon
Gunnar Árni Vigfússon
og fjölskyldur þeirra.

Gunnar Ragnarsson
Jóhanna Sigurjónsdóttir
Árni Arnarson

Ágústa Berg Sveinsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Haldóra Óskarsdóttir
frá Hábae, Þykkvabæ, lengst af búsett í Hjarðartúni 12, Ólafsvík,

lést á Droplaugarstöðum sunnudaginn 24. febrúar. Útförin auglýst síðar.

Unnsteinn Tómasson
Guðmundur Tómasson
Ágústa Tómasdóttir
Óskar Tómasson
Sesselja Tómasdóttir
Þórhildur Tómasdóttir
Steinunn Tómasdóttir
Njörður Tómasson
Goði Tómasson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ingibjörg Högnadóttir
Hjórdís Harðardóttir
Tryggvi K. Eiríksson

Bárður H. Tryggvason

Pröstur Leósson
Gunnhildur L. Marteinsdóttir

35.000 börn hafa fengið endurskinsmerki

Slysavarnadeildir og björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar hafa í vetur gefið um 40 þúsund endurskinsmerki, þar af um 35 þúsund til barna í leik- og grunnskólum landsins.

Endurskinsmerkin eru fjölbreytt að lögun og lit og hafa slegið í gegn hjá öllum aldurshópum að því er fram kemur í Fréttatilkynningu frá Slysavarnafélaginu. Í mörgum bæjarfélögum hafa öll börn fengið endurskinsmerki, til dæmis í Reykjanesbæ, Akranesi, Garðabæ og Seltjarnarnesi. Björgunarsveitin Mannbjörg í Þorlákshöfn gekk skrefinu lengra og gaf öllum skóla-



SKYNSAMLEG SLYSAVÖRN Slysavarnadeildir og björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar hafa gefið börnum endurskinsmerki um land allt.

börnum, öldruðum og fötluðum einstaklingum í bænum merki.

Sveitin vill enn og aftur leggja áherslu á hve mikil slysavörn felst í endurskinsmerkjum. Ökumaður sem ekur bifreið með lágum ljósum sér dökkklæddan einstakling án endurskins fyrst í 25 metra fjarlægð en ef viðkomandi einstaklingur ber endurskinsmerki, sér viðkomandi ökumaður hann úr 125 metra fjarlægð.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hvetur alla landsmenn til að vera sýnilegir í umferðinni og nota endurskinsmerki.

AFMÆLI



Baltasar Kormákur
leikari og leikstjóri
42 ára.



Chelsea Clinton er
27 ára.



Ralph Nader for-
setaframbjóðandi í
BNA 74 ára.

NAFNID MITT KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

Ekki aðeins Kolbrún heldur líka Kristjana

Kolbrún Halldórsdóttir er þekkt nafn úr heimi stjórnmála og leiklistar. Færri vita að Kolbrún ber millinafnið Kristjana. „Ég hef reyndar ekki notað nafnið í tengslum við stjórnmálin,“ útskýrir Kolbrún sem skírð var Kristjana eftir föðurömmu sinni sem lést skömmu eftir að hún fæddist. „Ég náði því aldrei að kynna henni en hefur þótt þetta nafn tengja mig við hana,“ segir Kolbrún en á sínum yngri árum fannst henni nöfnin tvö, Kolbrún og Kristjana, svo sterk að þau hljómuðu ekki skemmtilega saman og stælu hvort frá öðru. Kolbrúnarnafnið varð því ofan á.

„Á einhverjum tímabilum lífs míns hef ég nú reynt að koma Kristjónunafninu inn en það hefur dottið út

aftur. Það er aldrei að vita nema það komi inn þegar ég hætti í pólitík.“ En hvaðan kemur Kolbrúnarnafnið? „Það var út í loftið,“ útskýrir Kolbrún sem er elsta barn foreldra sinna. „Mamma sagði mér alltaf söguna þannig að pabbi hefði verið veikur fyrir tveimur nöfnum, annars vegar Kolbrúnu og hins vegar Hrafnhildi. Þau komu sér saman um að Kolbrún yrði ofan á. Mér fannst þetta reyndar svolítið fyndið því ég var mjög ljós-hærð og ljós yfirlitum þegar ég fæddist,“ segir Kolbrún kímín og bætir við að nú eigi hún tengdadóttur sem heiti Hrafnhildur og líti því svo á að þar sé Hrafnhildarnafnið komið. Sjálf á Kolbrún tvö börn og ákvað að skíra þau bæði út í loftið.



KOLBRÚN KRISTJANA HALLDÓRSDÓTTIR Er bæði skírð út í bláinn og í höfuðið á ömmu sinni.



SANDGERÐI Bæjarbúar fá endurgreiddan hluta af útlögðum kostnaði við félagslíf, íþróttir og listnám barna og unglinga.

Fjölskyldustyrkur í Sandgerði

Sandgerðisbær hefur ákveðið að standa að baki fjölskyldum í bænum. Markmiðið er að gera börnum auðveldara að stunda félags-, íþrótt- og listalíf.

Bærin mun því endurgreiða foreldrum hluta af útlögðum kostnaði við félagslíf, íþróttir og listnám barna og unglinga. Styrkurinn fer því beint til fjölskyldna í bænum. Framkvæmdin er með þeim hætti að foreldrar sem greitt hafa fyrir æfingar, listnám eða félagsgjöld barna sinna geta komið með kvittun fyrir greiðslu á bæjarskrifstofu Sandgerðisbæjar og fengið endurgreitt allt að 15.000 krónur fyrir hvert barn. Félög og stofnanir sem hafa nú þegar samning við Sandgerðisbæ og eru sjálfkrafa aðilar að

styrknum eru: Tónlistarskóli Sandgerðis, Knattspyrnufélagið Reynir; knattspyrnu-deild, körfuknattleiksdeild og sunddeild; Golfklúbbur Sandgerðis, Skátafélagið Heiðarbúar og Unglingadeildin Von.

Í upphafi eru í samningi þessum þau félög sem sinna unglíngastarfi innan bæjarins. Ef ekki er boðið upp á íþróttagrein, listnám eða félagslíf innan bæjarins, til dæmis fimleika, hvetur bærin foreldra til að fá forsvarsmenn viðkomandi félags eða stofnunar til að hafa samband við Guðjón Þ. Kristjánsson hjá Sandgerðisbæ um samning milli félagsins og bæjarins um þátttöku í Hvatningarstyrknum. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Sandgerðisbæ.

Tilnefning í neytendaherferð ársins

Vefurinn www.island.is er tilnefndur sem fulltrúi Íslands í keppni um neytendaherferð ársins í Evrópu. „Neytendaherferð ársins í Evrópu“ verður valin í tilefni af viku neytendaréttar en þann 15. mars



næstkomandi er alþjóðlegur dagur neytendaréttar. Verðlaunaafhending fer fram í Brussel þann 10. mars næstkomandi.

Evrópsku neytendaadstoðinni á Íslandi, ENA, var falið að skipa dómnefnd til að velja framlag Íslands til samkeppninnar. Markmiðið var að velja herferð sem hefði það að leiðarljósi að kynna neytendum rétt sinn eða leiðir til að ná fram rétti sínum en þessi atriði eru þema neytendaréttarvikuinnar í ár, að því er fram kemur í fréttatilkynningu. Vefur-

inn www.island.is var opnaður 6. mars 2007 og er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Tilgangurinn er að bæta aðgengi almennings að þjónustu hins opinbera með því að hafa allar upplýsingar á sama stað. Þar er að finna upplýsingar um réttarstöðu fólks á flestum sviðum, meðal annars umfjöllun um neytendarétt, fasteignakaup, húsaleigumarkaðinn, réttindi sjúklinga, skólakerfið og almannatryggingar. Einnig kemur fram í fréttatilkynningu að það sé von dómnefndar að Evrópukeppnin verði árlegur viðburður og að viðurkenning af þessu tagi sé til þess fallin að hvetja hið opinbera, félagsamtök og einkafyrirtæki til að beina sjónum sínum að réttindum neytenda.

†
Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,
Freygerður Guðrún Bergsdóttir,
Austurhlíð 17, Akureyri,

lést að Dvalarheimilinu Hlíð laugardaginn 23. febrúar. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju þriðjudaginn 4. mars kl. 14.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

| | |
|--------------------|------------------------|
| Sigrún Finnsdóttir | Daniel Þórðarson |
| Guðmundur Finnsson | Greta Stefánsdóttir |
| Bergur Finnsson | Sumarrós Ragnarsdóttir |
| og fjölskyldur. | |

†
Elskulegur eigenmaður minn, faðir, föstur-faðir, tengdafaðir og afi,
Nicolai Gissur Bjarnason
Stekkjargötu 53, Innri Njarðvík,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut, miðvikudaginn 20. febrúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 29. febrúar kl. 14.00.

| | |
|-------------------------|-------------------------------|
| Svanhildur Einarsdóttir | |
| Ingvar Gissurarson | Margrét Hallgrímsdóttir |
| Anton Gylfason | |
| Ingvar Gylfason | Sigríður Erna Geirmundsdóttir |
| og barnabörn. | |

†
Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Ársæll Hermannsson,
Dynskógum 9, Hveragerði,

sem lést á Landspítala Fossvogi fimmtudaginn 21. febrúar, verður jarðsönginn frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 1. mars kl. 14.00.

| | |
|---------------------------------|--------------------------|
| Ragnheiður Guðrún Þorgilsdóttir | Hjálmar Brnjúlfsson, |
| Margrét Ársælsdóttir | Helga J. Sigurjónsdóttir |
| Hafsteinn Már Ársælsson | Sigríður Sigmundsdóttir |
| Hermann Ársælsson | |
| barnabörn og barnabarnabörn. | |

†
Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug við andlát og útför elskaðs sonar okkar, bróður, frænda og vinar,
Finns Freys Guðbjörnsson
Kirkjuvegi 5, 230 Keflavík.

Guð blessi ykkur öll.

| | |
|---------------------------------|-------------------------|
| Guðbjörn Ragnarsson | Stefanía Finnsdóttir |
| Sigurður Hólm Guðbjörnsson | Kristjana Eyvindsdóttir |
| Guðmundur Kristján Guðbjörnsson | Sigurlaug Finnsdóttir |
| og fjölskyldur. | |

†
Útför bróður okkar,
Benedikts Jónassonar,
Munkaþverárstræti 44, Akureyri,

fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 29. febrúar kl. 13.30.

Jóna S. Jónasdóttir
Jónas Jónasson.

†
Elskulegur sambylismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Bragi Guðmundsson
læknir, Fjólulíð 6, Hafnarfirði,

verður jarðsönginn frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 29. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarstofnanir.

| | |
|----------------------------|---------------------|
| Guðrún Erna Hreiðarsdóttir | Ásta Gunnarsdóttir |
| Guðmundur R. Bragason | Eyjólfur Guðjónsson |
| Sigríður Á. Bragadóttir | Malín Sirimekha |
| Þorsteinn Bragason | Inga Jóhannsdóttir |
| Daði Bragason | |
| Þórdís Björk Atladóttir | Falk Krüger |
| Aðalheiður Atladóttir | |
| Kristinn Gunnar Atlason | |
| barnabörn og langafabörn. | |

†
Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi, langafi og vinur,
Einar Gunnar Jónsson,
verkstjóri og tónlistarmaður,
Víðilundi 20, Akureyri,

lést á sjúkrahúsinu á Akureyri 17. febrúar sl. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju, fimmtudaginn 28. febrúar kl. 13.30.

| | |
|-------------------------|-------------------------|
| Sigurður Emil Einarsson | Guðný Skarphéðinsdóttir |
| Ólafur Einarsson | Margrét Baldursdóttir |
| Hafðís Einarsdóttir | |
| Emilía J. Einarsdóttir | Hilmar Baldvinsson |
| Einar Jón Einarsson | Hlín Pétursdóttir |
| Elín Jónsdóttir | |
| Bjarni Jónsson | |
| afa- og langafabörn. | |

†
Ástkær systir okkar, móðir, amma og langamma,
Ásta Marín Ástmansdóttir,
til heimilis að Grýtubakka 18, Reykjavík,

lést hinn 25. febrúar á hjartadeild Landspítalans. Ásta verður jarðsöngin frá Frikirkjunni í Reykjavík 29. febrúar næstkomandi kl. 11.00.

Valdís Ólafsdóttir
Ásta Kristín Bjartmarz
Sóley Lind Bergþórsdóttir
Júlía Sif Hjaltadóttir
og fjölskylda.



Kynningarfundir á nýgerðum kjarasamningum Félags iðn- og tæknigreina (FIT)

verða haldnir á eftirtöldum stöðum:

- Miðvikudaginn 27.febrúar í Borgartúni 30 kl. 20.
- Fimmtudaginn 28.febrúar í Kaffi-Duus í Grófinni, Reykjanesbæ kl.20
- Föstudaginn 29.febrúar í Austurvegi 56, Selfossi kl. 18:30
- Mánudaginn 3.mars á Akranesi

Dagskrá fundanna:

1. Kynning nýgerðra kjarasamninga
2. Önnur mál

Stjórn FIT

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vестurport

27. febrúar
28. febrúar
2.mars

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

LÓKAL

Alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík 5.- 9. marz

Miðasala hafin
á midi.is!

www.lokal.is

Þjóðleikhúsið um helgina

Afgreiðsla miðsölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30-18.00 mán. og þri.
Aðra daga frá kl. 12.30-20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Baðstofan e. Hugleik Dagsson
sýn. lau 1/3 örfá sæti laus

norway.today e. Igor Bauersima
sýn. fim. 28/2, uppselt fös. 29/2 örfá sæti laus

Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. fös 29/2, lau. 1/3 örfá sæti laus

Pétur og úlfurinn e. Bernd Ogradnik
sýningar sun. 2/2 örfá sæti laus

Skilaboðaskjóðan e. Þorvald Þorsteinsson
Sýningar sun. 2/3 örfá sæti laus

STUÐ MILLI STRÍÐA Að spenna námsmannavöðvann

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR FINNUR SÚLURITIN SPÝTAST ÚT UM EYRUN



Ég tók upp á því í vikunni að tylla mér á skólabeck. Það er í hálfgerðri diet-útgáfu í þetta skiptið, enda í formi tveggja kvölda námskeiðs. Maður hefði haldið að ég, sem á að baki sautján ára skólagöngu, væri ágætlega búin undir þessa léttvægu æfingu í einbeitingu og glósunarstörfum. Í staðinn komst ég að því að þetta er svipað og með húsmóðurvöðvana, sem slappast fljótt ef þeir eru ekki í stöðugri æfingu. Ég sannreynði það um daginn, þegar ég starði á þvottavél og þurrkara í hálf tíma eins og tækin væru arameískumælendi geimverur. En það er önnur saga og öllu sorglegri.

Ég hef haft lítil afskipti af súluritum frá því að ég yfirgaf grunnskólann. Ég mátti þess vegna alveg eiga von á því að heilinn slökkti á sér meðan á námskeiðinu stóð, svona svipað og myndavélin sem ég var mætt til að læra á. Það kom mér samt á óvart. Ég er að uppgötva að ég hef bara kolranga mynd af eigin skólagöngu. Ég telst ansi framþærilegur námsmaður á hefðbundinn mælikvarða. Það er hins vegar að rifjast upp fyrir mér að ég hef aldrei skarað fram úr í eiginlegri námsástundun. Í staðinn sækja á mig löngu grafnar minnismyndir af stærðfræðibókinni sem ég opnaði ekki fyrir en þremur dögum fyrir próf, og mánuðögnum sem ég svaf mig í gegnum fjórfalda tíma í

grísku. Einhvern veginn hef ég haldið lífi í ranghugmyndum um sjálfa mig með gleraugu (sem ég nota ekki), hnút í hárunu og snyrtilegan stafla af penum glósum, sitjandi við lítið skrifpúlt undir frönskum glugga. Óekki.

Það sem ég kann er að taka örvæntingarfullt lærdómskast skömmu fyrir erfitt próf og ná á yfirskilvitlegan hátt að festa allar upplýsingar, ásamt blaðsíðutölum, einhvers staðar í afkimum hugans. Ég vona því bara að yfirstandandi námskeiði ljúki á átta tíma prófi með fimm ritgerðarspurningum. Þá á ég séns. Annars mun ég halda áfram að stara tómeygð á töfluna og finna súlurnar spýttast út um eyrun.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Myndlist í aðalhlutverki

Dagskrá Listahátíðar í Reykjavík 2008, sem fer fram dagana 5. maí til 15. júní næstkomandi, var kynnt á blaðamannafundi í Hafnarhúsinu í gær. Það verður margt um dýrðir á hátíðinni og verður myndlist gert sérlega hátt undir höfði.



DAGSKRÁIN KYNNT Frá blaðamannafundi Listahátíðar í Hafnarhúsinu í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sérleg áhersla var lögð á myndlist á Listahátíð í Reykjavík árið 2005 og þótti takast með eindæmum vel til. Því hefur verið ákveðið að endurtaka leikinn í ár og bjóða upp á sannkallaða myndlistarveislu.

Aðrar listgreinar líða þó ekki fyrir það, heldur verður jafnframt boðið upp á glæsilegt úrval fjölbreyttra viðburða. Stærsta verkefnið á Listahátíð í ár er Tilraunamararþon sem haldið verður í Hafnarhúsinu. Mararþonið fer fram á vegum Listasafns Reykjavíkur og Serpentine Gallery í London, en þar hafa einmitt farið fram rómaddir mararþonið burðir undanfarið ár. Mararþonið er stýrt af Hans Ulrich Obrist, sýningarstjóra Serpentine Gallery, í samvinnu við Ólaf Elíasson. Um opunarhelgi hátíðarinnar verður Hafnarhúsinu breytt í tilraunastofu þar sem myndlistarmenn, arkitektar, kvikmyndagerðarmenn og vísindamenn munu skapa vettvang uppgötvana með margvíslegum verkum, gjörningum og innsetningum. Á meðal þátttakenda í mararþoninu verða Marina Abramovic, Brian Eno, Katrín Sigurðardóttir, Hekla Dögg Jónsdóttir, Gustav Metzger og Darri Lorenzen.

Að auki verða á dagskrá hátíðarinnar aðrir spennandi myndlistarviðburðir. Á Kjarvalsstöðum verður boðið upp á sýninguna Draumar um ægifegurð í íslensku samtímalist, en á henni má sjá hugmyndir listamanna um náttúruna í ljósmýndum og myndbandsverkum. Á Listasafni Íslands verður sett upp sýningin List mót bygg-

ingarlíst sem fjallar um hin flóku tengsl þessara tveggja greina. Dagskrá hátíðarinnar fer einnig að nokkru leyti fram utan höfuðborgarsvæðisins. Þannig verður sett upp sýning í Listasafninu á Akureyri á vegum hátíðarinnar. Sýningin nefnist Andspænis Kína og á henni getur að líta málverk og skúlptúra eftir nú þekkta kínverska listamenn. Hátíðin býður jafnframt upp á sýningar í söfnum og sölum víða annars staðar á landsbyggðinni.

Þeir dagskrárliðir sem ekki flokkast til myndlistar eru ekki síður freistandi. Einn af meistrum djassins, nifaldi Grammy-verðlaunahafinn Wayne Shorter heldur tónleika í Háskólabíói. Þar verða einnig einsöngstónleikar hinnar stórglæsilegu bandarísku Denyce Graves, en

hún er ein af skærustu stjórnunum óperuheimsins um þessar mundir. Íslenski dansflokkurinn og dansflokkurinn Carte Blanche frá Bergen vinna saman að verkinu Ambra sem sýnt verður í Borgarleikhúsinu, en verkið verður jafnframt sýnt á listahátíð í Bergen síðar. Ofurhljómsveitin Super Mama Djombo frá Gíneu-Bissá kom til Íslands síðastliðið haust og tók hér upp hljómdisk. Hljómsveitin snýr aftur á vegum Listahátíðarinnar og heldur tónleika á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöllum.

Að ofan hefur aðeins verið rakinn lítill hluti þeirrar dagskrár sem Listahátíð í Reykjavík býður upp á í ár, en þegar er ljóst að listunnendur hafa úr nógu að velja í maí næstkomandi

vigdis@frettabladid.is



Happdrætti húsnæðisfélags S.E.M. - Útdráttur 24. feb 2008 -

Ferðavingingur frá Heimsferðum kr. 200.000

| | | | | | | | | | |
|------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|--------|--------|
| 336 | 11586 | 22788 | 27740 | 41782 | 61517 | 71954 | 77529 | 88825 | 104403 |
| 4296 | 15735 | 24990 | 30886 | 43484 | 65085 | 73061 | 78538 | 89599 | 105236 |
| 4907 | 16072 | 25313 | 36587 | 51903 | 66143 | 74258 | 80449 | 91473 | 109311 |
| 6788 | 17589 | 25660 | 36908 | 54399 | 66419 | 75401 | 81377 | 92018 | 114010 |
| 6942 | 19107 | 27439 | 37463 | 56370 | 68004 | 75814 | 82174 | 98834 | 122369 |
| 9302 | 21059 | 27718 | 37814 | 59156 | 71697 | 76067 | 82212 | 103956 | 123065 |

Helgarferð frá Heimsferðum 50.000

| | | | | | | | | | |
|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|--------|--------|--------|
| 319 | 12255 | 25797 | 38582 | 50501 | 64532 | 77145 | 91829 | 102220 | 114065 |
| 542 | 12665 | 26478 | 38852 | 50683 | 64699 | 77162 | 92143 | 102443 | 114538 |
| 694 | 13489 | 26584 | 38985 | 50996 | 64810 | 78254 | 92371 | 103201 | 114625 |
| 785 | 13709 | 26613 | 39416 | 51371 | 65153 | 78594 | 92991 | 103360 | 115042 |
| 1001 | 13712 | 26655 | 39464 | 51855 | 65985 | 78926 | 93098 | 103440 | 115069 |
| 1085 | 14346 | 26804 | 39799 | 52350 | 66169 | 79203 | 93548 | 103800 | 115232 |
| 1757 | 14506 | 26808 | 40275 | 52898 | 66245 | 80293 | 93550 | 104328 | 115326 |
| 1939 | 14796 | 26952 | 40544 | 53049 | 66495 | 80320 | 93715 | 104618 | 115607 |
| 2879 | 14803 | 27025 | 41206 | 53138 | 66986 | 80545 | 94891 | 105513 | 115689 |
| 3103 | 14851 | 27222 | 41465 | 53490 | 67069 | 80618 | 95669 | 105688 | 115775 |
| 3177 | 15058 | 27850 | 41643 | 53878 | 67255 | 80940 | 95734 | 105781 | 115844 |
| 3188 | 15798 | 28170 | 42270 | 54075 | 67772 | 80965 | 96277 | 106018 | 116093 |
| 3402 | 15833 | 28512 | 42336 | 54723 | 67797 | 81057 | 96350 | 106493 | 116558 |
| 4587 | 16752 | 28906 | 42338 | 55243 | 68054 | 81234 | 96458 | 106866 | 116775 |
| 4964 | 16858 | 29535 | 42627 | 55648 | 68102 | 82266 | 96741 | 106978 | 117055 |
| 5637 | 16868 | 29807 | 42762 | 55766 | 68349 | 82295 | 97249 | 107003 | 117611 |
| 6828 | 17209 | 29899 | 42838 | 55801 | 69167 | 83173 | 97538 | 107066 | 117673 |
| 7240 | 17533 | 30485 | 43113 | 55903 | 69236 | 84113 | 97681 | 107072 | 117793 |
| 7276 | 17676 | 30936 | 44012 | 57437 | 69823 | 84289 | 97741 | 107095 | 117805 |
| 7925 | 17677 | 30977 | 44316 | 57492 | 69881 | 84317 | 97804 | 107110 | 118970 |
| 8099 | 17703 | 31081 | 45967 | 57676 | 70540 | 84399 | 98266 | 107312 | 118972 |
| 8314 | 18595 | 31654 | 46834 | 57910 | 70771 | 84699 | 98547 | 108463 | 119296 |
| 8739 | 19506 | 31993 | 47139 | 58055 | 70801 | 85007 | 98869 | 108890 | 119448 |
| 8745 | 19638 | 32376 | 47611 | 58845 | 70940 | 85865 | 98911 | 109083 | 119487 |
| 8791 | 20822 | 32450 | 47737 | 59202 | 71377 | 86173 | 99009 | 109424 | 119573 |
| 9195 | 20889 | 32588 | 47773 | 61216 | 72010 | 86213 | 99361 | 109607 | 119579 |
| 9231 | 21030 | 32624 | 48008 | 61345 | 72055 | 86584 | 99519 | 109643 | 120374 |
| 9310 | 21313 | 33917 | 48041 | 61412 | 72768 | 89037 | 99590 | 110182 | 120546 |
| 9649 | 22047 | 34473 | 48305 | 61464 | 73057 | 89159 | 99692 | 110368 | 121753 |
| 9650 | 22900 | 34677 | 49062 | 61511 | 73106 | 89446 | 99763 | 111133 | 122462 |
| 10289 | 22923 | 35121 | 49081 | 61546 | 73981 | 89525 | 100266 | 111145 | 122684 |
| 10697 | 23123 | 35551 | 49202 | 61606 | 74004 | 89640 | 100680 | 111810 | 122811 |
| 10741 | 23193 | 36647 | 49225 | 61675 | 75159 | 90174 | 100739 | 111886 | 122851 |
| 10927 | 23750 | 37313 | 49765 | 62169 | 75263 | 90464 | 100832 | 112545 | 123399 |
| 10928 | 24009 | 37484 | 49901 | 63108 | 75339 | 90482 | 100840 | 112790 | 123559 |
| 11242 | 24540 | 37515 | 49926 | 63297 | 75485 | 90717 | 100985 | 112821 | 124173 |
| 11839 | 24804 | 37663 | 50049 | 63540 | 75585 | 91181 | 101043 | 113779 | 124188 |
| 12093 | 24903 | 37818 | 50277 | 64263 | 76079 | 91185 | 101493 | 113864 | |
| 12182 | 25693 | 37969 | 50340 | 64347 | 76549 | 91798 | 101717 | 114038 | |

Vinninga ber að vitanu innan árs. Upplýsingasími 5887470, og á heimasíðu sem@sem.is Þökkum ómetanlegan stuðning Birt án ábyrgðar

Máté leikur Speight og Sucho

Háskólatónleikar fara fram í Norræna húsinu í dag kl. 12.30. Þar kemur fram píanóleikarinn Peter Máté og leikur Sonata per pianoforte eftir John A. Speight og Horalská suita eftir Eugen Suchon.



PETER MÁTÉ Leikur fögur píanóverk á Háskólatónleikum í Norræna húsinu í dag.

Sonata per pianoforte var samin árið 1998 að beiðni Peters Máté fyrir sónotu-prógramm. Hún er í gömlu formi í fjórum þáttum en með nýstárlegu yfirbragði. Peter frumflutti sónotuna í Salnum í Kópavogi árið 2000 og flutti hana nýlega í Moskvu og á Akureyri.

Aðgangseyrir er 1.000 kr., 500 kr. fyrir eldri borgara og öryrkja en ókeypis fyrir nemendur Háskóla Íslands. -vp

Fjölbreytt tungumál Evrópu

Eyjólfur Már Sigurðsson, forstöðumaður Tungumálamiðstöðvar H.Í., flytur fyrirlestur sem nefnist „Evrópa og tungumálin“ í stofu 101 í Odda á morgun kl. 16.30.



EYJÓLFUR MÁR SIGURÐSSON

Opinber stefna Evrópusambandsins er fjöltyngisstefna, enda eru aðildarlönd þess nú 27 talsins og opinber tungumál þeirra 23 talsins. Í samræmi við þessa stefnu hefur sambandið sett sér þá stefnu að Evrópubúar verði færir um að tala og skilja tvö tungumál auk móðurmálsins. Eyjólfur dregur saman helstu niðurstöður úr könnuninni og rýnir í þær í ljósi annarra heimilda. -vp

BERMUDA

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

NÝR DAGUR

27. FEBRÚAR

KL. 20:30

RÚBÍN

ÖSKJUHLÍÐ

MÍÐAR FÁST AÐEINS VIÐ INNGANGINN - VERÐ 1.000

veislusalur í Öskjuhlíð
Sími: 578 5300
www.rubin.is
rubin@rubin.is

> HRIFIN AF SCARLETT

Peim Natalie Portman og Scarlett Johansson virðist semja alveg virkilega vel. „Í alvöru, ég væri virkilega til í að grípa í brjóstin á Scarlett. Þau er mjög falleg," sagði Portman á dögunum, en leikkonurnar leiða saman hesta sína í kvikmyndinni The Other Boylen Girl.



fólk

folk@frettabladid.is

Paris og Benji nýjasta parið



SÚ EINA RÉTTA Benji Madden hefur sagt vinum sínum að hann vilji gjarnan eyða ævinni með París.

Paris Hilton er komin með nýjan mann upp á arminn. Hann er enginn annar en Good Charlotte-rokkarinn Benji Madden, bróðir Joels nokkurs Maddens sem nýverið eignaðist barn með Nicole Richie, sem er einmitt besta vinkona Parisar Hilton. Paris og Benji sáust fyrst saman í Los Angeles í síðustu viku, þar sem þau gengu hönd í hönd eftir götum Vestur-Hollywood í verslunarleiðangri. Til Parisar hefur þar að auki sést með hring frá Tiffany og Co. á baugfingri, sem hefur að sjálfsgöðu komið af stað sögusögnum um mögulega trúlofun, þó að ekki sé langt um liðið frá því að þau fóru að stinga nefjum saman.

Vinur Benji segir við slúður-síðuna pagesix.com að Benji sé virkilega hamingjusamur. „Hann er þegar farinn að segja vinum sínum að hún sé hin eina rétta. Hann segir að hann sjái það virkilega fyrir sér að þau muni enda saman," segir heimildar- maðurinn.

Af Paris er það annars að fréttu að hún er með nýjan veruleikaþátt í smíðum. Þar verður fylgst með leit hennar að „nýjum besta vini" og er búist við því að hann verði tekinn til sýninga á MTV eða VH1. Ef hamingjan með Benji er svo mikil sem slúður-blöðin vilja láta er þó ólíklegt að Paris vilji skila Nicole sem bestu vinkonu sinni í bráð.



MEÐ HRING Á FINGRI Til Parisar hefur sést með hring á baugfingri, sem hefur komið af stað sögusögnum um mögulega trúlofun.



MÍNUS Fyrsta smáskífan af plötunni The Great Northern Whalekill er komin út.

Ný smáskífa komin út

Fyrsta smáskífa rokksvéitarinnar Mínuss af plötunni The Great Northern Whalekill, Throwaway Angel, er komin út víðs vegar um Evrópu. Á b-hlið smáskífunnar er önnur útgáfa Mínuss af laginu í órafmagnaðri útgáfu.

Smáskífan kemur einnig út á 7 tommu vinyl og verður fánleg á Íslandi von bráðar. The Great Northern Whalekill kemur út í Evrópu mánudaginn 3. mars en hún kom út hérlandis í fyrra. Til að fylgja plötunni eftir ætla Mínus í tónleikaferð um Bretland dagana 20. til 28. mars. Einnig eru fyrirhugaðir tónleikar á Organ 4. apríl.

Ramirez mætir

Breski plötusnúðurinn D. Ramirez þeytir skífum á þriggja ára afmæli Flex Music 19. mars næstkomandi á Nasa. Ramirez, sem er á mála hjá útgáfufyrirtækinu Ministry of Sound, var valinn besti danstónlistarmaður Bretlands árið 2007 af tímaritinu DJ Magazine. Hann hlaut einnig hin virtu Iveor Nouvelle-verðlaun fyrir endurhljóðblöndun sína á laginu Yeah Yeah með Bodyrox.

Forsala á tónleikana fer fram á midi.is og í versluninni Mohawks.



JASON BOURNE Matt Damon mun leika Jason Bourne í fjórða sinn.

Bourne í fjórða sinn

Leikarinn Matt Damon hefur samþykkt að leika í fjórðu hasarmyndinni um Jason Bourne. Peter Greengrass, sem leikstýrði annarri og þriðju myndinni, verður einnig við stjórnvölinn í þeirri nýjustu.

Talið var að þriðja myndin um Bourne yrði sú síðasta vegna þess að rithöfundurinn Robert Ludlum skrifaði aðeins þrjár skáldsögur um persónuna Bourne. Tvær bækur til viðbótar voru skrifaðar um Bourne af Eric Van Lustbader en þær nutu ekki eins mikilla vinsælda og bækur Ludlum. Einnig hafði Damon gefið í skyn að myndirnar yrðu aðeins þrjár.

Auglýsir pólskan banka




John Cleese er ekki við eina fjölinna felldur þegar kemur að auglýsingagerð. Hann hefur sem kunnugt er auglýst grimmt fyrir Kaupþing banka síðastliðin tvö ár, en nú er enski gamanleikarinn líka farinn að auglýsa fyrir pólska bankann BZ WBK.

Í pólsku auglýsingunni sést John mæra lánakjör pólska bankans, en útlánsvextir eru þar með lægsta móti. Þegar John er sagt að hann verði að vera Pólverji til að njóta góðra kjara bankans fer hann að telja upp ýmislegt sem gæti komið að gagni, til dæmis að frænka sín hafi verið pólsk og að hann kunni pólsku. Það þykist hann sanna með því að segja „guten morgen".

Nokkur samhljómur er með pólsku auglýsingunni og þeirri fyrstu frá Kaupþingi sem sást fyrst um jólin 2006. Hafsteinn S. Hafsteinsson hjá auglýsingastofnunni Ennemm sem gerði íslensku auglýsingarnar segir auglýsingarnar alls ekki sláandi líkar, þótt sjá megi væg líkindi. „John Cleese hefur leikið í auglýsingum áratugum saman enda er hann ævagamall," segir hann. „Við



RANDVER HVERGI NÆRRI John Cleese sést hér í pólskri bankauglýsingu.



JOHN CLEESE Mærir launakjör pólska bankans BZ WBK í nýrri auglýsingu.

skoðuðum fullt af auglýsingum með honum áður en við gerðum auglýsinguna fyrir Kaupþing og hann benti okkur sjálfur á þýska auglýsingu. Þar var hann voðalega ánægður með þýska framburðinn sinn en þegar hann sá auglýsinguna var búið að döbba hann. Þjóðverjar hafa aldrei heyrt John Cleese tala, bara þann sem döbbar hann."

Hafsteinn segir Kaupþing ekki hafa einkaleyfi til að nota John Cleese í auglýsingum nema á Íslandi og því sé pólska auglýsingin ekki brot á neinum samningum. „Það er ómögulegt að segja til um það hvort John Cleese verði notaður enn eitt árið í auglýsingar fyrir Kaupþing," segir Hafsteinn, „við gerum ekki samning við hann nema í eitt ár í einu." gunnarh@frettabladid.is

Fagna 15 ára afmæli

Rokksveitin Deep Jimi and the Zep Creams heldur upp á fimmtán ára útgáfuafmæli sinnar fyrstu plötu, Funky Dinasour, í Bandaríkjunum með tónleikum á Organ í kvöld.

„Við erum búnir að slást við að koma þessu saman í langan tíma," segir Sigurður Eyberg Jóhannesson, meðlimur Deep Jimi. Gítarleikari sveitarinnar er nýfluttur heim eftir að hafa búið í Danmörku og ætla hún því að spila meira á næstunni. „Það er eins og maður sé að skoða annan mann þegar maður fer að skoða sjálfan sig frá þessum tíma," segir Sigurður er hann minnst Funky Dinasour. „Þessi lög eru eins og hálfgerðar dagbækur."

Dagskráin hefst með leik sænsku blússveitarinnar Emil & the Ecstasics. Að leik þeirra loknum stígur Deep Jimi á stökk og flytur Funky Dinasour frá upphafi til enda. Í kjölfarið fylgja svo lög af tveimur seinni plötum



DEEP JIMI AND THE ZEP CREAMS Rokkararnir fagna fimmtán ára útgáfuafmæli Funky Dinasour með tónleikum á Organ.

bandsins; Seybe Sunsicks Rock'n'Roll Circus og Deep Jimi and the Zep Creams ásamt glænýju efni sem Deep Jimi vinnur að um þessar mundir. Tónleikarnir hefjast kl. 21.00 og er miðaverð 1.000 kr.



NÝJA TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Betur þekkt sem..?

Hvað á húsið að heita?

Nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsið ris nú á hafnarbakkanum í Reykjavík. Áætluð opnun er í desember á næsta ári og Bubbi Morthens hefur þegar tekið stóra sal hússins frá á Þorláksmessu-kvöld næstu árin. En það bráðvantar nafn á húsið, „Tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík" er ekki alveg að gera sig. Því hefur eignarhaldsfélagið Portus blásið til hugmyndasamkeppni um nafn. Það þarf að falla vel að íslenskri tungu, vera þjálft á erlendum tungumálum, vera lýsandi fyrir starfsemi hússins þ.e. tónlist og ráðstefnuhald og undirstrika þá stefnu að húsið verði hús fólksins í landinu. Verðlaun eru vegleg fyrir sigurtillöguna (hversu vegleg fæst ekki uppgefið) og öllum sem senda inn tillögur verður sýndur víðeigandi þakklætisvottur (hversu víðeigandi fæst ekki uppgefið).

Þegar starfsmenn Portus mættu í vinnuna á mánudagsmorguninn voru komnar 450 tillögur og margar mjög góðar að sögn Portus-manna. Eftir nokkrar vikur verða verðlaunin í samkeppninni veitt og fljótlega eftir það verður tilkynnt um nafnið á húsinu eftir að endanleg ákvörðun hefur verið tekið. Þá verður einnig búið að hanna vörumerkið og hönnunarlinu sem verður kynnt um leið. Skilafrestur í samkeppninni er til laugardagsins 1. mars og nú er bara að leggja hausinn í bleyti... öö, Tónabær, Faxaskáli, Dynheimar? Pabbi Bjarkar lagði fram hugmynd á blogginu sínu. Hann vill að húsið heiti Björk. - glh

Dana reið kalkúnánunum



Á meðan við völdum að senda Friðrik og Reginu til Belgrad voru sjö aðrar þjóðir að ákveða sig. Mesta ágreiningnum olli írska sigurlagið, Irlande douze pointe, sem flutt er af Dustin the Turkey, eða Dustin kalkúna, sem er leikarinn Johnny Morrison með kalkúnagrímu syngjandi með þykku Dublinarhrei. Dustin hefur verið lengi að og er vinsæll skemmtikraftur úr sjónvarpi. Hann hefur líka gert sex plötur og meðal annars tekið dúetta með Bob Geldof og Chris de Burgh. Þótt kalkúninn hafi sigrað með símakösnungu eru gríðarlega skiptar skoðanir um ágæti hans. Írski þjóðin skiptist í tvær andstæðar fylkingar, þá sem segja að kalkúninn sé „síðasta tækifæri Íra til að gera eitthvað í Eurovision", og þá sem segja lagið „skammarlegt grín sem mun rústa álit annarra Evrópuþjóða á Írum".

Söngkonan Dana, sem sigraði í Eurovision árið 1971 með laginu All Kinds of Everything, sem mörgum finnst enn besta Eurovision-lag allra tíma, er í seinni hópnun. „Ef við ætlum að umgangast Eurovision sem eitthvert grín ættum við að hætta að taka þátt í keppninni," sagði hún í viðtali. „Annars erum við að vanvirða þær þjóðir sem keppa í einlægni og vilja sigra." Írski kalkúninn stígur á svið á fyrri undankvöldinu, en Ísland tekur þátt á seinna kvöldinu.

EUROVISION

87 DAGAR TIL STEFNU

EUROBANDID

EURO  BANDID

This is my life

Við þökkum öllum sem studdu lagið til sigurs
í forkeppni eurovision 2008



www.myspace.com/euroband

 umboðsskrifstofa
Sími 898 1010
rigg@simnet.is

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

27 DRESSES ★★½
RAMBO ★★
LOVE WRECKED

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|----------------------------|------------------|----|
| 27 DRESSES | kl. 8 og 10.10 | L |
| RAMBO | kl. 6, 8 og 10-P | 16 |
| JUMPER | kl. 10 | 12 |
| LOVEWRECKED | kl. 6 | L |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEIKUNUM | kl. 5.30 ÍSL TAL | L |

NÝTT Í BÍÓ! LÚXUS

27 DRESSES ★★

Frá framleiðendum Devils Wears Prada. Skemmtilegasta rómantíska gamanmynd ársins með Katherine Heigl úr Knocked up og Greys Anatomy í fantaformi. Missið ekki af þessari!

sporn toppur - drekktu betur

NÝTT Í BÍÓ!

JUMPER
INTO THE WILD

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

MEET THE SPARTANS
CLOVERFIELD

| | | | |
|-------------------|----------------------|------------------------|----------------------|
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 - 10.20 |
| 27 DRESSES LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | JUMPER | kl. 6 - 8 - 10 |
| JUMPER | kl. 8 - 10.10 | BEFORE THE DEVIL KNOWS | kl. 5.30 - 8 - 10.20 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 6 | MEET THE SPARTANS | kl. 6 - 8 - 10 |
| CLOVERFIELD | kl. 10 | | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | | |

| | |
|---------------------------|----------------------------|
| HÁSHÓLA BÍÓ Sími 530 1919 | BORGAR BÍÓ Sími 462 3500 |
| THERE WILL BE BLOOD | 27 DRESSES |
| INTO THE WILD | RAMBO |
| ATONEMENT | ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEIKUNUM |
| BRÚÐGUMINN | BRÚÐGUMINN |
| | JUMPER |

AUKAKRÓNUR FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MED KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

SAMBIO.is REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

4 ÓSKARSVERÐLAUN
2 ÓSKARSVERÐLAUN

SAMBIO.is ALFABAKKA

| | | |
|------------------------|-------------------------|----|
| STEP UP 2 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5.15 - 8.30 - 10.10 | 16 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5.15 - 8.30 | VP |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| MR. MAGORIUMS... | kl. 5.50 | L |
| SWEENEY TODD | kl. 10.10 | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 8 | 16 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 | 7 |

SAMBIO.is KEFLAVÍK

| | | |
|------------------|-------------------------|----|
| STEP UP 2 | kl. 6.10 - 8.20 - 10.30 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 5.30 - 8 - 10 | L |
| JUMPER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| MR. MAGORIUMS... | kl. 6 | L |

Low snýr aftur í apríl

Bandaríska tríóið Low er væntanlegt til tónleikahalds í Reykjavík. Hljómsveitin leikur á Nasa föstudagskvöldið 4. apríl og hefst miðsala á midi.is á morgun.

Low kom síðast til Íslands árið 1999 og spilaði á eftirminnilegum tónleikum í Háskólabíói með Sigur Rós. Þá var hljómsveitin þekkt fyrir ofurljúfa og hæga tónlist (svokallað „slowcore“) en bandið hefur verið að keyra sig aðeins upp í rokkinu síðan þá. Nýjasta platan, Drums and guns, sú átt-



BANDARÍSKA HLJÓMSVEITIN LOW Spilar á Nasa 4. apríl.

unda í fullri lengd, kom út í fyrra og er önnur plata sveitarinnar fyrir Sub Pop merkið í Seattle sem er þekkt fyrir að koma Nirvana á framfæri.

Low var stofnuð árið 1993 í Duluth í Minnesota af hjónunum Alan Sparhawk, sem syngur og spilar á gítar, og Mimi Parker sem syngur og trommar. Bassaleikarar hafa komið og farið í gegnum tíðina. Tónleikarnir í Nasa verða þeir fyrstu í Evróputúr sveitarinnar. Íslenska hljómsveitin Skakka-manage, sem einnig inniheldur hjónakorn, hitar upp.

Spila með Lúðrasveit verkalýðsins á afmæli sínu

200.000 naglbítar fagna tíu ára útgáfuafmæli sínu í haust. Áfanganum verður fagnað með eftirminnilegum hætti.

„Ég er búinn að vera með þetta í maganum í nokkur ár. Það eru allir búnir að vera að vinna með Sinfó, Gospelkórnum eða einhverjum big böndum, og mér fannst geðveikt töff að Naglbítar og Lúðrasveit verkalýðsins myndu slá saman í þúkk. Nöfnin passa líka svo vel saman – 200.000 naglbítar og Lúðrasveit verkalýðsins – rosalega karlmannlegt eitthvað.“

Hér talar Villi Naglbítur um samstarf hljómsveitanna tveggja, rokktríósins og 40 manna lúðrasveitarinnar. Í tilefni af tíu ára afmæli fyrstu plötu Naglbítanna – og 15 ára hljómsveitarafmæli – verða tíu Naglbítalög af plötunum þeirra þremur útsett upp á nýtt fyrir lúðrasveit og rokktrío. Útkoman verður svo gefin út á plötu í haust og tónleikar haldnir í kjölfarið. Þá ætlar Heimir Freyr Hlöðversson að gera heimildarmynd um allt ferlið.

„Ég er búinn að heyrja fyrstu lögin og sat bara með gæsaþúð, þetta var svo þungt, kraftmikið og æðislegt,“ segir Villi. „Ég spurði sjálfan mig hvort þessi tónlist væri í alvörunni eftir mig.“

Það er annars að fréttá að Villi segist vera að læra að vera pabbi um þessar mundir því honum fæddist sonur fyrir þremur mánuðum. Og svo eru það dómgæslustórf í Bandinu hans Bubba. „Það er rosalega skemmtilegt. Vinur minn benti mér á að einhverjar kerlingar hafi verið að hneyklast á mér á blogginu fyrir að muna ekki



FÆR GÆSAÞÚÐ AF LÚÐRASVEITINI Villi naglbítur hafði samband við Lúðrasveit verkalýðsins sem var til í stuði.

nöfnin á keppendunum. Hvers vegna ætti ég að hlusta á fólk sem hefur ekki afrekað annað en að kaupa sér tölvur til að geta skrifað um það sem aðrir eru að gera? En jæja, ég hlýst að geta munað nöfnin á söngvurunum fyrir næsta þátt, allavega nöfnin á þeim sem geta

eitthvað. Það er gaman að vinna með Birni Jörundi og Bubba. Hann er hinn húsbondi, skemmtilegur og almennilegur og alltaf segjandi sögur. Það eru margir flottir söngvarar að keppa svo ég hlakka mikið til að vera í þættinum næstu vikurnar.“

Tekið til eftir partíið

Poetrix er listamansnafn rapparans Sævars Daniéls Kolandavelu. Hann hefur verið að skrifa rímur og rappað í nokkur ár, en Fyrir lengra komna er hans fyrsta plata.

Sævar er finnrappari með skýra framsögn og gott flæði og textarnir hans eru margir á meðal þess besta sem maður hefur heyrt frá íslenskum rímnasmíðum í langan tíma.

Alvara, Vegurinn til glötunar, Rónaljód, Havana Club og Gerviboddefni eru dæmi um frábæra texta. Margir textanna draga upp skuggalegar og kunnuglegar myndir frá Reykjavík dagsins í dag, en þeir eru líka mjög persónulegir. Baráttan við eiturfjafíknina er eins og rauður þráður í gegnum plötuna. Móri gerði þemaplötu um hassreykingar og smáglæpi fyrir nokkrum árum. Nú er partíið búið. Fyrir lengra komna fjallar um niðurtúrinn og meðferðina. Poetrix er fíkill sem er búinn að ná áttum; rappari í bata. Hann hefur alvöru boðskap fram að færa og það gerir textana hans áhrifameiri og sterkari. Þetta er enginn leikaraskapur.

Á meðal taktsmiða á Fyrir lengra komna eru Poetrix sjálfur,

Matti M.A.T. og Steve Sampling. Það er margt vel gert hér. Taktarnir eru flestir einfaldir en standa vel fyrir sínu og svo fá lögin lit með lifandi hljóðfærleik sem hlaðið er ofan á grunnana. Gaukur Úlfars kemur sterkur inn á bassann í nokkrum lögum og Smári tarfur sýnir snilldartakta í mörgum þeirra. Platan væri áberandi fátæklegri án hans framlags. Hann strömmar rafmagnsgítarinn með fínum árangri, en ennþá flottari eru gítarlykkjurnar og plokkið sem prýða mörg laganna.

Það eru nokkur frábær lög á Fyrir lengra komna. Eitt þeirra er Alvara sem minnr mig mikið á einhvern gamlan MC Solaar smell. Það einkennist af djassi og afslappaðri stemningu sem fæst með kontrabassaleik Árna Hjörvar, hammondleik Davíðs Þórs og trompetleik Eiríks Orra. Mjög flott. Það eru nokkrar gestaraddir á plötunni og þær koma yfir það heila vel út. Bubbi, Einar Ágúst og Rósa úr Sometime eiga finar innkomur að ógleymdum Reyni kokki sem opnar Rónaljód. Ég verð samt að viðurkenna að röddunin hennar Guðbjargar Elísu er svolítið ofnotuð á plötunni og verður þreyntandi til lengdar. Platan byrjar mjög



TÓNLIST

Fyrir lengra komna

Poetrix

★★★★

Fyrir lengra komna er mjög vel heppnuð frumsmíð. Mörg laganna eru flott og Poetrix sprettur fram sem sannfærandi rappari með alvöru boðskap.

kröftuglega, en dalar aðeins þegar á líður. En þó að lögin og textarnir séu misgóð þá er heildarsvipurinn samt sterkur. Þetta er hörkuplata.

Trausti Júlíusson



Nýtt tákni um gæði



Ford Fusion
Gott verð
kr. 1.820.000*

Bílasamningur
kr. 21.400 á mán.
Trend 1,4i 80 hö 5 girá 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,4 l/100 km
Einnig fánlegur sjálfskiptur

Komdu fislétt inn í – og út úr – **FORD FUSION**

VERTU JEPPALEGRI Á FUSION

Opnaðu svoltið jeppalegri veröld Ford Fusion. Verndaðu líkamann. Farðu inn í – og út úr – Ford Fusion áreynslulaust og þægilega. Hugsaðu vel um hendur, fætur, mjöðm og bak. Vertu jeppalegri. Hugsaðu Fusion. Komdu í Brimborg í dag. **Veldu Ford.**



Ford Fiesta
Gott verð
kr. 1.780.000*

Bílasamningur
kr. 20.900 á mán.
Trend 1,4i 80 hö 5 girá 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,4 l/100 km
Einnig fánlegur sjálfskiptur



Ford Ka
Gott verð
kr. 1.249.000*

Bílasamningur
kr. 14.700 á mán.
Ka 1,3i 70 hö 5 girá 3 dyra
CO2 losun 141 g/km
Eyðsla í bl. akstri 5,9 l/100 km

Pú finnur ekki nýjan bíl á lægra verði en KA


visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað


Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.ford.is


brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta kaupverði og búnaði án fyrirvara m.a. háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mán. greiðslum í 84 mán. sem eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta, 50% JPY/ 50% CHF. Aukabúnaður á Ford Fiesta: áfelfgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar.



TAKTU ÞÁTT

FORSÍÐULEIKUR
visir.is



Forsíðuleikur á visir.is færir þér lukku

Gerðu visir.is að upphafssíðu og taktu þátt í vinningsleik, fjöldi frábærra vinninga – utanlandsferðir, dvd-myndir, áskrift að Stöð 2, bíómiðar o.fl.

Þú hlustar á Í bítíð þegar þér hentar á visir.is. Í bítíð á Bylgjunni kemur landsmönnum af stað inn í daginn með lifandi frétt- og dægurmálaumræðu sem skiptir okkur máli. Heimir Karlsson og Kolbrún Björnsdóttir taka fyrir málefni liðandi stundar ásamt Gissuri Sigurðssyni sem stendur fréttavaktina. Fréttir, íþróttir, og þjóðfélagsumræða á mannamáli alla virka daga frá 6.50 til 9.00 á Bylgjunni.

visir.is
...ég sá það á visir.is



> Charlize Theron

Þegar Charlize Theron var 15 ára réðst faðir hennar á móður hennar. Slagsmálin enduðu með því að móðir hennar skaut Charlie pabba hennar og lést hann samtundis. Hún var ekki ákærð þar sem þetta flokkaðist undir sjálfsvörn. Charlize Theron leikur í kvikmyndinni North Country sem er sýnd í kvöld á Stöð2Bíó kl. 22.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FLAKKA KARLAR EINS OG PÁLL BALDVIN BALDVINSSON Í LEIT AÐ FJÖRI

Hið rambandi spjall um allt og ekkert

Á privátsjónvarpsstöð Ingva Hrafn Jónssonar, INN, er í gangi óvenjulegur spjallþáttur sem hópur kvenna stendur að. „Ertu búinn að sjá þær,“ spurði einn kunningi minn, kolfallinn sjónvarpsfíkill, maður sem fylgdist með á heimsvísu: „Þetta er það eina nýja í íslensku sjónvarpi, þær eru frábærar, þær segja allt! Þær eiga að vera á prime time á stöð með landsútbreiðslu.“

Tilraunin með INN undir forystu kvenna úr íslensku sjónvarpsbransa fór reyndar framhjá mörgum þegar dagskránni var umbylt í haust. Á tímabili virtist hún ætla að taka snið eftir NFS en nú er það tekið að breytast: Þar er ekkert lífsmark nema þessi kvennapáttur.

Þar sitja fjórar konur nafnkunnar og spjalla um allt og ekkert, daðra við tal um dulmál, skara með skörungum sínum í ófnana hver hjá annarri, stinga þeim misheitum í potta sína svo hvissar í, krækja jafnvel í óhreinan þvott úr körfum sínum



og veifa framan í skjáinn. Þær eru nokkuð sjálfhverfar, fá stundum til sín gesti og ferst misjafnlega við þá. Þær eru ekki úr sömu brókinni: Kolfinna létt manísk, Elísabet þarf reglulega að draga athygli að sér, Ólsen næst því að leiða umræðuna – og svo eru nokkrar til – en í þessum þætti rétt eins og hjá INN erum við laus við hinn þrúgandi tímaramma sem setur mark sitt á annarsstaðar, jafnvel í spjallþáttum á SÝN.

Þessar jaðartilraunir í sjónvarpi sem komust lengst í morgunsjónvarpi Stöðvar 2 á sínum tíma hvað áhorf varðaði voru merkilegar og benda til þess að til sé önnur gerð miðlunar en tíðkuð er á stóru stöðunum fjórum, Stöð 2, RUV, SÝN og Skjánum. Það er verulega slæmt að þær skyldu farast allar – og draga morgunsjónvarpið með sér. Þarna er gat sem gæti fyllst. Stelpuspjallið á INN gefur til kynna hvað gæti gerst.

EKKI MISSA AF



▶ 19.55 Middlesbrough-Sheffield Utd. SÝN



▶ 20.15 Gossip Girl STÖÐ2



▶ 20.20 Ugly Betty SJÓNVARPIÐ



▶ 20.30 Fyrstu skrefin SKJÁREINN



▶ 22.35 Hollywood Uncensored SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Kappflugið í himingimnum e.
- 17.55 Alda og Bára
- 18.00 Disneystundin
- 18.01 Herkúles
- 18.23 Sigildar teiknimyndir
- 18.30 Finnir kostur
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- ▶ 20.20 Ljóta Betty (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tiskutímarit í New York.
- 21.10 Martín læknir (4:7) (Doc Martin) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwallskaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Kiljan Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitgjafar þáttarinn.
- 23.10 Náttúrusýn Alfreds Ehrhardt (Die Nature von Uns) Þýsk heimildarmynd um ljósmyndarann Alfred Erhardt sem tók mikið af myndum á Íslandi.
- 00.05 Kastljós
- 00.40 Dagskrárlök

BIÓ STÖÐ 2 BIÓ

- 06.00 Missing
- 08.00 The Adventures of Elmo in Gro
- 10.00 De-Lovely
- 12.05 I'm With Lucy
- 14.00 The Adventures of Elmo in Gro
- 16.00 De-Lovely
- 18.05 I'm With Lucy
- 20.00 Missing Átakanleg bandarísk kvikmynd sem tilnefnd var til fjögurra Óskarsverðlauna.
- 22.00 North Country
- 00.05 U.S. Seals II
- 02.00 Possible Worlds
- 04.00 North Country
- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Oprah
- 08.50 Í finu formi
- 09.05 The Bold and the Beautiful
- 09.25 La Fea Más Bella
- 10.10 Studio 60 Búið er að ráða nýja stjómendur að spjallþættinum, sem er söguvið þáttarinn, eftir síðasta upphlaup. Pressan er mikil á þeim Matt og Danny að gera strax áþreifynlegar breytingar, en það er hægara sagt en gert.
- 11.15 60 mínútur
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Neighbours
- 13.10 Sisters
- 13.55 Weddings from Hell
- 14.45 Til Death
- 15.10 Grey's Anatomy
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2
- 17.28 The Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbours
- 18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.50 Ísland í dag og íþróttir
- 19.25 The Simpsons
- 19.50 Friends
- ▶ 20.15 Gossip Girl (8:22) Einn heitasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi í dag. Þáttur um líf unga og ríka fólksins í New York, gerður af hinum sömu og gerður The O.C.
- 21.00 The Closer (13:15) Kyra Sedgwick fékk Golden Globe-verðlaun 2007 fyrir túlkun sína á yfirlögrelukonunni Brendu Leigh Johnson sem þarf stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.
- 21.45 Nip/Tuck (7:14)
- 22.30 Oprah (I'm The Other Woman)
- 23.15 Grey's Anatomy
- 00.00 Kompás
- 00.35 Drive By
- 02.15 Weddings from Hell
- 03.05 Nip/Tuck
- 03.50 Gossip Girl
- 04.35 The Closer
- 05.20 Fréttir og Ísland í dag
- 06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SÝN besta sætið

- 07.00 FA Cup 2008 Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.
- 17.00 FA Cup 2008 Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.
- 18.40 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttapáttur þar sem farið er yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggst á bak við tjöldin.
- 19.10 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimri Guðjónssyni.
- ▶ 19.55 FA Cup 2008 (Middlesbrough - Sheffield Utd.) Bein útsending frá leik Middlesbrough og Sheffield Utd. í ensku bikarkeppninni.
- 21.55 Barcelona - Valencia Spænska bikarkeppnin (Copa del Rey 07/08) Útsending frá leik Barcelona og Valencia í spænska bikarum.
- 23.35 PGA Tour 2008 - Hápunktur Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótardönni í golfi.
- 00.30 FA Cup 2008 (Middlesbrough - Sheffield Utd.) Útsending frá leik Middlesbrough og Sheffield Utd. í ensku bikarkeppninni.

SÝN2

- 16.50 Reading - Aston Villa (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Reading og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
- 18.30 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjórnurarnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
- 19.00 Coca Cola mörkin
- 19.30 English Premier League
- 20.30 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en byltung í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tíveikið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, stendur vaktina ásamt vel völdum sparspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.
- 21.55 Leikur vikunnar
- 23.35 Birmingham - Arsenal (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Birmingham og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 07.00 Skólahreysti (e)
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 15.50 Vörutorg
- 16.50 World Cup of Pool 2007 (e)
- 17.45 Rachael Ray
- 18.30 The Drew Carey Show (e)
- 18.50 Less Than Perfect (e)
- 19.00 Skólahreysti (e)
- 20.00 Giada's Everyday Italian Lokaþáttur
- ▶ 20.30 Fyrstu skrefin Að þessu sinni verður fjallað um stórar fjölskyldur. Hvernig er að ala upp fimm börn? Verður einhver út undan? Fá þau öll sama uppeldi? Og hvernig skipuleggur svona stór fjölskylda daginn? Einnig er fjallað um barnaljósmyndun og kíkt í heimsókn á vöggustofu í Hafnarfirði, sem ein fárra slíkra hér á landi.
- 21.00 America's Next Top Model - NÝTT Tíunda fyrirsetuleitin er hafin og 30 stúlkur hefja leikinn.
- 22.00 The Dead Zone
- 22.50 Jay Leno
- 23.35 The Drew Carey Show Bandarískur gamanþáttur um hið sérkennilega möppudýr og flugvallarokkara Drew Carey.

00.00 Boston Legal (e)

- 01.00 Life (e)
- 02.00 NÁTTHRAFNAR
- 02.00 C.S.I. Miami - Lokaþáttur
- 02.45 Less Than Perfect
- 03.10 Vörutorg
- 04.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



HEFST Í KVÖLD KL. 21.00
Á SKJÁEINUM



L'OREAL
PARIS

Í KVÖLD

STÖÐ2 KL. 21
Nip/Tuck



Líklega besta þáttaröðin til þessa sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalækna-anna Sean McNamara og Christian Troy. Eftir að hafa brennt allar brýr að baki sér í Miami ákveða þeir að söðla um og opna nýja stofu í Los Angeles. Það er sérstaklega spennandi þáttur fram undan í kvöld. Sean reynir að öðlast eilífa æsku með sambandi sínu við Eden og eitthvað gerist sem veldur því að Julia efast um samband sitt við Oliviu.



Við mælum með
AMERICA'S NEXT TOP MODEL
Skjáreinn kl. 21

Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitir að næstu ofurfyrirsætu. Tíunda fyrirsætuleitinn er hafin og 30 stúlkur hefja leikinn. Þær setjast á skólabeck og fá kennslu frá Jay Manuel og J. Alexander. Þær þurfa meðal annars að sýna göngulagið á skólagöngunum og sitja fyrir á bekkjarmynd. Þegar kennslunni er lokið fá þær að vita hvort þær hafa staðist prófið eða fengið falleinkunn. Tyra Banks ákveður síðan hverjar verða sendar heim.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.45 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 08.00 Morgunfréttir
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Brot af eilífðinni
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Tónar að nóni
- 15.03 Útvarpsagan: Dauðinn og morgunsgesin
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Stefnumót
- 21.10 Út um græna grundu
- 22.12 Lestur Passíusálma
- 22.20 Af sagnameistararum Knut Hamsun
- 23.00 Gárur
- 00.07 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

- 16.00 Hollyoaks (132:260)
- 16.30 Hollyoaks (133:260)
- 17.00 Hollywood Uncensored
- 17.25 Comedy Inc.
- 17.50 American Dad
- 18.10 The War at Home
- 18.35 The War at Home
- 19.00 Hollyoaks (132:260)
- 19.30 Hollyoaks (133:260)

► 22.35 Hollywood Uncensored Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood? Hér verður öllum spurningum svarað.

- 23.05 Comedy Inc.
- 23.30 American Dad
- 23.50 The War at Home Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglíngana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldramir ekki hlutina með sömu augum og unglíngarnir.

00.15 The War at Home
00.40 Wildfire Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.

01.25 Totally Frank (Hljómsveitarlíf) Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpumar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem biða þeirra.

01.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Mér finnst Kolfína Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen bjóða upp á spjall í anda samræðna kvenna á kvennaklósetti. Björk Jakobsdóttir og Erla Ragnarsdóttir kíkja við ásamt leynigesti.

21.00 Mördur Mördur fær til sín gesti, ræðir stjórnmál og önnur hugðarefni.

21.30 Hvað ertu að hugsa? Guðjón Bergmann ræðir við Árna Sigurðsson, framkvæmdastjóra Stjórnunarfélags Íslands, um bækur og námskeið sem tengjast sjálfsefningu undanfarin fimmtán ár.

DR 1

11.00 TV Avisen 11.10 Kontant 11.35 Aftenshowet 12.05 Aftenshowet 2. del 12.30 Grøn glæde 12.50 Ha' det godt 13.20 Guld og grønne skove 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawsons Creek 15.00 Hjerteflimmer: Pigene mod drengene 15.30 F for Får 15.35 Svampebob Firkant 16.00 AMIGO 16.30 Shanes verden 16.55 Tjulahop - Sebastian 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Hvad er det værd? 19.00 Diagnose søges 19.30 Regentparret besøger Mexico 20.00 TV Avisen 20.25 Penge 20.50 SportNyt 20.55 Flair for mord 22.30 Onsdags Lotto 22.35 OBS 22.40 Seinfeld 23.25 Godt arbejde

NKI

11.00 NRK nyheter 11.10 Eksistens 11.40 Bak lukkede dører: Luftens agenter 12.30 4+4-2: Bakrommet: Fotballmagasin 13.00 V-cup skiskyting: Sprint 10 km menn 14.10 V-cup langrenn: Sprint kvinner og menn 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Svenske slag 16.55 Nyheter på tegnspråk 16.59 Bame-tv 17.00 Nysgjerrige Nils 17.10 Ugler i mosen 17.30 Pingu 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Forbrukerinspektørene 18.55 Sirkusliv 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.40 Vikinglotto 20.45 Sporløst forsvunnet 21.30 Migrapolis 22.00 Kveldsnytt 22.15 Lydverket 22.50 The Wire 23.45 Viten om: Avhengighetens mysterium 0.15 Kulturnytt 0.25 Du skal høre mye jukeboks

SVT 1

11.00 Rapport 11.05 På spåret 12.15 Oskar och Josefine 13.40 Andra Avenyn 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Rapport 15.10 Långskidor: Världscupen 16.00 Packat & klart 16.30 Krokodill 17.00 Bólibompa 17.10 Livet på landet 17.20 Voffy 17.25 Årni 17.30 Hjämkontoret 17.55 Wallace & Gromit: Magnifika mackapärer 18.00 Bobster 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Uppdrag Granskning 20.00 Tv-stjärnan 20.30 Dubbat 21.00 The Tudors 21.55 Långskidor: Världscupen 22.25 Rapport 22.35 Kulturyheterna 22.50 Kungamordet 23.50 Robins 0.20 Entourage



EINKALÍF POTULÍÐSINS POLIR
EKKI DAGSLJÓSIÐ

HEIMUR RÍKU OG FRÆGU KRAKKANNA Í SINNI SVÆSNUSTU MYND.

Gossip Girl - í kvöld kl. 20:15



GOSSIP GIRL - kl. 20:15



THE CLOSER - kl. 21:00



NIP/TUCK - kl. 21:45



„Það er annaðhvort FM 95,7 eða Bylgjan, það eru svona þessar tvær stöðvar. Ég hlusta mest á útvarpið og svo er stundum fínt að hafa sjónvarpið í gangi líka.“

Sólveig Birna Gísladóttir föðunarfræðingur.

| | | | | |
|----|----|----|----|----|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | | |
| 9 | 10 | 11 | | |
| 12 | | 13 | | |
| 14 | | | | 15 |
| 16 | | 17 | | |
| 18 | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | |

LÁRÉTT 2. barningur 6. stefna 8. ringulreið 9. arr 11. kraðak 12. rabb 14. gimsteinn 16. núna 17. angan 18. mælieining 20. á fæti 21. stertur.

LÓÐRÉTT 1. teikniblek 3. bardagi 4. sjöskipt 5. loka 7. duttlungar 10. æxlunarkorn 13. kjáni 15. lítill 16. veiðarfæri 19. tveir eins.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. túss, 3. á 4. sjófalh, 5. lás, 7. tikkur, 10. gró, 13. apl, 15. ilm, 18. erg, 20. tá, 21. tagl.
LÁRÉTT: 2. basl, 6. út, 8. tíá, 9. síg, 11. ós, 12. skat, 14. töpas, 16. nú, 17. smár, 19. net, 19. gr.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

- 1 Lárus Welding hjá Glitni.
- 2 Ingibjörg Gunnarsdóttir.
- 3 55 prósent eru hlynt aðildarumsókn.

Rauðhærðir styðja Friðrik

„Mér finnst ég aldrei hafa náð því að vera rauðhærður, er bara með þetta víkingablóð og held að ég sé reyndar ljós yfirlitum,“ segir Friðrik Ómar Hjörleifsson. Því hefur verið fleygt að annað árið í röð sé fulltrúi Íslands rauðbirkinn eða jafnvel rauðhærður. Af ýmsum eldri myndum má glögg sjá að það



RAUTT EÐA HVAD? Friðrik Ómar er óneitanlega rauðbirkinn.

glittir í rautt hjá Eurovision-faranum og Esther Ösp Gunnarsdóttir, vefstjóri raudhousa.com, hvetur Eurovision-farann til að leyfa rauða litnum að njóta sín ef hann sé til staðar.

Raudhausar.com studdu dyggilega við bakið á Eiríki Haukssyni í fyrra og voru með öflugan kosningavél á bak við hann en Eiríkur var með mikið rautt hár þegar hann söng Valentines Lost í fyrra. „Eiríkur var okkar maður,“ segir Esther í samtali við Fréttablaðið. „Og við hvetjum að sjálfsögðu Friðrik Ómar til að leyfa rauða hárinu að blómstra. Við getum ekki stutt fólk sem fer í felur með lit sinn og er inni í skápnunum með rauða litinn eins og Ásgeir Kolbeins,“ segir Esther. - fgg

Pabbi Gauks ósáttur við dóminn

„Þetta gengur í ættir,“ segir blaðamaðurinn og rithöfundurinn Úlfar Þormóðsson, faðir Gauks Úlfarssonar. Eins og fram kemur framur í Fréttablaðinu var Gaukur dæmdur í héraðsdómi fyrir meiðandi ummæli á blogg síðu sinni í garð upplýsingafulltrúans Ómars R. Valdmarssonar. Gaukur skrifaði færslu undir fyrirsögninni Aðalrasisti bloggheima og fór þar mikinn í gagnrýni sinni á Ómar.

Úlfar var sjálfur dæmdur fyrir guðlast árið 1983 í Spegilmálinu svokallaða og hlaut einnig dóm fyrir klám. Hann hafði nýverið heyrt af dómnum og taldi að héraðsdómur hefði opnað fyrir flóðgáttir. „Ég hugsa nú að dómurinn hafi ekki gert sér grein fyrir því að ef svona ummæli þykja ámælisverð þá hefur hann opnað fyrir foss af svona málaferlum,“ segir Úlfar.

Hann setur jafnframt spurningarmerki við þá niðurstöðu dómsins að ummælin hafi verið meiðandi fyrir Ómar sökum þeirrar stöðu sem hann gegnir, meðal annars sem talsmaður fjölþjóðlegs fyrirtækis og sem ræðismaður El Salvador. „En þetta þýðir þá væntanlega að maður verður að tala varlega um þá sem gegna einhverjum embættum en má segja hvað sem er um aðra,“ segir Úlfar.

Ekki náðist í Gauk sjálfan við vinnslu fréttarinnar. Honum var gert að greiða 300 þúsund krónur í skaðabætur auk þess að borga allan málskostnað eða 500 þúsund krónur.



- fgg

SJALDAN FELLUR EPLIÐ... Úlfar var sjálfur dæmdur fyrir guðlast árið 1983 og nú hefur Gaukur sonur hans verið dæmdur fyrir meiðdyrdi.

ÍSLENDINGAR: KAUPA HUNDRUÐ ÞÚSUNDA VATNSFLASKNA Á ÁRI

Blávatn fyrir 40 milljónir á ári

Íslendingar hafa óheftan aðgang að úrvals blávatni úr öllum krönnum landsins. Það stoppar okkur þó ekki af í að kaupa nákvæmlega sama ókolsýrða blávatnið í plastflöskum. Í boði eru þrjár tegundir af blávatni, Icelandic Spring frá Ólgerðinni, Pure Icelandic frá Vífilfelli og vatnið hans Jóns Ólafssonar, Icelandic Glacial, sem Karl K. Karlsson sér um íslenska dreifingu á. Icelandic Spring er með stærstu markaðshlutdeildina, 55 prósent. Þó vatnið komi úr mismunandi borholum má telja næsta víst að það sé allt eins á bragðið.

Blávatnsdrykkja úr flöskum er ennþá lítil á Íslandi miðað við önnur lönd. Í fyrra seldust 170.000 lítrar af blávatni í stórmörkuðum landsins, 340.000 þúsund hálfslitra flöskur á sirka 100 kall stykkið. Talan hækkar eitthvað ef tekin er með sala í sjóppum og á bensínstöðvum og við getum því gefið okkur að Íslendingar hafi keypt blávatn á flöskum fyrir sirka 40 milljónir í fyrra.

Blávatnsdrykkjan á lítið í sykrðu gosdrykkina. Í fyrra seldust 30 milljón lítrar af gosi í íslenskum stórmörkuðum. Kolsýrt vatn, bæði með og án bragðs, er svo alltaf að verða fyrirferðarmeira á drykkjarmarkaðinum. Í fyrra varð 25 prósent aukning á sölu á því og búist er



VINSÆL NEYSLUVARA Íslendingar kaupa vatn fyrir 40 milljónir króna á ári, jafnvel þó að óheftur aðgangur sé að sama vatni í öllum krönnum landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

við svipaðri aukningu í ár, enda er fólk sífellt að skipta sykraða gosinu út fyrir kolsýrða vatnið, sem er hitaeiningsnautt og passar betur við lífsstíl nútímamannsins. „Ef þessi vatnsdrykkja minnkar neyslu á gosi þá er það jákvætt,“ segir Guðrún Tryggvadóttir hjá náttúran.is – vef umhverfisvitund. „Það eru reyndar vond umhverfisáhrif af því að flytja allt þetta vatn, sérstaklega á milli landa, en plastflöskurnar eru endurvinnanlegar og skila sér í 90 prósentum tilfella í endurvinnslu vegna skilgjaldsins. Vatnið er oft í flottum flöskum og því legg ég til að fólk kaupi sér eina og fylli svo bara á úr krananum.“

gunnarh@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Bubbi Morthens er byrjaður að blogga og hann notar spjalltorgið á aðdáendasiðunni sinni undir hugrenningar sínar. Meðal þess sem Kóngurinn hefur tjáð sig um nýlega er gjöf **Björgólfs** til Rúv („kommon, einn maður gefur 300 milljónir, það vekur upp spurningar. Þá brosa blindu augun, þá brosa lokuðu munnarnir, þá brosa heyrnleysingarnir“) og áfengisvandamál íslenskra pólitíkusa („Ráðherrar, sem gætu hafa þurft að taka ákvarðanir sem skiptu heilli þjóðarinnar miklu máli, gætu mögulega hafa verið hálfir eða þunnir á þingi með hugann við eitthvað allt annað en þjóðmálin“). Bubbi bloggar á bubbi.is.



Rebekka, Gaz-man og hin tröllin í Mercedes club eru nú góðu gæjarnir eftir óheppileg ummæli **Friðriks Ómars** um tömu tunnuna. Hljómsveitin ætlar að hamra járníð á meðan það er heitt og upptökur standa yfir á næsta lagi sem á að koma í kjölfarið á Ho ho ho. Búist er við að lagið fari í spilun eftir 2-3 vikur. Lagið er sungið á íslensku og það gott að talið er fullvíst að það fari beint á toppinn. Stór plata er svo í deigluinni með sumrinu.



Og meira af Mercedes Club. Frægð **Egils „Gillzeneggers“ Einarssonar** virðast fá takmörk sett. Nýjasta afbrigði ótrúlega vinsælda hans er að gerður hefur verið tölvuleikur á Leikjaland.is um goðið. Leikurinn heitir „Gillzenegger í ræktinni“. Tilgangurinn er svo að klæða goðið í þau fót sem þú vilt að hann klæðist þegar hann „rifur í járnin“ í ræktinni.



- glh/hdm

Örvhentir og blindir fagna breytingum

Örvhentir nemendur við Háskóla Íslands taka þeim breytingum sem hafa verið gerðar á nýjum kvikmyndasölum Háskólabíós fagnandi. Ný sæti með borðum fyrir örvhenta hefur verið komið fyrir yst vinstra megin í hverri sætaröð og eiga þeir því auðveldara með það en áður að glósa í fyrirlestrum.

Sætin eru jafnframt sérhönnuð þannig að þau rugga ekki til að þau trufla síður nemendur sem þurfa að glósa. Einnig er rafmagn í hverju sæti til að hægt sé að stinga þar fartölvu í samband. „Ég hef talað við fólk út af nýja bíóinu og það hefur lýst yfir mikilli ánægju með það. Að sjálfsögðu er þetta mikill búbót,“ segir Björg Magnúsdóttir, nýkjörinn formaður Stúdentaráðs. Jón Eiríkur Jóhannesson, rekstrarstjóri kvikmyndahúsa Senu, segir að kennarar hafi einnig lýst yfir ánægju með salina. „Það eru komin ný púlt þar sem þeir geta stýrt ljósum og haft tölvu á einum stað,“ segir hann. „Við höfum átt feikilega gott samstarf við Háskólann í þessum breytingum. Báðir aðilar hafa það



BLINDRALETUR Blindraletur hefur verið sett upp til að auðvelda blindum aðgang að háskólanum.

sameiginlega markmið að hefja húsið upp til fyrri virðingar.“

Auk þess sem örvhentir nemendur fagna breytingunum á söluunum hafa nýjar blindraletursmerkingar í byggingum Háskólans haft góð áhrif. „Áður en háskólatorgið var tekið í notkun voru allar byggingar Háskólans blindraletursmerktar til að vekja athygli á



BJÖRG MAGNÚSDÓTTIR Nýkjörinn formaður Stúdentaráðs fagnar þeim breytingum sem hafa verið gerðar á Háskólabíói.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

því að blindir gætu ekki mögulega komist um. Í kjölfarið skráuðu tveir blindir einstaklingar sig í skólann,“ segir Björg. Til stendur að bæta fleiri blindamerkingum við á háskólatorginu á næstunni til að auðvelda blindum enn frekari aðgengi að Háskólanum. - fb

„Ein vinsælasta leiksýningin á Íslandi“



Pabbinn



SH/BYLGJAN FM989

PANTAÐU MIÐA
STRAX

ALLRA ALLRA
SÍÐUSTU
SÝNINGAR



„Bjarni Haukur fer á kostum í einni fyndnustu leiksýningu á Íslandi“

28. febrúar • 97. sýning
Íslenska óperan kl. 20
Örfá sæti laus

14. mars • 99. sýning
Íslenska óperan kl. 20
Laus sæti

08. mars • 98. sýning
Íslenska óperan kl. 20
Laus sæti

10. apríl • 100. sýning
LOKASÝNING • Íslenska óperan
kl. 20 • Laus sæti

MIÐASÖLUSÍMI 511 4200

www.pabbinn.is

midi.is

THORSSON
PRODUCTIONS



BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur

Lítil þúfa

Ég hef enga hugmynd um hvaðan ókunna konan var að koma eða hvert hún var að fara. Ætlaði kannski að skreppa aðeins í Húsa-smiðjuna án þess að það komi sögunni beint við, eða í bíltúr niður að sjó. Að minnsta kosti ók hún í sólskininu norður Kringlumýrarbrautina, hvorki hratt né hægt, bara svona ósköp hversdagslega. Bíllinn hennar var líka bara svona ósköp hversdagslegur og músargrá. Bar ekki með sér hlutverk orlagavalds frekar en einhver ósköp hversdagsleg músargrá manneskja.

VEGNA þess að þetta var hinn opinberi konudagur hafði honum einkum verið varið í að gleðja minnstu konurnar í fjölskyldunni, sem gátu ekki hugsað sér neitt jafn spennandi og heimsókn í Húsdýragarðinn. Það var líka upplagt í góða veðrinu því seint verður leiðinlegt að skoða loðna hóla sem liggja grafkyrrir bak við hænsnannet og eiga að vera refir. Eða ógnvekjandi humar og pínulitlar ýsur á sundi. Þótt önnur litla konan hefði örmagnast strax við innganginn og orðið tafarlaust að fá sér krú í kerrunni sinni, þá naut hin litla konan lífsins til hins ýtrasta og hinnar sjaldgæfu óskiptu athygli. Einmitt þessi lúr hefði getað orðið sá síðasti. Og óskipt athyglin. En það vissum við ekki þá.

SÖDD af ýsum og refum ókum við heimleiðis í vesturátt við undirleik úr útvarpinu, ræddum ýmsar hugmyndir og nálgumst stóru gatnamótin. Ættum við að fara í heimsókn eða á róló? Kannski bara heim að gera almennilegt kaffi? Einmitt þá truflaði eitthvað einbeitingu ókunnu konunnar sem ók Kringlumýrarbrautina svo hún gleymdi því sem mikilvægast er þeim að muna sem hvorki vilja meidda né meiddast: Að stöðva á rauðu ljósi. Og svo var það orðið of seint.

ANDARTAKINU fyrr á ferðinni hefði okkar bíll ekki fleysjað hennar farþegamegin, hvar enginn sat. Andartakinu fyrr og hennar bíll hefði skolið á okkar þar sem fyrir var heil fjölskylda. Eitt lítið andartak og skyndilega er kannski enginn lúr í kerru meir eða óskipt athygli fyrir lítinn ærslabelg. Eftir upplifun lífshættu er gott að vera þakklátur fyrir grundvallaratriðin sem skipta máli í tilverunni. Að mega setja plástur á lemstraða sálina, halda áfram að takast á við lítilsigldar hversdagsáhyggjur og hella upp á almennilegt kaffi.

GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn
27. febrúar, 58. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádeggi | Sólarlag |
|-----------|-------------|---------|----------|
| Reykjavík | 8.44 | 13.41 | 18.48 |
| Akureyri | 8.34 | 13.25 | 18.18 |

Heimild: Almanak Háskólans



FRÉTTABLAÐIÐ

RAV4 SPORT – með aukahlutapakka að verðmæti 235.000 kr.

Fullbúinn RAV4 tryggir þér fleiri möguleika og færri hindranir á veginum. Nú bjóðum við RAV4 SPORT með veglegum aukahlutapakka, heilsársdekkjum, dráttarbeisli, krómgrilli, aurlífum og skyggðum rúðum, að verðmæti 235.000 kr.

Verð frá 3.230.000 kr.*

Fáðu meira, komdu og reynsluaktu RAV4 SPORT



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjaneshæ
Njarðarbraut 19
Reykjaneshæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

*Bíll á mynd er RAV4 GX og kostar 3.520.000 kr.